

Yfirlitsskýrsla
sendiráðs Íslands
í Brussel



Ágúst til ársloka 2007

EFNISYFIRLIT:

INNGANGUR.....	5
Yfirlit	5
Grunnsáttmálar ESB	6
Stækkun ESB.....	8
Forviðræður um viðskipti með unnar landbúnaðarafurðir.....	11
EES Samningurinn.....	11
ICELAND ON THE EDGE - Fyrirhuguð Íslandshátíð í Brussel 26. janúar -15. júní 2008	11
Dagskrá hátíðarinnar	12
Markaðsmál og kynningar	13
Tengslamyndun.....	15
Að lokum	15
DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL	15
I. SCHENGEN-SAMNINGURINN OG TENGD MÁL	15
1. Almenn	15
2. Samsetta nefndin.....	16
3. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni	16
4. Schengen-úttektir.....	17
5. Schengen-upplýsingakerfið	17
6. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar	17
Þróun SIS II og VIS	17
7. Samningar tengdir Schengen-samstarfinu	19
Samningar um endurvíðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfaáritana.....	19
Aðrir samningar við ESB á döfinni	19
8. Lögreglusamvinna – EUROPOL-PRUM	19
9. Samvinna á sviði sakamála	19
10. Samvinna á sviði varna gegn hryðjuverkum.....	20
II. EES-SAMNINGURINN og tengd mál.....	20
1. Frjáls för launafólks.....	20
2. Samstarf á sviði almannavarna.....	20
III. LUGANÓ- SAMNINGURINN	21
FÉLAGS-, ATVINNU- OG SVEITARSTJÓRNARMÁL.....	22
FÉLAGSMÁL.....	22
Félagsþjónusta í almannabágu.....	22
Áætlanir á sviði félagsmála, vinnumála og jafnréttismála	22
Ár jafnra tækifæra 2007 og barátta gegn fátækt og félagslegri einangrun	22
Aðgerðaáætlun ESB í málefnum fatlaðra 2008-2009	23
JAFNRÉTTISMÁL.....	23
Ný jafnréttistilskipun ESB.....	23
Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins	23
Vegvísir í jafnréttismálum.....	23
Staða og horfur í jafnréttismálum og launamunur kynjanna	23
Tilskipun um jafnræði kynja í þjónustuviðskiptum	24
VINNUMÁL.....	24
Ótilkynnt atvinnustarfsemi	24
„Flexicurity“ stefnumarkandi viðmið fyrir ESB	24
Ný áætlun ESB um öryggi og hollustu á vinnustöðum.....	25
Skýrsla ESB um vinnumarkaðsmál 2007	25
Vinnutímatilskipun enn til umræðu	25
Aðgerðaáætlun til að auka för launþega	25
Samráð um félagslega stöðu launamanna um borð í skipum.....	26
SVEITARSTJÓRNARMÁL	26
HEILBRIGÐISMÁL OG ALMANNATRYGGINGAR	26
HEILBRIGÐISMÁL	27

Áætlanir á sviði heilbrigðismála	27
Heilbrigðisstefna ESB.....	27
Embættismannanefnd um heilbrigðisþjónustu.....	27
Heilbrigðisþjónusta á innri markaði.....	28
Von á tillögu að tilskipun varðandi líffæraflutninga	28
Lýðheilsa.....	28
LYFJAMÁL	29
Ný lyfjalöggjöf	29
Samráðsvettvangur á sviði lyfjamála ofl. – Pharmaceutical forum.....	30
Tillaga frá ESB um lækningatæki.....	30
Samræmdar reglur um sérhæfð lyf.....	31
ALMANNATRYGGINGAR.....	31
Endurgerð reglugerðar um almannatryggingar	31
FJÁRMÁL	31
YFILIT YFIR STEFNU OG AÐGERÐIR EVRÓPUSAMBANDSINS Í SKATTAMÁLUM.....	31
Óbeinir skattar	32
Fyrirtækjaskattar.....	33
Skattlagning sparnaðar og lífeyris.....	33
IÐNAÐARMÁL	34
Orkustefna Evrópusambandsins.....	34
Þriðji orkupakkinn.....	34
Strategic European Technology Plan, SET-PLAN,	35
Viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda,.....	35
Endurnýjanleg orka.....	36
Carbon Capture and Storage (CCS)	36
CIP – Competitiveness and Innovation Programme	37
VIÐSKIPTAMÁL	37
Innri markaðurinn	37
Neytendur.....	38
Löggjöf fyrir lítil fyrirtæki (e Small business Act).....	38
FJÁRMÁLAPJÓNUSTA	38
Grænbók um fjármálaþjónustu fyrir almenning.	38
Menntun og þekking neytenda	39
Veðlánastarfsemi (e. Mortgage Credit).....	40
Fjármálastöðugleiki	40
Galdþol váttryggingafélaga.	40
NEYTENDAMÁL	41
GREIÐSLUMIÐLUN (e. Payment Services Directive)	41
SINGLE EURO PAYMENT AREA, SEPA.....	42
LANDBÚNAÐARMÁL	42
Hin almenna landbúnaðarstefna ESB.....	42
Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir - endurskoðun.....	43
Bókun 3 - endurskoðun.....	43
MATVÆLAMÁL	44
Breytingar á Viðauka I og II við EES samninginn	44
Reglugerð EB nr. 178/2002 um matvæli og Matvælastofnun Evrópu.	45
Heilbrigðisreglur um hollustuhætti og framkvæmd og eftirlit matvælalöggjafarinnar... ..	45
ÖNNUR LÖGGJÖF Í UNDIRBÚNINGI	46
Reglugerð um næringar- og heilsufullyrðingar um matvæli.....	46
Reglugerð um íblöndun bætiefna í matvæli.....	46
Breyting á undanþágu Íslands.....	46
Þjálfunar og kynningarnámskeið.....	47
MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL	48
Nýjar áætlanir	48
Tilskipun um sjónvarp án landamæra.....	48
Tilmæli	48

Orðsendingar	49
Skýrsla um þátttöku Íslands í áætlunum ESB.....	49
Fundir	49
Framkvæmd áætlana.....	50
Annað.....	50
RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN	50
Sjötta rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2002-2006	50
Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013	51
Grænbók um evrópska rannsóknasvæðið.....	51
The Committee for Scientific and Technical Research (CREST)	52
Fundir	52
Annað.....	53
SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL	53
FLUGMÁL	53
Almennt	53
Loftferðarsamningar.....	54
Sameiginlegt Evrópskt loftrými – Single European Sky.....	54
Endurskoðun þriðja pakkans í flugi	55
Flugvallapakinn	55
FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL	55
LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM	56
SIGLINGAMÁL.....	57
Grænbók um málefni siglinga og sjávar.....	57
Þriðji siglingapakinn.....	58
FLUTNINGAMÁL.....	59
Skipulagning flutningakeðjunnar (Freight transport logistics)	59
VEGA- OG UMFERÐARMÁL.....	59
Grænbók um samgöngur í borgum	59
Önnur umferðar- og vegamál	60
FJARSKIPTAMÁL.....	60
Endurskoðun fjarskiptapakans	60
PÓSTMÁL	61
ALMENN SAMGÖNGUMÁL.....	61
Galileo	61
SJÁVARÚTVEGSMÁL.....	62
HELSTU STEFNUMÁL ESB Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS ÁRIÐ 2007	62
Viðskipti með aflaheimildir	62
Brottkast.....	62
Stefna ESB í málefnum hafsins (Maritime Policy)	63
Ólöglegar fiskveiðar (Illegal, Unregulated or Unreported fisheries - IUU)	63
Vernd viðkvæmra hafsvæða	64
Rammtilskipun um umhverfisstefnu hafsins (Marine Strategy directive).....	64
TVÍHLIÐA SAMSKIPTI ÍSLANDS OG ESB Á ÁRINU 2007	64
Fundur háttsettra embættismanna ESB og Íslands um sjávarútvegsmál.	64
Tvíhliða samningur Íslands og ESB um fiskveiðar.	65
UMHVERFISMÁL.....	65
INSPIRE – Tilskipun 2007/2/EB um stofnun innra skipulags um staðbundnar	
upplýsingar í Evrópu.....	65
Umhverfisábyrgð - tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð.....	66
RYK - Þaktilskipun	67
Endurskoðun reglugerðar (EC) No 2037/2000 um ósoneyðandi efni.	68
Áherslur slóvensku formennskunnar í umhverfismálum.....	69

INNGANGUR

Meginhlutverk sendiráðsins er að taka þátt í rekstri EES- og Schengen samninganna, rækja samskiptin við Evrópusambandið (ESB) og aðildarlönd þess, gæta hagsmuna Íslands og reka erindi landsins á þessum vettvangi. Þetta verkefni spannar í raun í meira eða minna mæli öll svið stjórnáslu og stjórn mála á Íslandi. Í samræmi við það eru hin ýmsu fagráðuneyti á Íslandi með fulltrúa í sendiráði Íslands gagnvart ESB. Eftirfarandi skýrsla ber þessa einkenni.

Í þessum inngangi er gerð grein fyrir skipan skýrslunnar, mönnun sendiráðsins og helstu heimsóknum. Þar á eftir er yfirlitskafla, þar sem dregið er á mál sem efst eru á baugi. Þar næst kemur kafla um utanríkis- og öryggismál, en síðan fylgja kaflar um einstök málefnasvið og er þá fylgt ráðuneytaskiptingu á Íslandi. Í þeim er gerð nánari grein fyrir því sem til umfjöllunar er innan sviða hinna ýmsu ráðuneyta. Nokkur mál falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og má þá eftir atvikum finna greinargerðir þar um á fleiri en einum stað. Þessir kaflar skýrslunnar eru teknir saman af fulltrúum viðkomandi ráðuneyta í sendiráðinu.

Á tímabilinu var tekið á móti ýmsum hópum gesta sem gjarnan koma úr ýmsum áttum svo sem úr skólum og á vegum félagasamtaka. Er þetta orðinn reglulegur og ef eitthvað er vaxandi liður í starfsemi sendiráðsins. Er óhætt að fullyrða að meira megi gera af slíku og hvetja bæði opinbera aðila sem einkaaðila að nýta sér þetta í meira mæli þar sem heimsóknir af þessu tagi veita aukna innsýn í það sem er að gerast á þessum vettvangi og hafa kann á endanum bein áhrif á Íslandi og ekki síður opna dyr fyrir hagsmunaaðila á Íslandi. Af heimsóknum má nefna heimsókn á vegum upplýsingaskrifstofu NATO á Íslandi, fulltrúa samtaka atvinnulífsins, fulltrúa frá heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og almannatryggingasviði Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig má nefna að dómsmálaráðherra sótti fundi dóms- og innanríkisráðherra ESB á vettvangi Schengen auk þess sem fjármálaráðherra og menntamálaráðherra áttu fundi með framkvæmdastjórum ESB. Fastir liðir í heimsóknum ráðherranna voru einnig kynningarfundir með stjórnendum EFTA skrifstofunnar í Brussel og Eftirlitsstofnunar EFTA. Þingmannanefnd EFTA fundaði einnig í Brussel á tímabilinu og heimsóttu íslenskir þingmenn sendiráðið af því tilefni.

Þær breytingar urðu á starfsmannahópi sendiráðsins á tímabilinu að Ingimar Sigurðsson hóf störf fyrir umhverfisráðuneytið í stað Þórðar Ólafssonar, Hjördís Hendriksdóttir tók við af Stefáni Baldurssyni sem annar tveggja fulltrúa menntamálaráðuneytis og Högni S. Kristjánsson fluttist til starfa í utanríkisráðuneytinu.

Yfirlit

Á tímabilinu sat Portúgal í stóli formennsku ESB og er almennt mat þeirra sem best fylgjast með starfi ESB að Portúgalir geti vel við unað varðandi framgang margvíslegra mála sem þróuðust eða jafnvel leystust í þeirra formennskutíð. Án efa ber hæst undirritun endurskoðunarsáttmála ESB (Lissabonsáttmálans) sem ætlað er að koma í stað stjórnarskrársáttmálans sem ekki náði fram að ganga svo sem kunnugt er. Einnig má nefna að formennskunni tókst að sigla á milli skers og báru að því er varðar tillögu Frakka um að skipa hóp vísra manna til að horfa í kristalskúlu ESB til framtíðarinnar en sá hópur mun verða leiddur af Felipe Gonzales, fyrrverandi forsætisráðherra Spánar, skipaður alls níu einstaklingum. Er hópnum ætlað að horfa á framtíð ESB til lengri tíma (2020-2030) án þess þó að fjalla um viðkvæm pólitísk atriði eins og frekari stækkun ESB eða fjármál samabandsins. Einnig má nefna að Portúgölum tókst það sem öðrum formenskum undanfarið hefur ekki tekist en það var að koma á leiðtogafundi ESB og Afríkuríkja en slíkur fundur

hafði ekki verið haldinn frá árinu 2002 þrátt fyrir heitstrengingar um annað og samþykktu leiðtogarnir aðgerðaráætlun fyrir Afríku á fundinum. Portúgalir töldu sér einnig til tekna að hafa komið á fót fyrsta formlega leiðtogafundi ESB og Brasilíu. Ekki er síður talið til þeirra afreka að hafa náð að halda aðildarríkjum ESB saman í einni heild í erfiðri stöðu í málefnum Kosóvó.

Af einstökum efnisatriðum má geta að formennskunni tókst að leysa vandmeðfarið mál varðandi fjármögnun gervihnattakerfis ESB, Galileo. Einnig náðist samkomulag um fullt frelsi í pósthjónustu. Því til viðbótar má nefna stærstu stækkun í sögu Schengensvæðisins þegar ákveðið var að fella niður landamæraeftirlit gagnvart 9 nýjum Schengenríkjum. Jafnframt börðu Portúgalir sér á brjóst er þeim tókst að leysa langa deilu aðildarríkja ESB um skilgreiningu á vodka og heimildum til að nota það heiti!

Grunnsáttmálar ESB

Ítarleg grein var gerð fyrir stöðu mála í síðust skýrslu sendiráðsins og þykir mega vísa um flest til þeirrar umfjöllunar að því er varðar aðdraganda málsins.

Ríkjaráðstefnan sem haldin var í framhaldi af leiðtogafundi ESB í júní varð í raun meira eða minna tæknileg vinna lagasérfræðinga aðildarríkjanna fremur en efnislegar samningaviðræður um einstaka þætti. Ástæða þess er einfaldlega sú að það umboð sem lá fyrir frá þjóðarleiðtogum var svo skýrt að verkið sneri meir að því að hnýta lagaleg atriði en að semja um einstaka þætti. Reyndist tiltölulega einfalt fyrir formennsku ESB að leysa síðustu hnútana á leiðtogafundi sambandsins í október en nýr sáttmáli var síðan undirritaður í desember.

Ef nefna á nokkur atriði má draga saman neðangreinda þætti.

Ef horft er til helstu breytinga sem er að finna í breyttum sáttmála ESB má m.a. tiltaka eftirfarandi þætti, en ekki er um tæmandi yfirlit að ræða:

- Haldið er í þá niðurstöðu stjórnarskrársáttmálans að koma á fót sérstöku embætti fulltrúa ESB í utanríkismálum sem mun jafnframt verða varaforseti framkvæmdastjórnar ESB. Heitinu er hins vegar breytt úr “utanríkisráðherra” í “Háttsettur fulltrúi sambandsins í utanríkis- og öryggismálum” (*High Representative of the Union for Foreign Affairs and Security Policy*). Eftir stendur að útfæra þessa breytingu sem kann að reynast þrautin þyngri þar sem hér er í raun verið að færa saman að vissu marki starfsemi ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, en því er ætlað að styrkja starf ESB á alþjóðlegum vettvangi og efla samvinnu stofnana ESB á því sviði. Ekki verður síður flóknara að leysa úr því hver muni taka þetta hlutverk að sér.
- Svonefndur Réttindasáttmáli verður gerður bindandi með sérstakri tilvísun til hans en málum svo fyrir komið að tiltekin aðildarríki geta haldið sig utan þessarar bindingar (Bretland, Írland og Pólland).
- Hlutverk þjóðþinga aðildarríkjanna er styrkt umfram það sem var að finna í stjórnarskrársáttmálanum. Þetta hlutverk snýr einkum að nálægðarreglunni (*subsidiarity principle*) þar sem þjóðþing munu hafa umsagnarrétt um löggjöf sem framkvæmdastjórnin leggur til og komist einfaldur meirihluti þjóðþinga að því að þau telji löggjöf fara gegn þessari reglu þá skuli framkvæmdastjórnin skoða málið á nýjan

leik. Þessu til viðbótar er kveðið á um að ef 55% aðildarríkja í ráðinu eða einfaldur meirihluti Evrópuþingsins telji tillögu ganga lengra en heimildir sáttmála ESB kveða á um sé framkvæmdastjórninni skylt að draga tillöguna til baka.

- Hvað varðar stofnanapátt ESB er ákveðið, auk þess að setja á stofn embætti háttsetts fulltrúa sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, að fastur forseti muni stýra leiðtogaráði ESB og koma fram fyrir hönd ESB út á við (ásamt hinum háttsetta fulltrúa). Er gert ráð fyrir að kjörtímabilið sé tvö og hálf ár og að hann sé valinn af leiðtogaráðinu með auknum meirihluta og þurfi stuðning einfalds meirihluta Evrópuþingsins. Skilyrði er að forsetinn sé ekki meðal sitjandi fulltrúa í leiðtogaráðinu.
- Gert er ráð fyrir breytingum á núverandi kerfi formennsku ESB sem felur í sér að formennska í leiðtogaráðinu mun verða í höndum forseta þess og í utanríkisráðinu í höndum hins háttsetta fulltrúa. Formennska mun að öðru leyti verða í höndum hóps þriggja aðildarríkja á hverju 18 mánaða tímabili. Mun það ekki fela í sér breytingu frá því sem nú er og því mun eitt aðildarríki úr þessum hópi á hverju sex mánaða tímabili stýra öðru starfi sambandsins.
- Varðandi atkvæðavægi er haldið í regluna um tvöfaldan meirihluta (55% aðildarríkja og 65% mannfjölda). Kerfið mun ekki taka gildi fyrir en 2014 og kemur til framkvæmda í áföngum fram til 2017. Til að koma til móts við tiltekið aðildarríki er gert ráð fyrir að svokölluð „Ionnina“ málamiðlun gildi sem felur í sér að hópur aðildarríkja í minnihluta geti fengið ákvörðun frestað.
- Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórum verði fækkað líkt og stjórnarskrársáttmálinn kvað á um. Þar með mun það ekki lengur vera svo að öll aðildarríkin eigi fulltrúa í framkvæmdastjórninni á hverjum tíma. Þetta kemur til framkvæmda frá 2014 og því mun næsta framkvæmdastjórn sem tekur við árið 2009 verða skipuð fulltrúum frá 27 aðildarríkjum. Frá og með 2014 verður hún hins vegar skipuð fulltrúum a.m.k. 18 aðildarríkja. Gert er ráð fyrir að fulltrúar verði valdir með tilteknu fyrirkomulagi og færast á milli aðildarríkja með jöfnum hætti en ekki er fyrirséð hvernig frekari útfærslu þessa verði háttáð en það er í valdi leiðtoga sambandsins að ákveða. Hvað varðar forseta framkvæmdastjórnarinnar er gert ráð fyrir að leiðtogaráðið velji þann fulltrúa en að skipun hans verði háð samþykki/kjöri Evrópuþingsins. Ný framkvæmdastjórn skal svo í heild sinni staðfest af Evrópuþinginu.
- Ákvæðum stjórnarskrársáttmálans sem fólu í sér að fleiri svið en áður yrðu háð meirihlutaatkvæði er viðhaldið í nýjum sáttmála. Er gert ráð fyrir að lagastoð 86 greina í stað 37 geti verið ákvörðuð á grunni aukins meirihluta, sem felur í sér í raun að 95% af löggjöf ESB verði ákvörðuð á grunni meirihlutareglna sambandsins. Tiltekin aðildarríki ESB fá sérlausnir til að koma til móts við þeirra viðhorf á afmörkuðum sviðum, einkum á sviði refsiréttar sem á sama tíma felur í sér að aðildarríkin geta þróað löggjöf á þessu sviði innan ramma ESB þó þau taki ekki öll þátt í því (*opt in/opt out*).
- Á sviði utanríkismála er gert ráð fyrir að haldið verði í ákvæði stjórnarskrársáttmálans um að sett verði á stofn með formlegri hætti en fyrir utanríkisþjónusta ESB (*European External Action Service*). Þessu fylgir þó yfirlýsing þess efnis að slík utanríkisþjónusta

hafi ekki áhrif á fullveldi aðildarríkjanna til að marka sína eigin utanríkisstefnu eða hvernig þau koma fram gagnvart þriðju ríkjum eða alþjóðastofnunum.

- Hvað varðar Evrópuþingið þá ákváðu þjóðarleiðtogarnir að fela þinginu sjálfu að leggja fram tillögur í því efni. Lagði þingið til ákveðnar reglur um skiptingu þingsæta og að hámarksfjöldi sæta yrði 750 og að tiltekið hámark (96) og lágmark (6) yrði sett varðandi einstök ríki. Samþykktu leiðtogarnir tillögu þingsins með þeirri breytingu að einu sæti var bætt við sem féll í skaut Ítala. Þannig verða þingmenn 750 auk forseta þess eða alls 751.
- Hvað varðar einstök efnissvið má nefna að aðildarríkin hyggjast efla samstarf sitt á sviði dóms- og innanríkismála. Til að mæta óskum tiltekinna aðildarríkja verður mögulegt að standa utan samstarfs á sviði refsiréttar með líkum hætti og fyrirkomulagið er t.d. í dag á vettvangi Schengen-samstarfsins.
- Hvað varðar sjávarútvegsmál þá er haldið í þá uppbyggingu stjórnarskrársáttmálans að verndun lifandi auðlinda sjávar sé eingöngu á valdssviði ESB en aðildarríkin fari enn sameiginlega með aðra þætti sjávarútvegs-, sem og reyndar, landbúnaðarstefnunnar. Felur þetta í sér styrkingu á hlutverki ESB að því er varðar vernd fiskistofna.

Stækkun ESB

Rétt er í upphafi að fara nokkrum orðum um það ferli sem viðhaft er í aðdraganda aðildar ríkja að ESB. Hafi ríki sem sótt hefur um aðild að sambandinu ekki samstarfssamning við ESB er gerð slíks samnings ávallt fyrsta skrefið. Þar eru línurnar lagðar um aðlögun að reglum ESB og á því stigi fá ríkin stöðu mögulegra aðildarríkja (*potential candidate country*). Að því búnu og á tilteknum tímamarki er staða ríkja viðurkennd til aðildar (*candidate country*) sem eftir frekari aðlögun leiðir til þess að samþykkt er að hefja formlegar viðræður um aðild. Slíkar aðildarviðræður skiptast í tvö skref; annars vegar það sem nefnt hefur verið “yfirferð löggjafar” þar sem kerfisbundið er farið yfir löggjöf viðkomandi ríkis til að bera hana saman við regluverk ESB. Að þessu loknu, eða eftir atvikum samhliða, eru hafnar samningaviðræður um alls 35 kafla regluverks ESB. Viðræður byggjast á sérstöku umboði aðildarríkja ESB um hvern og einn kafla þar sem öll aðildarríki ESB þurfa einróma að fallast á efni slíks umboðs. Síðan skiptast samningsaðilar á samningsafstöðu með formlegum hætti þar til niðurstöðu er náð um hvern og einn kafla. Niðurstaðan úr þessi ferli kallar síðan á einróma samþykki allra aðildarríkja ESB áður en unnt er að ljúka samningum um hvern og einn kafla. Í tilvikum EFTA ríkjanna má ætla að verklag af þessu tagi myndi ekki verða viðhaft þar sem engin ríki utan ESB hafa þegar aðlagð sig eins náið að regluverki ESB og EES EFTA ríkin. Þó verður að ætla að fara þyrfti eftir þessu ferli að því er varðar þau svið sem eru utan EES- og Schengen-samninganna.

Umræða hefur verið nokkur innan aðildarríkja ESB um frekari stækkun þess. Sumir hafa viljað halda fram að bein tengsl hafi verið milli stækkunar ESB til austurs og þess að Frakkar og Hollendingar kusu að hafna stjórnarskrársáttmála ESB. Þrátt fyrir slíkar kenningar virðist engan bilbug að finna á leiðtogum aðildarríkjanna í átt til frekari stækkunar, svo sem nýleg aðild Búlgaríu og Rúmeníu, sem og yfirstandandi aðildarviðræður við Tyrkland og Króatíu, sýna.

Segja má að frekari stækkun ESB fari nú fram í þremur skrefum. Í fyrsta lagi er um að ræða hinar formlegu stækkunarviðræður sem standa nú yfir við Króatíu og Tyrkland. Í öðru lagi

hefur Makedónía fengið viðurkenningu ESB sem mögulegt aðildarríki en hefur ekki hafið aðildarviðræður. Í þriðja lagi bíða önnur ríki Balkanskaga í röðinni þar sem ESB hefur gefið þeim öllum vilýrði fyrir aðild og hafa þau lokið eða eru í þann veginn að ljúka gerð samstarfssamninga við ESB. Þetta er sá ríkjahópur sem hefur fyrirfram vilýrði fyrir aðild sem felur í sér að aðildarríki ESB yrðu allt að 35.

Framkvæmdastjórn ESB gefur árlega út skýrslur um stöðu mála í ríkjunum sem stefna á aðild þar sem leitast er við að leggja mat á hve langt þau hafa komið til móts við þau skilyrði sem þau þurfa að uppfylla fyrir aðild og meta nauðsynlegar aðgerðir út frá því. Hagsmunir Íslands í þessu efni eru augljósir vegna skyldubundinnar stækkunar EES í kjölfar stækkunar ESB. Er því nauðsynlegt að EES EFTA ríkin fylgist grannt með þróun þessa ferlis ekki síst í ljósi þeirra skuldbindinga sem reynslan sýnir að krafist er af EFTA ríkjunum samhliða stækkun EES-svæðisins.

Framkvæmdastjórn ESB gaf í byrjun nóvember sl. út skýrslur þar sem staða ríkjanna sem stefna á aðild er metin.

Ef fyrst er horft til Tyrklands má segja að nokkur spenna hafi verið í samskiptum Tyrklands og ESB undanfarin misseri. Óhætt er að segja að bakslag hafi orðið af tveimur orsökum. Í fyrsta lagi er vert að hafa í huga að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslna í Hollandi og Frakklandi voru af sumum talin tengd stækkunum ESB og ekki síst áformum um að taka Tyrki inn í sambandið. Í öðru lagi varð afstaða Frakka til að setja strik í reikninginn þar sem nýr forseti Frakklands talaði ákveðið gegn aðild Tyrkja og taldi aðrar lausnir æskilegri til að mynda náið bandalag með Tyrklandi. Deildar meiningar eru meðal fleiri aðildarríkja ESB um hvort Tyrkir eigi yfir höfuð heima í sambandinu. Þá hefur það ekki einfaldað málið að samskipti ESB og Tyrklands hafa verið erfið á undanförunum misserum vegna vanefnda Tyrkja á samningum sínum við ESB að því er varðar opnun hafna og flugvalla fyrir flutninga frá Kýpur á grundvelli samnings Tyrkja og ESB um tollabandalag. Ljóst er að slíkt er brot á samningum Tyrkja og ESB þar sem mismunun gagnvart einstökum aðildarríkjum telst ekki heimil. Hafði ESB gefið Tyrkjum frest til að efna samninginn fyrir leiðtogafund ESB um miðjan desember 2006 ella myndi framkvæmdastjórnin leggja til tilteknar aðgerðir. Ekki náðist samkomulag og því var ákveðið að fresta opnun alls 8 kafla af 35 í samningviðræðum um aðild Tyrkja að ESB. Þeir kaflar sem um er að ræða snúa að tolla- og viðskiptamálum en að því er varðar aðra kafla var ákveðið að viðræður um þá megi opna en þeim yrði ekki lokið fyrr en Tyrkir hafa efnt samningsskuldbindingar sínar. Má því segja að aðildarviðræður Tyrkja séu í raun í biðstöðu, þar sem þeim verður ekki lokið við núverandi aðstæður. Fram til þessa hafa viðræður verið hafnar um fjóra kafla.

Hins vegar virðist sem Króötum gangi vel í sínum aðildarviðræðum sem nú standa yfir. Hafa Króatar þegar opnað viðræður um nokkurn fjölda kafla og setja sér enn það markmið að aðildarviðræðum geti lokið á árinu 2009. Flestir telja það þó óraunhæft, ekki síst vegna þess að almenn samstaða er um það innan ESB að koma nýjum sáttmála í höfn áður en frekari stækkun sambandsins komi til framkvæmda, sem ekki verður fyrr en 2009 ef allt gengur eftir. Þá eru blikur á lofti í kjölfar ákvörðunar Króatíu um verndun fiskveiðisvæðis í Adríahafi, sem kom til framkvæmda 1. janúar 2008. Olli Rehn, framkvæmdastjóri stækkunarmála innan sambandsins, hefur sagt að þessi ákvörðun geti haft slæmar afleiðingar á aðildarviðræður Króata, en ESB segir að með þessari ákvörðun brjóti Króatar reglur sambandsins, sem þeir hafi ákveðið að gangast undir.

Aðildarviðræður Makedóníu eru ekki hafnar, en segja má að ríkið sé nú á endaspretti. Framgangur viðræðanna er fyrst og síðast í þeirra eigin höndum, en það er mat framkvæmdastjórnarinnar að ákveðin kyrrstaða sé nú hvað varðar nauðsynlega þróun mála í landinu.

Í nýjum skýrslum framkvæmdastjórnar ESB um framangreind ríki kemur almennt fram að hægt hafi á þróun mála í átt til þeirra viðmiða sem ESB setur fyrir lokum samningaviðræðna og aðild að ESB. Má því segja að nýtt mat ESB vekir ákveðin vonbrigði um þróun mála fyrir þessi ríki. Þó er almennt viðurkennt að ríkin haldi öll áfram að fullnægja pólitískum skilyrðum aðildar og því standi svonefnd Kaupmannahafnarskilyrði¹ ekki í vegi aðildar þeirra. Auk þess er þeim flestum hrósað sérstaklega fyrir efnahagslegar framfarir þar sem m.a. hagvöxtur er vel yfir meðallagi í flestum ríkjum.

Hvað varðar Króatíu kemur fram að enn skortir nokkuð upp á að stjórnsýsla innanlands standi undir kröfum aðildar, einkum og í sér í lagi á sviði dóms- og innanríkismála og að því er varðar baráttu gegn spillingu, stöðu minnihlutahópa og flóttamanna. Auk þess er bent á atriði er tengjast svæðisbundnum deilumálum (við Slóveníu og Ítalíu) sem taka þurfi á.

Það eru ekki einvörðungu Makedónía, Króatía og Tyrkland sem stefna á aðild að ESB þó þeirra braut sé vissulega greiðari en annarra. Öllum ríkjum Balkanskaga (Serbíu, Svartfjallalandi, Albaníu, Bosníu-Hersegóvínu og eftir atvikum Kosóvó) hefur verið lofað aðild að ESB til lengri tíma litið að uppfylltum hefðbundnum skilyrðum.

Ef litið er til stöðu einstakra ríkja þá er staða Albaníu einna best þar sem ríkið hefur þegar í gildi samstarfssamning við ESB. Er ESB almennt ánægt með þróun mála í Albaníu en ríkið hefur hins vegar svipuð vandamál og önnur ríki á svæðinu á sviði réttarfarsmála auk aðlögunar að löggjöf ESB á einstökum sviðum.

Hvað varðar Bosníu-Hersegóvínu þá hefur samstarfssamningur nýlega verið áritaður. Lengi hafði verið stefnt að því en ESB kaus að ljúka honum ekki fyrr en yfirvöld í ríkinu hefðu lokið endurskipulagningu lögreglu og réttarfarskerfis innanlands, en á því stóð lengi vel vegna pólitískra deilna innanlands. Að sama skapi er lögð áhersla á samstarf við stríðsglæpadómstólinn í Haag.

Svartfjallaland er nýlega orðið sjálfstætt ríki en þegar hefur verið áritaður samstarfssamningur sem koma mun til framkvæmdar innan tíðar. Er mikilvægast fyrir ríkið að hraða nú þegar aðlögun sinni að löggjöf ESB. Mun það ekki síst beinast að því að styrkja innviði stjórnsýslunnar, einkum styrkja réttarfarskerfið og baráttu gegn skipulagðri afbrotastarfsemi og spillingu.

Hvað varðar Serbíu þá hefur samstarfssamningur við ESB verið áritaður, en viðræður lágu niðri um nokkurt skeið vegna skorts á samstarfi við dómstólinn í Haag. Serbía fær hrós fyrir markverðan árangur í efnahagsmálum m.a. að því er varðar erlenda fjárfestingu. Ákveðinn framgangur hefur verið varðandi þróun í stjórnsýslunni og ljóst er að hún er vel undir það

¹ Stjórn mála skilyrði lúta að stofnanalegum þáttum er tryggja lýðræði, réttarreglu, mannréttindi, virðingu og vernd fyrir réttindum minnihlutahópa. Efnahagsleg skilyrði lúta að tilvist markaðshagkerfis, svigrúm til að takast á við áföll og samkeppni á markaði innan ESB. Ríkin þurfa að samþykkja regluverk ESB og uppfylla þær kröfur sem fylgja aðild að sambandinu, m.a. vera samþykkt markmiðum ESB í stjórn mála og efnahagsmálum, sem og hvað varðar myntbandalagið.

búin að standa í flóknum og erfiðum samningaviðræðum. Því eru vísbendingar um að Serbía geti náð öðrum ríkjum á svæðinu fljótt þegar öðrum hindrunum hefur verið rutt úr vegi. Er ályktun leiðtoga ESB á fundi þeirra í desember sl. í samræmi við þetta þar sem gefið var til kynna að unnt sé að hraða ferli Serbíu í átt til aðildar. Enn ein hindrun í veginum eru þó málefni Kósóvó.

Að lokum hefur Kósóvó einnig verið lofað framgangi að því er varðar aðild að ESB sem veltur hins vegar á framtíðarstöðu héraðsins í alþjóðasamfélaginu. ESB hefur stutt að fullu við bakið á héraðinu, m.a. í viðræðum um stöðu þess, og er reiðubúið að senda á vettvang fridargæslulið til þess að aðstoða við að koma réttarkerfinu á réttan kjöl sem reynslan sýnir að er grundvallaratriði í átt til aðlögunar að regluverki ESB. Yrði það stærsta aðgerð af því tagi í sögu ESB.

Forviðræður um viðskipti með unnar landbúnaðarafurðir

Líkt og getið hefur verið í fyrri skýrslum hefur nú komið til framkvæmda samningur ESB og Íslands um viðskipti með hefðbundnar landbúnaðarafurðir. Ísland ákvað að láta ekki þar við sitja heldur hefja einnig viðræður um viðskipti með unnar landbúnaðarafurðir sem er hluti af EES samningnum. Þær viðræður standa enn yfir.

EES Samningurinn

Tuttugasti og áttundi fundur EES ráðsins var haldinn 20. nóvember í Brussel undir forsæti Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra. Undir liðnum pólitískt samráð var fjallað um málefni Kósóvó, Miðausturlanda og Súdan (þ.m.t. Tjad og miðafrikulýðveldið). Að því búnu var haldinn hinn hefðbundni EES ráðsfundur þar sem fjallað var um framkvæmd EES samningsins og þau mál sem efst eru á baugi í EES samstarfinu².

Á tímabilinu tók sameiginlega EES nefndin **99** ákvarðanir sem felldu **310** gerðir inn í EES samninginn. Að venju var mikill meirihluti þessara ákvarðana tæknilegar breytingar á reglum á sviði matvælamála.

Af vettvangi EES bar að öðru leyti hæst að það tókst að ljúka meðferð margra erfiðra mála. Þar er um að ræða þrjú mál sem fjallað hefur verið um í fyrri skýrslum og varðar frjálsa för fólks, viðskipti með útblástursheimildir og matvælalöggjöf ESB,

ICELAND ON THE EDGE - Fyrirhuguð Íslandshátíð í Brussel 26. janúar -15. júní 2008

Undirbúningur fyrirhugaðrar Íslandshátíðar í Brussel sem haldin verður frá febrúar til júní 2008, miðar vel áfram. Markmið hátíðarinnar er að efla ímynd Íslands á alþjóðlegum vettvangi með heilstæðri dagskrá sem samanstendur af *menningarhátíð, ferða- og ráðstefnukynningu, viðskiptakynningu og orkukynningu*. Samstarfsaðili verkefnisins er stærsta menningarmiðstöð Belgíu - BOZAR. Miðstöðin er afar virt og vel sótt (yfir milljón gestir 2005). Auk BOZAR er eitt vinsælasta tónlistarhús Belgíu, Ancienne Belgique, samstarfsaðili hátíðarinnar á vettvangi popp- og rokktonlistar.

² http://www.consilium.europa.eu/ueDocs/cms_Data/docs/pressData/en/er/97176.pdf

Sendiráðið hóf mótun og þróun verkefnisins í mars 2006 en hefur síðan þá fengið fjölmarga til samstarfs; menntamálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, samgönguráðuneytið, Ferðamálastofu, Reykjavíkurborg og Útflutningsráð. Landsbanki Íslands er máttarstólpi verkefnisins og Icelandair/Icelandair Cargo eru samstarfsaðilar þess. Samvinnu milli þessara aðila er þannig háttað að sendiráðið hefur yfirumsjón og sér um samhæfingu verkefnisins en vinnur einstaka þætti í náinni samvinnu við ofangreinda fagaðila.

Tímabilið frá júní til desember 2007 hefur fyrst og fremst einkennst af endanlegri mótun dagskrár hátíðarinnar og því að koma í farveg vinnslu eintaka viðburða hennar til undirverktaka/listamanna. Vinna við markaðs og kynningarmál hefur einnig skapað stóran sess. Til viðbótar stendur upp úr sú víðtæka tengslamyndun sem átt hefur sér stað milli íslenskra og belgískra aðila á þessu tímabili.

Dagskrá hátíðarinnar

Dagskrá hátíðarinnar er nánast fullmótuð. Undirbúningur atriða er að komast á lokastig enda stutt í opnun hátíðarinnar. Verkefnisstjórn menningardagskrár (sendiráðið, menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg) hefur mótað dagskrána eftir tillögum frá BOZAR og Ancienne Belgique en menntamálaráðuneytið er lykil samstarfsaðili í framkvæmd hennar. Þess ber að geta að fulltrúar frá BOZAR sóttu Ísland heim í þeim tilgangi að velja efni fyrir hátíðina á fyrri hluta árs 2007 og á seinni hluta ársins hefur listrænn stjórnandi Ancienne Belgique farið í sambærilega ferð vegna tónlistardagskrár hátíðarinnar. Hér að neðan má sjá lokadrög dagskrár:

Sýningar:

- | | |
|-------------------------|--|
| 26. febrúar - 27. apríl | <i>Dreams of Sublime and Nowhere in Icelandic Contemporary Art.</i>
Nútímalistasýning sem unnin er í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur og verður hluti af Listahátíð í Reykjavík 2008. |
| 26. febrúar – 9. apríl | <i>Blue transmission</i> , verk Kristjáns Guðmundssonar |
| 26. febrúar - 25. apríl | Rúri. Fossaföll, innsetning í Hortasal BOZAR,
Verk áður sýnt á Kjarvalsstöðum. |
| 26. febrúar – 27. apríl | Þrjár kynslóðir íslenskra málara: Kjarval, Kristján Davíðsson og Georg Guðni Hauksson. |
| 15. apríl - 15. júní | Nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið.
Sýning Portusar frá Feneyjum (unnin út frá þeirri sýningu). |
| 15. apríl – 15. júní | Drykkjarhorn - Sýning unnin í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og verður sýnd þar eftir veru sína í BOZAR. |

Viðburðir:

- | | |
|-----------------|--|
| 5 x. jan./feb. | Sjónvarpsþættir um Ísland sýndir í Belgíu (Flanders on Holiday).
Teknir upp sumarið 2007. |
| 6. -10. febrúar | <i>Brussel Holiday Show</i> : Kynning á Íslandi sem áfangastað. |
| 15. febrúar | <i>Iceland Airwaves</i> - U.þ.b. 5 íslenskar hljómsveitir taka þátt. |
| 26. febrúar | Opnun <i>Iceland on the Edge</i> . |
| 27. febrúar | Bókmenntakvöld: Halldór Laxness, Hallgrímur Helgason og Auður Jónsdóttir. |
| 27. febrúar | Kvikmyndin 101 Reykjavík eftir bók Hallgríms Helgasonar sýnd. |
| 28. febrúar | Kvikmyndirnar Hafíð og Mýrin sýndar.
Umræður með Baltasar Kormáki. |
| 29. febrúar | Þjóðleikhúsið: Pétur Gautur. |
| 1. mars | Þjóðleikhúsið: Pétur Gautur. |
| 8. mars | Iceland Airwaves: Um 5 íslenskar hljómsveitir taka þátt (haldið í Ancienne Belgique). |

14. mars	<i>Mysteries of Love</i> - Nútímadans eftir Ernu Ómarsdóttur.
30. mars	Tónlist eftir Flosa Þorgeirsson og Jóhann Jóhannsson. BOZAR SUNDAY MORNINGS – Dagskrá fyrir börnin og „Rising star“ hádegistónleikar: Elfa Rún Kristinsdóttir and Francesco Corti.
3. apríl	Orkudagur (ráðstefna): <i>Rich in Renewable</i> - Fyrirlestradagur um Ísland og sjálfbæra orku. Unnið í samvinnu við Samorku.
7. apríl	Íslenski dansflokkurinn . Dansflokkurinn sýnir verkin „Happy New Year“ og „Open Source“.
15 . apríl	Tvær vinnustofur haldnar undir stjórn Ráðstefnuskrifstofu Íslands. Markaðssetning á Íslandi sem ráðstefnukosti og kynning á nýja TRH. Íslensk ferðamála fyrirtæki taka þátt í kynningunni.
15. apríl	Málþing um Ísland og alþjóðasamstarf (dagsetning óstaðfest) í samvinnu við <i>European Policy Centre</i> .
30. maí	<i>Edgy Bad Taste Evening: Cross Media/literature/music</i> - kvöld undir stjórn Sjón og Einars Arnar Benediktssonar. Sjónum beint að ungum listamönnum sem hafa rætur í /vinna með fleira en eitt listform. Um 20 listamenn úr ólíkum áttum taka þátt í þessum viðburði.
30 maí ≈ 5. Júní	Kvikmyndahátíð og galakvöld. Sjónum sérstaklega beint að ákveðnum leikstjórum og málstofur með leikstjórunum um myndirnar.
8. júní	BOZAR SUNDAY MORNINGS – dagskrá fyrir börnin og „Rising star“ hádegistónleikar: Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir söngkona og Víkingur Heiðar Ólafsson pianóleikari.

Við ofangreinda viðburði bætast viðburðir þeirra einkafyrirtækja sem taka þátt í verkefninu og aðrir minni viðburðir sem eru á vinnslustigi.

Markaðsmál og kynningar

Mikil vinna hefur verið lögð í markaðsmál seinnihluta ársins 2007. Mótuð var heilsteypt markaðsáætlun í ágúst/september 2007 og hefur henni verið fylgt síðan. Þess ber þó að geta að fyrstu útgáfu með efni um hátíðina litu dagsins ljós í mars 2007 þegar heilsárs dagskrár BOZAR voru gefnar út, samtals í u.þ.b. 56.000 eintökum. Hér að neðan eru dæmi um þær aðgerðir og þá viðburði sem átt hafa sér stað seinni hluta ársins 2007 eða eru í vinnslu þessa stundina:

- Útgáfa og dreifing kynningarbæklinga: 30.000 bæklingar um hátíðina voru gefnir út í ágúst sl. og er dreifingu þeirra nú lokið. Ný útgáfa í 15.000 eintökum var prentuð í desember.
- Samstarf við ferðaskrifstofur – útgáfa kynningarefnis: Í samvinnu við Icelandair og nokkrar belgískar ferðaskrifstofur hefur verið gefinn út kynningarbæklingur sem dreift með öllum seldum miðum á hátíðina og þar sem hún er kynnt. Markmiðið er að markaðsetja Ísland sem áfangastað.
- Málþing í Útflutningsráði: Haldið var málþing um viðskiptatækifæri í Belgíu í samvinnu við Útflutningsráð í október sl. Framkvæmdastjóri *Invest in Brussels* og ræðismaður Íslands í Vallóníu héldu m.a. framsögu. Á málþinginu var *Iceland on the Edge* kynnt sérstaklega og tækifæri tengd hátíðinni. Kynningin var hluti af viðskiptahluta verkefnisins.
- Blaðamannaferðir til Íslands Tæplega 20 blaðamenn frá öllum helstu miðlum Belgíu héldu í 4 daga ferð til Íslands í okt. sl. Hópurinn samanstóð af ritstjórum eða lykilmönnum frá öllum helstu fjölmiðlum Belgíu, t.d. *Le Soir, De Standaard, De Morgen* og *Elle*. Með

hópnum í för voru einnig fulltrúar frá markaðsdeild BOZAR sem sjá um að markaðsetja hátíðina 2008. Sérsvið blaðamannanna var ólíkt, allt frá menningu til viðskipta, enda markmiðið að ná fram sem viðamestri umfjöllun um það sem Ísland stendur fyrir og auglýsa hátíðina í Brussel á næsta ári um leið.

- Gerð bloggsíðu: Unnið hefur verið að gerð bloggsíðu um íslensku hátíðina. Markmið hennar er að skapa lifandi tengsl milli þátttakenda Iceland on the Edge og Íslandsáhugamanna. Síðan verður opnuð í desemberlok undir léninu www.bozar.be/blog/iceland
- Vinnsla heimasíðu: Unnið hefur verið efni á heimasíðu BOZAR <http://www.bozar.be/activity.php?id=7552>.
- Gerð sjónvarpsauglýsingar: Unnið er að gerð 20-30 sekúndna sjónvarpsauglýsingar um hátíðina sem sýnd verður í jan./feb. 2008 og svo reglulega á meðan hátíðin stendur yfir.
- Samningur við Belgacom: BOZAR hefur gert samkomulag við símafyrirtækið Belgacom um að kynningarefni um hátíðina berist til 230.000 viðskiptavina þess í febrúar 2008.
- Þátttaka í kynningarviðburðum: Kynning á hátíðinni (plaköt, bæklingar og fl.) hefur verið fléttað saman við kynningarhátíðir sem BOZAR tekur þátt í t.d *Bulletin Event, Salon de l'Education à Namur Fair* (hátíð fyrir kennara og skóla), *Sound & Music* kynningardaga, *Famiboom* (hátíð fyrir 35.000 fjölskyldur og fl.). Margar sambærilegar kynningar eru í uppsiglingu.
- Birt umfjöllun/greinar: Umfjöllun um hátíðina er komin inn á ýmsar heimasíður s.s: *Tourism Wallonia, Taylis, Longer Jeune, Tourism Brussels, Cultuurweb* og *Agenda*. Jafnframt hafa greinar haldið áfram að birtast í dagblöðum og tímaritum í tengslum við hátíðina t.d. má nefna heilsíðugrein um *Iceland Airwaves* í dagblaðinu *De Morgen* og fimm síðna viðskiptagrein sem birtist í *Trends* í október sl.
- Jólin í BOZAR og Ísland: Í tengslum við árlega jólatónleika belgísku símfóníuhljómsveitarinnar í BOZAR var haldin plakatasýning um íslensku jólasveinana í BOZAR til að kynna *Iceland on the Edge*. Íslensku jólasveinarnir mættu á staðinn og er börnin gátu fengið mynd af sér með þeim. Jafnframt var haldinn jólaleikur um *Iceland on the Edge* þar sem börnum gafst kostur á að vinna sér inn bók um íslensku sveinana á ensku/frönsku. Til viðbótar var gefið út kynningarefni um hátíðina og sveinana sem dreift var á staðnum. Auglýsing um ofangreindan viðburð var send til 10.500 manna þar af 1.500 fjölmiða tengiliða. Einnig birtist umfjöllun í desember eintaki BOZAR Magazine sem gefið er út í tæplega 80.000 eintökum.
- Gerð gjafavara: Í samvinnu við Reykjavíkurborg og Ferðamálastofu verða gerðar 3.000 *Iceland on the Edge* gjafapakningar sem hafðir eru utan um gjafabréf sem seld eru hjá BOZAR. Þegar hefur BOZAR látið útbúa sérstakar *Iceland on the Edge* kynningargjafir fyrir blaðamenn.
- Sýning í höfuðstöðvum framkvæmdastjórnar ESB: Sendiráðið stendur fyrir sýningu á ljósmyndum Páls Stefánssonar í Berlaymont, höfuðstöðvum framkvæmdastjórnar ESB nú í desember. Markmiðið er m.a. að auglýsa *Iceland on the Edge* en um 2.000-2.500 manns fara um svæði sýningarinnar daglega, bæði starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar og þeir fjölmörgu sem koma að starfsemi hennar. Tilkynning um hátíðina hefur m.a. verið send út til 25.000 starfsmanna framkvæmdastjórnarinnar og plakötum með merki hennar dreift í allar 72 byggingar hennar. Sendiráðið stendur að auki fyrir kynningarbás með ýmsu efni um Ísland og hátíðina á meðan á sýningunni stendur og sýndar eru heimildamyndir á hádegistíma.
- Blaðamannafundur: Undirbúningur stendur yfir fyrir aðal blaðamannafund hátíðarinnar sem haldinn verður 22. janúar 2008. Á honum verður öll dagskrá hátíðarinnar kynnt. Auk þessa fundar munu 2-3 aðrir blaðamannafundir eiga sér stað yfir hátíðina. Blaðamönnum verður síðan boðið á hvern og einn viðburð hennar.
- Íslenskt efni í BOZAR shop: Í farvatninu er samvinna á milli sendiráðsins og verslunar BOZAR um sölu og kynningu á íslenskum vörum á meðan á hátíðinni stendur.

Framundan er mikil vinna í markaðmálum þar sem plakataherferð í Brussel (m.a. á strætóskýlum), auglýsingaherferðir í fjölmiðlum (ljósvaka-, prent- og vefmiðlar) og fl. hefst af fullum krafti eftir áramót. Mun markaðssetningin nú ekki síst beinast að einstökum viðburðum og verður gefið út sérstakt efni um hvern og einn þeirra, mismikið eftir stærð og eðli hvers viðburðar. Að mati sendiráðsins hefur markaðsvinnan seinnihluta ársins 2007 sýnt hversu mikið lykilatriði það er að hátíðin er unnin með jafn vel tengdum og reynslumiklum aðila í markaðsmálum og BOZAR er.

Tengslamyndun

Eitt af markmiðum verkefnisins *Iceland on the Edge* var að efla tengsl sendiráðsins og íslenskra þátttakenda verkefnisins á þeim sviðum sem það nær til. Tengslamyndun er mikilvæg þar sem tengsl skapa í raun varanleika verkefnisins og leggja grunn að frekari samvinnu í framtíðinni. Vel hefur tekist til á þessu sviði að mati sendiráðsins, nægir hér að nefna öll þau tengsl sem skapast hafa milli íslenskra listamanna/listastofnana og erlendra samstarfsaðila, á milli sendiráðsins og fjölmiðlafólks/lista-,viðskipta og fræðastofnana, á milli viðskiptastofnana í Belgíu og Útflutningsráðs svo fátt eitt sé nefnt.

Að lokum

Hér að ofan var fjallað um þá vinnu við *Iceland on the Edge* sem einkennt hefur tímabilið frá júní til desember 2007. Líkt og fjallað var um hefur vinnan fyrst og fremst einkennst af endanlegri mótun dagskrá hátíðarinnar og vinnu við að koma hverjum og einum viðburði í framkvæmd. Markaðs- og kynningarmál hafa jafnframt skapað stóran og árangursríkan sess, enda samvinna við BOZAR mikil og góð. Til viðbótar þá hefur sendiráðið víkkað og eflt tengslanet sitt og komið á fjölmörgum tengslum sem vonandi eiga eftir að skila sér í framtíðinni.

Tímaáætlun hefur í nær öllum tilfellum staðist og árangur yfirleitt verið í samræmi eða farið fram úr settum markmiðum. Verkefnið hefur vaxið og dafnað frá því að lagt var af stað og er nú orðið eitt stærsta slíkt verkefni sem stjórnvöld hafa ráðist í.] Í fjóra mánuði verður Ísland áberandi í Brussel og því líklegt að bein og óbein áhrif slíkrar kynningar verði mikil. Hafa ber í huga í þessu samhengi að ekki er eingöngu verið að ná til Belga því um 30% íbúa Brussel eru erlendir og tengjast alþjóðastarfseminni sem einkennir borgina. Hátíðin nær því til mikilvægs alþjóðlegs markhóps á tiltölulega afmörkuðu svæði. Undirstrika má að lykkillinn á bak við árangurinn sem náðst hefur í verkefninu er góð samvinna við þá mörgu fagaðilar sem leggja hönd á plóginn í þessu verkefni. Hér er bæði átt við íslenska lykilaðila s.s. menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg sem og belgísku samstarfsaðilana hér í Brussel.

DÓMS- OG INNANRÍKI SMÁL

I. SCHENGEN-SAMNINGURINN OG TENGD MÁL

1. Almenn

Starf fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í Brussel felst sem fyrr öðru fremur í að sinna samsettu nefndinni í ráðherraráðinu, sem fjallar um þróun og beitingu Schengen-regluverksins. Á tímabilinu, þ.e. síðari hluta ársins 2007, hefur ráðuneytið haft tvo starfsmenn í sendiráðinu. Schengen-samstarfið er enn óaðskiljanlegur þáttur af starfi Evrópusambandsins á sviði dóms- og innanríkismála og vægi sviðsins í pólitískri stefnumótun ESB er mikið. Þungamiðjan á sviðinu er að skapa í raun svæði frelsis, öryggis og réttlætis í Evrópu. Eitt

mikilvægasta pólitíska málið á sviðinu og það mikilvægasta í Schengen samstarfinu á tímabilinu, var stækkun Schengen-svæðisins. Níu ný ríki hófu fulla þátttöku í samstarfinu og er það umfangsmesta stækkun svæðisins sem gerð er í einu lagi frá upphafi. Í fullu samstarfi felst að persónueftirlit er afnumið á innri landamærum þátttökuríkjanna og sameiginlegar reglur gilda um vörslu ytri landamæra. Opnun landamæra milli aðildarríkjanna kallar á náð samstarf lögreglu og annarra yfirvalda og greið skipti á upplýsingum þeirra á milli.

Undanfarin ár hafa 15 ríki tekið fullan þátt í samstarfinu (13 ríki ESB, auk Íslands og Noregs), en aðildarríkjunum fer nú hratt fjölgandi. Þann 21. desember 2007 voru landamæri þessara 15 ríkja og níu nýrra ESB ríkja opnuð á landi og á sjó, en opnun innri landamæra Schengen-ríkjanna á flugvöllum var frestað til 30. mars 2008, þegar flugfélögin skipta almennt yfir í sumaráætlun. Það kemur í hlut Slóveníu sem tók við formennsku í Evrópusambandinu 1. janúar 2008 að leiða þennan síðari hluta þessa mikla stækkunarferlis, þegar landmærin opnast á flugvöllum í mars. Eftir stækkunina er landsvæði Schengen ríkjanna tuttugu og fjögurra samtals 3,6 milljónir ferkílómetra sem unnt er að ferðast um án landamæraeftirlits. Þótt almennt sé litið á stækkun Schengen svæðisins sem framfaraspor eru tilfinningar þó blendnar. Ljóst er að yfirvöld í eldri Schengen ríkjunum munu leitast við að nýta allar heimildir til lögregluftirlits á næstunni meðan reynsla kemst á hvort stækkunin hafi áhrif á innra öryggi á svæðinu. Fregnir hafa borist af því að austurríski herinn muni hafa verið fenginn til að aðstoða lögreglu þar við eftirlit í nágrenni eldri ytri landamæra á næstunni. Haft hefur verið eftir forstjóra Landamærastofnunar að stækkunin nú sé merki um það að ráðamenn telji frjálsta för skipta meiru en öryggi á svæðinu sem markmiðið er að verði svæði frelsis, öryggis og réttlætis.

Gert er ráð fyrir að þátttökuríki Schengen verði 25 eða jafnvel 26 í nóvember 2008, þegar Sviss bætist við og væntanlega einnig Liechtenstein um leið. ESB ríkin Kýpur, Rúmenía og Búlgaría hafa einnig lýst yfir vilja til fullrar þátttöku í Schengen á næstu árum og er nú gert ráð fyrir þeirri viðbót árin 2010-2011. Full þátttaka í Schengen, með opnun landamæra, er ekki enn á döfenni fyrir ESB ríkin Bretland og Írland.

2. Samsetta nefndin

Tillögur að gerðum á sviði dóms- og innanríkismála eru oft þróun á Schengen-gerðunum og er því fjallað um þau mál í samsettu nefndinni, en hún var mynduð til að vera vettvangur þróunar og framkvæmdar Schengen reglna eftir að Schengen samstarfið var fært undir hatt Evrópusambandsins árið 1999. Í samsettu nefndinni eiga nú sæti, auk aðildarríkja ESB, Ísland, Noregur og Sviss og kemur hún saman á öllum stigum meðferðar mála, frá vettvangi sérfræðinga og embættismanna að vettvangi ráðherra. Fundir ráðherra í samsettu nefndinni á tímabilinu voru þrjár, í september, nóvember og desember. Það er dóms- og kirkjumálaráðherra sem situr í nefndinni af hálfu íslenskra ráðherra.

Samstarfið í samsettu nefndinni hefur almennt gengið vel og þykir breytt verklag í samsettu nefndinni á vettvangi sendiherra og ráðherra þegar hafa gefið góða raun. Í því felst að tryggt er að Schengen-málefni verða alltaf rædd efnislega í samsettu nefndinni áður en ESB ríkin taka þau til formlegrar samþykktar, en fundum sendiherra og ráðherra í samsettu nefndinni verður alltaf stýrt af formenskuríki ESB.

3. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni

Fjöldi mála á ýmsum stigum er á hverjum tíma til umræðu í því kerfi undirnefnda ráðherraráðsins sem funda undir hatti samsettu nefndarinnar. eru það ýmist nýmæli eða

uppfærslur og breytingar á þeim reglum sem mynda Schengen regluverkið. Meðal þeirra gerða sem nú eru í mótun í samsettu nefndinni eru þessar:

- *Rammaákvörðun um vernd persónuupplýsinga við meðferð opinberra mála.*
- *Tilskipun um samræmdar reglur við brottvísanir útlendinga.*
- *Reglugerð um vegabréfaáritanir (Visa Code)*
- *Breytingar á reglum um form dvalarleyfaskírteina fyrir útlendinga*
- *Breytingar á tilskipun um kaup og meðferð vopna*
- *Breytingar á ýmsum gerðum sem varða rekstur Schengen-upplýsingakerfisins vegna fjölgunar þátttökuríkjanna og nýja SIS II kerfisins*
- *Breytingar á sameiginlegri handbók um útgáfu áritana.*

4. Schengen-úttektir

Eftirlit með framkvæmd Schengen-samningsins í aðildarríkjunum er hjá ríkjunum sjálfum á vettvangi samsettu nefndarinnar, Schengen-úttektir. Vinnan í úttektanefndinni á tímabilinu helgaðist af Schengen-úttektunum á þeim níu ríkjum sem að þeim loknum gátu tekið fullan þátt í samstarfinu, en stækkun Schengen-svæðisins varð að veruleika 21. desember 2007, eins og fram er komið. Nýju ríkin eru Eistland, Lettland, Lithaén, Pólland, Tékkland, Slóvakía, Ungverjaland, Slóvenía og Malta. Á næstu mánuðum liggur fyrir að fylgja þessum úttektum eftir, auk þess sem hafin verður úttekt á Sviss, með það fyrir augum að Sviss hefji fulla þátttöku í samstarfinu í nóvember 2008.

5. Schengen-upplýsingakerfið

Haldið hefur verið áfram þróun Schengen-upplýsingakerfisins, en önnur kynslóð þess hefur verið í smíðum um nokkra hríð (SIS II). Lagagrundvöllur nýja kerfisins liggur nú fyrir, tvær reglugerðir og ein ráðsákvörðun, en vinna samsettu nefndarinnar við þessar gerðir hófst í íslensku formenskunni á síðari hluta ársins 2005. Hin nýja útgáfa stendur þeirri sem nú er notuð frammar m.a. að því leyti að með notkun lífkenna í nýja kerfinu verður unnt að bera kennsl á fólk með nokkuð áreiðanlegum hætti. Upplýsingakerfið sem nú er notað er einfalt og byggir á innfærslu nafna og svörun ef sama nafn er slegið inn. Það kallar þá á sérstaka athugun í hvert sinn hvort um sama einstakling er að ræða eða alnafna hans, sem í framkvæmd getur skapað óþörf óþægindi og tafir fyrir fólk sem ferðast í löglegum tilgangi. Ýmsar aðrar nýjungar eru fjölgnar í hinu nýja kerfi, svo sem gagnabanki fyrir stolna muni og ökutæki, en það er að sama skapi mun flóknara að gerð en það sem nú er notað. Nokkur bakslög hafa komið í framgang tæknivinnunar við nýja kerfið og gangsetning þess dregst að minnsta kosti til ársloka 2008, jafnvel lengur. Unnið er hörðum höndum að þessu verki af hálfu tæknimanna Schengen ríkjanna, þar á meðal íslenskra, sem hafa orðið drjúga reynslu í þessu samstarfi.

6. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar

Þróun SIS II og VIS

Stærstu verkefni sem Ísland tekur nú þátt í undir hatti framkvæmdastjórnarinnar, eftir hina vel heppnuðu innleiðingu portúgölsku tillögunnar um SISone4ALL, er eins og fram hefur komið, vinna tæknimanna við áframhaldandi þróun kerfanna SIS II (önnur kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins) og VIS (áritana-upplýsingakerfið), en lagagrundvöllur þessara kerfa hefur verið lagður með reglugerðum og ráðsákvörðunum ESB, sem teljast þróun á Schengen reglunum. Unnið er að því í dómismálaráðuneytinu að undirbúa innleiðingu þessara gerða í íslenskan rétt.

Ný mikilvæg framkvæmdarnefnd (*commitology*) framkvæmdastjórnarinnar (*SIS/VIS*) var sett á laggirnar á tímabilinu, sem ætlað er að fjalla um samstarf Schengen ríkjanna, annars vegar þau sem varða Schengen upplýsingakerfið, þar með talið SIRENE skrifstofur ríkjanna og hins vegar samvinnuna á vettvangi áritanaútgáfu og varða hið nýja VIS kerfi. Í hinum nýlega samþykktu gerðum ESB um þessi upplýsingakerfi er lagður lagagrundvöllur fyrir aukið vald til ákvarðanatöku á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar um atriði sem áður hefur verið fjallað um í samsettu nefndinni. Í málsmeðferðarreglum nefndarinnar felst full þátttaka Íslands í starfi nefndarinnar, en ekki þátttaka í atkvæðagreiðslum ESB ríkjanna fremur en endranær.

Á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar er nú með þátttöku allra Schengen-ríkja unnið að samræmingu á því hvernig rammaákvörðun um *upplýsingaskipti lögreglu* (sænska tillagan) verði innleidd í ríkjunum, en hún er ein Schengen-gerðanna.

Fulltrúar Íslands taka einnig þátt í vinnu nefndar um *samræmt form áritana*, dvalarleyfa o.fl., sem hefur unnið tæknistaðla sem tengjast notkun lífkenna í hin ýmsu skilríki, þar á meðal í vegabréf. Unnið er nú á vettvangi nefndarinnar að tæknilegri útfærslu dvalarleyfisskírteina fyrir borgara þriðju ríkja og undirbúningi notkunar lífkenna í nýja áritanakerfinu.

Útgáfa vegabréfaáritana hófst í íslenska sendiráðinu í Peking þann 15. júní sl. og hefur gengið vel. Auk samstarfs Íslands í Brussel í þeim nefndum sem sinna áritanamálum tekur fulltrúi DKM í Peking nú þátt í samstarfi sendiskrifstofa Schengen ríkja þar.

Fulltrúi Íslands hefur tekið þátt í vinnu framkvæmdarnefndar framkvæmdastjórnarinnar sem ætlað er að sinna málefnum *Landamærasjóðs* (*External Borders Fund*), en full þátttaka Íslands í sjóðnum er þó ekki hafin og hefst ekki fyrr en að gerðum sérstökum samningi við ESB þar um, sem gert er ráð fyrir í gerðinni sem er lagagrundvöllur sjóðsins. Fyrir liggur að fjárframlag af Íslands hálfu til sjóðsins verður miklum mun hærra en þeir styrkir sem unnt verður að sækja um úr honum. Sjóðnum er ætlað að styrkja ytri landamæri Schengen svæðisins, en svo sem fram er komið hefur stækkun þess á tímabilinu í för með sér frumraun hinna nýju ríkja við eftirlit með ytri landamærum allra samstarfsríkjanna þar með talið Íslands. Þátttöku í vinnu framkvæmdarnefndarinnar er ætlað að tryggja aðild Íslands að ákvörðunum um hvernig fé sjóðsins verði best varið til þessa mikilvæga verkefnis.

Ísland tekur sem fyrr þátt í starfsemi Landamærastofnunar (*Frontex*), sem staðsett er í Varsjá og hóf starfsemi í maí 2005. Hefur umfang starfsemi stofnunarinnar vaxið mjög á starfstíma hennar með tilheyrandi aukningu á fjárframlögum til hennar.

Samstarf Íslands og Evrópusambandsins á grundvelli svokallaðs *Dublin-samnings*, sem tekur til þess hvaða ríki beri að fjalla um beiðni um pólitískt hæli, hefur gengið vel sem fyrr, en vettvangur þess samstarfs í Brussel er nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Nýjar tillögur ESB um endurskipulagningu hælismála í Evrópusambandinu hafa ekki áhrif á íslenska löggjöf um hælismál, en kalla hugsanlega á breytingar á Dublin-reglum sem samstarfssamningurinn við Ísland byggir á. Þá er innan ESB hafin meðferð tillögu um að heimila lögreglu og Europol aðgang að Eurodac, sem er gagnagrunnur með upplýsingum um fingraför hælisumsækjenda. Þessi tillaga er ekki hluti af Schengen-reglum, en sendiráðið fylgist vel með framvindunni á vettvangi Dublin samstarfsins.

7. Samningar tengdir Schengen-samstarfinu

Samningar um endurviðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfaáritana

Vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nauðsynlegt að gera sambærilega samninga og ESB gerir við þriðju ríki á þessum sviðum. Á tímabilinu var undirritaður endurviðtökusamningur milli Íslands og Rúmeníu. Unnið hefur verið að undanfögnu í samvinnu dómsmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis að gerð samninga um endurviðtöku við Macao og er samningsgerð á lokastigi og sama má segja um samning við Rússland um áritanamál og endurviðtöku í kjölfar samnings sem gerður var milli ESB og Rússlands. Sama fyrirmynd er að viðræðum við Úkraínu og ríkin á Balkanskaga um áritanamál og endurviðtöku, en viðræður eru hafnar eða um það bil að hefjast við þessi ríki. Viðræður eru og í bígerð við Moldóvu á sömu nótum og nýgerðir samningar ESB og Moldóvu um áritanamál og endurviðtöku.

Aðrir samningar við ESB á döfinni

Samningaviðræður ESB við íslensk stjórnvöld vegna þátttöku Íslands í sjóði fyrir ytri landamæri Schengen og nýjan samning um þátttöku í comitology nefndum framkvæmdastjórnarinnar hafa verið boðaðar bréflega fyrir margt löngu, en eru enn ekki hafnar. Hvað fyrrnefnda málið varðar hefur af ýmsum ástæðum reynst erfitt á ESB hliðinni að sammælast um umboð til framkvæmdastjórnarinnar til samninga við EFTA ríkin um þátttökuna í sjóðnum. Síðarnefnda málið hefur einfaldlega dregist vegna tímaskorts þeirra sem fjalla um dóms- og innanríkismál í framkvæmdastjórninni, enda hvorki forgangsmál hjá ESB né EFTA ríkjunum í ljósi þess að þátttaka í starfi nefndanna er í raun tryggð með bréfaskiptum sem fylgdu samningnum um Schengen samstarfið frá 1999 og útfærð í málsmeðferðarreglum fyrir hverja nefnd fyrir sig. Líklegt er að á næstunni verði boðað til samningaviðræðna við Ísland á grundvelli Dublin samstarfsins vegna fyrirhugaðra ESB reglna um aðgang lögreglu og Europol að Eurodac, en formlegar tilkynningar þar um hafa ekki borist íslenskum stjórnvöldum ennþá.

8. Lögreglusamvinna – EUROPOL-PRUM

Útsendur íslenskur tengifulltrúi tók til starfa í Europol, sem aðsetur hefur í Haag, í ársbyrjun 2007, á grundvelli samnings Íslands og ESB um samstarf á vettvangi Europol frá árinu 2001. Hefur hinn íslenski fulltrúi þegar tekið þátt í starfi stofnunarinnar til mikils gagns fyrir rannsóknir mála á Íslandi. Umboð Europol tekur nú einnig til rannsókna á peningaþvætti o.fl. og hefur samsvarandi útvíkkun samstarfssamningsins við Ísland tekið gildi.

Aukin samvinna ESB ríkja á sviði lögreglusamvinnu, sem ákveðin hefur verið á grundvelli svokallaðs Prum-samnings, er að færast inn í regluverk Evrópusambandsins utan samsettu nefndarinnar og Schengen-samstarfsins, en unnið er að nánari útfærslu samstarfsins innan ráðherraráðsins. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki um mitt ár 2008. Dómsmálaráðherrar Norðurlandanna ræddu þetta mál síðan á fundi sínum í Finnlandi 20. júní sl. og ákváðu að nánara lögreglusamstarf ríkja þeirra skyldi rætt í ljósi þessarar þróunar.

9. Samvinna á sviði sakamála

Enn er grannt fylgst með þróun hinnar auknu samvinnu innan ESB á sviði opinberra mála, m.a. um gagnkvæma viðurkenningu refsíðoma og fullnustuákvæðana, aðgang að sakaskráum o.fl. Þessi mál hafa ekki verið á dagskrá fyrir Ísland og eru rædd utan samsettu nefndarinnar. Af hálfu framkvæmdastjórnarinnar var efnt til fundarferðar um Norðurlönd á tímabilinu, þar sem fulltrúar hennar vildu kynna sér norræna dómsmálasamvinnu og kanna hvort og hvernig sú reynsla geti nýst á vettvangi Evrópusambandsins. Tóku fulltrúar frá Íslandi, Noregi og

norrænu ráðherra nefndinni þátt í þessum samræðum, en óvíst er hvort eða hvernig það leiðir til nánara samstarfs við ESB á sviðinu.

10. Samvinna á sviði varna gegn hryðjuverkum

Á tímabilinu voru kynntar nýjar tillögur frá Framkvæmdastjórninni á sviði varna gegn hryðjuverkum. Þar er m.a. á ferðinni tillaga til breytinga á rammaákvörðun um varnir gegn hryðjuverkum frá árinu 2002, um að hvers konar hvatning og þjálfun til hryðjuverka verði gerð refsiverð, áætlun sem ætlað er að tryggja örygga meðferð sprengiefna og loks tillaga að rammaákvörðun um upplýsingar um flugfarþega, sem sniðin er að bandarískri fyrirmynd (PNR). Hvorki þessi síðastnefnda tillaga né rammaákvörðunin um varnir gegn hryðjuverkum falla undir Schengen eða EES samstarfið, en áætlun um meðferð sprengiefna er kynnt sem EES tengd, enda fellur hún að einhverju leyti að samstarfinu á vettvangi almannavarna. Franco Frattini, framkvæmdastjóri dóms- og innanríkismála framkvæmdastjórnarinnar lét þess sérstaklega getið við kynningu á PNR tillögum að hann gerði sér vonir um að EFTA ríkin gætu tengst því fyrirkomulagi. Dómsmálaráðherra mun ræða við hann nánar í ársbyrjun 2008 um hugsanlega tengingu Íslands við tillöguna.

II. EES-SAMNINGURINN og tengd mál

Á vettvangi EES-samningsins hafa þessi mál helst verið meðal verkefna fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á tímabilinu.

1. Frjáls för launafólks

Heildartilskipun ESB um frjálsa för, 2004/38/EC (*Directive on the right of citizens of the Union and their family members to move and reside freely within the territory of the Member States*), var til umfjöllunar í sameiginlegu nefnd EES samningsins á tímabilinu. Mikilvægar breytingar felast í gerðinni á útfærslu réttarins til frjálstrar farar. Viðræður um upptöku gerðarinnar í EES samninginn hafa tekið langan tíma, en á tímabilinu náðist samkomulag um upptöku tilskipunarinnar í EES samninginn. Vegna upptöku gerðarinnar þarf að gera nokkrar breytingar á lögum um útlendinga.

2. Samstarf á sviði almannavarna

Svið almannavarna er eitt þeirra sviða sem tilheyrir dóms- og innanríkismálum í Evrópusambandinu, en liggja utan Schengen samstarfsins. Aukin áhersla er nú lögð á þróun reglna og samstarfs um almannavarnir í Evrópusambandinu. Samstarf framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs í þróun dóms- og innanríkismála fer m.a. fram á samráðsvettvangi Franco Frattinis, sem fer fyrir málaflöknum í framkvæmdastjórninni og innanríkisráðherra þeirra sex ríkja sem mynda tvö “formennskutrío”, yfirstandandi formennskutrío og það næsta í röðinni og nefnist hópurinn “The Future Group”. Á vettvangi þessa hóps eru nú almannavarnir í forgrunni ásamt málefnum sem snerta jafnvægi í frjálsri för og jafnvægi milli persónuverndar og öryggis, í tengslum við ný upplýsingakerfi.

Þátttaka Íslands í almannavarnastarfi Evrópusambandsins fer að mestu fram með þátttöku í áætlunum ESB á grundvelli EES samningsins, en margar þessara áætlana voru til endurnýjunar á árinu. Ný áætlun um fjármögnun á sviði almannavarna fyrir tímabilið 2007-2013 (Council Decision 2007/162/EC Civil Protection Financial Instrument) var tekin upp í EES samninginn á tímabilinu. Nýju áætluninni fylgja jafnframt nokkrar nýjar gerðir þar sem samvinna um viðbrögð við vá er bæði útvíkkuð og nánar útfærð.

Embætti Ríkislögreglustjórans, almannavarnardeild, hefur tekið þátt í þessu samstarfi á Íslandi og á fulltrúa í vinnuhópi EFTA og nefndum framkvæmdastjórnarinnar á þessum vettvangi, m.a. nýrri nefnd sem sett var á laggirnar með nýju ráðsákvörðuninni. Með henni er einnig lagður fjárhagslegur grundvöllur þeirrar samvinnu sem RLS tekur þegar þátt í (*Community Mechanism for Civil Protection, Monitoring and Information Centre og samskiptakerfinu CECIS*). Endurnýjun lagagrundvallar þessarar samvinnu (*Mechanism Recast*) sem var samþykkt í nóvember 2007, leggur grunn að áframhaldandi þátttöku Íslands í verkefnum ESB miðstöðvar almannavarna (MIC) og samskiptakerfis (CECIS).

Auk þess að fjármagna samstarf yfirvalda á eldri grunni, felst það nýmæli í gerðinni um fjármálin (Financial Instrument), að nú er gert ráð fyrir að allir geti sótt um styrki til rannsókna eða annarra verkefna tengdum almannavörnum, en auglýst verður eftir umsóknum með sama hætti og tíðkast hefur fyrir áætlanir á öðrum sviðum til þessa. Af hálfu RLS, sem tekur þátt í vinnu framkvæmdastjórnarinnar við mótun reglna sem gildi um umsóknir og styrki, er í undirbúningi að kynna, í samvinnu við Rannís, þennan möguleika sérstaklega fyrir þeim einkaaðilum sem starfa að almannavörnum á Íslandi.

Þá er í samvinnu við hin EFTA ríkin fylgst náið með framvindu mótunar nýrrar tilskipunar um nauðsynlega innviði (*Critical Infrastructure*), sem ætlað er að skilgreina þá þætti sem nauðsynlegt þykir að tryggja að starfi áfram þótt neyðarástand skapist (fjarskipti, samgöngur, orkuveitur, sjúkraþjónusta o.s.frv.). Þetta mál hefur verið lengi í bígerð og kallar á samstarf þvert á málaflokka og snertir bæði opinbera aðila og einkaaðila. Erfiðlega hefur gengið að samræma mat ESB ríkjanna á því hvað teljist til nauðsynlegra innviða og skipuleggja samræmingu á hvernig stjórn og meðferð þessara mála skuli fyrirkomið í ríkjunum, en eftir því sem næst verður komist er málið komið á lokastig í ráðinu. Tillagan fellur ekki undir áætlun ESB um almannavarnamál og fyrrnefnda gerð um fjárhagsmálefni almannavarna (*Civil Protection Financial Instrument*), heldur er hluti af annarri ESB fjárhagsáætlun um “*Rapid Response and Preparedness*”, sem ekki er hluti af EES samstarfinu. Þrátt fyrir þetta er tillagan um nauðsynlega innviði talin EES mál og kynnt EFTA ríkjunum sem slík.

III. LUGANÓ- SAMNINGURINN

Luganó-samningurinn tekur til dómsmálasamvinnu á sviði einkamálaréttar og gagnkvæmrar viðurkenningar dóma og ákvarðana. Eldri samningur um þetta efni er frá 16. september 1988 og var hann fullgiltur af Íslands hálfu með lögum frá 10. mars, nr. 68/1995. Endurskoðaður samningur var undirritaður þann 30. október 2007 í Lúganó í Sviss, en honum er ætlað að styrkja enn frekar samvinnu aðildarríkjanna í meðferð einkamála og auðvelda viðurkenningu og fullnustu dómsúrlausna með samræmdum reglum. Aðilar að samningnum eru EFTA-ríkin Ísland, Noregur og Sviss og öll ríki Evrópusambandsins. Með samningnum er leitast við að ná fullu samræmi við reglugerð ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 44/2001/EB (svokallaða Brusselreglugerð) svo að sömu reglur gildi um dómsvald, varnarþing, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum í EFTA-ríkjunum Íslandi, Noregi og Sviss og ESB-ríkjunum.

Í raun er ekki um miklar efnisbreytingar að ræða frá eldri samningi en þó er ýmis nýmæli að finna í honum, s.s. nýjan kafla um varnarþing í vinnusamningum einstakra manna. Þá hafa ný ríki gerst aðilar að Lúganósamningnum með aðild að ESB og tekur hann mið af því.

Meðal þess sem ný ESB formennska Slóvena hefur á stefnuskrá sinni fyrir fyrri hluta ársins 2008 er samvinna á sviði einkamálaréttar við Ísland, Noreg og Sviss, með því sérstaklega að

beita sér fyrir fullgildingu hins nýja Lúganósamnings, en Slóvenía er eitt hinna nýju aðildarríkja Lúganósamstarfsins.

FÉLAGS-, ATVINNU- OG SVEITARSTJÓRNARMÁL

FÉLAGSMÁL

Félagsþjónusta í almannapágu

Mikil umræða hefur farið fram innan ESB síðustu árin um hvernig greiða megi fyrir flæði þjónustu á innri markaði. Sérstök þjónustutilskipun var samþykkt fyrir um ári síðan, búast má við tillögu að tilskipun um heilbrigðisþjónustu fljótlega og fyrir stuttu kynnti framkvæmdastjórn ESB séstakt átak til að efla innri markað sambandsins. Hluti af því átaki er fyrsta skref framkvæmdastjórnarinnar til að skilgreina og og samræma reglur er varða þjónustu í almannapágu, þar með talið félagslega þjónustu. Búist hafði verið við því að [formleg tillaga að tilskipun](#) um þetta efni liti dagsins ljós, en framkvæmdastjórnin virðist hafa fallið frá því að sinni.

Framkvæmdastjórnin telur að þjónustu í almannapágu megi flokka í tvennskonar starfsemi, annars vegar þjónustu sem er viðskiptaleg í eðli sínu (economic interests) og hins vegar þjónustu sem er það ekki (non-economic). Það sé í valdi einstakra stjórnvalda að skilgreina skipulag og verkefni almannapjónustu, sem og ákveða hver annast hana, en engu að síður þarf slík þjónusta að taka mið af þeim leikreglum sem gilda á innri markaði ESB. Mikilvægt er að fylgjast áfram með þessari umræðu.

[Sjá nánar.](#)

Áætlanir á sviði félagsmála, vinnumála og jafnréttismála

- [Progress](#) er ný áætlun á sviði félags- og vinnumála sem tekur til árána 2007 til 2013. Áætlunin gefur fjölmörg tækifæri til samstarfs fyrir íslenska aðila á sviði vinnumála, félagsmála, vinnuverndar og jafnréttismála. Tengiliður á Íslandi vegna áætlunarinnar er Linda Rós Alfreðsdóttir, félagsmálaráðuneyti.
- [Daphne III](#) er áætlun gegn ofbeldi á tímabilinu 2007 til 2013. EFTA EES ríkin hafa óskað eftir þátttöku í áætluninni en ekki verður hægt að hefja umsóknarferli fyrr en við aðra umferð auglýsinga vegna þess hve seint tillaga framkvæmdastjórnarinnar var endanlega afgreidd. Jafnréttisstofa annast rekstur áætlunarinnar fyrir Íslands hönd.

Ár jafnra tækifæra 2007 og barátta gegn fátækt og félagslegri einangrun

Nú er lokið Evrópuári jafnra tækifæra 2007. Ísland var þátttakandi í verkefningu og af því tilefni voru skipulagðir fjöldi viðburða á Íslandi í samstarfi við félagasamtök. Nú hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins boðað að árið [2010 verði helgað baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun](#), en fyrir skömmu sendi hún frá sér orðsendingu um þetta sameiginlega hagsmunamál Evrópuríkja. Með orðsendingunni boðar framkvæmdastjórnin heildarsýn á baráttuna gegn fátækt og nýjar áherslur á að virkja þá einstaklinga sem standa höllum fæti á vinnumarkaði og í samfélaginu. Óskað var eftir athugasemdum og ábendingum við þessa framtíðarsýn. [Sjá nánar.](#)

Aðgerðaáætlun ESB í málefnum fatlaðra 2008-2009

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur birt aðgerðaáætlun sína fyrir árin 2008 til 2009 varðandi málefni fatlaðra. Áætlunin er hluti af stefnumörkun sambandsins á þessu sviði fyrir tímabilið 2003 til 2010 og er hún sett fyrir tvö ár í senn. Tilgangur þeirrar aðgerðaráætlunar sem nú hefur verið birt er í fyrsta lagi að greina stöðu fatlaðra í Evrópu um þessar mundir, gera grein fyrir árangri sem náðst hefur í síðustu aðgerðaráætlun, og að endingu ákveða forgangsröðun verkefna næstu misserin.

Í þessu sambandi er sérstaklega vert að vekja athygli á því að í undirbúningi af hálfu framkvæmdastjórnarinnar er tillaga að tilskipun sem breytir tilskipunum frá árinu 2000 um bann við mismunun utan vinnumarkaðar, m.a. á grundvelli fötlunar. Vænta má slíkrar tillögu fljótlega á næsta ári, en sérstakt [samráðsferli](#) hefur staðið yfir í því sambandi síðustu mánuði. [Sjá nánar.](#)

JAFNRÉTTISMÁL

Ný jafnréttistilskipun ESB

Til umfjöllunar hjá EFTA er ný tilskipun á sviði jafnréttismála (Recast), nr. [2006/54/ESB](#). Markmið tilskipunarinnar er að einfalda og endurnýja reglur ESB er tryggja jafnan rétt og stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði og þar með fella gildandi tilskipanir Evrópusambandsins um þessi efni saman í eina.

Umræddar tilskipanir hafa allar verið teknar upp í EES samninginn, en þær eru: Tilskipun um launajafnrétti, nr. 75/117/EC; jafnréttistilskipun, nr. 76/207/EC (sem var breytt með tilskipun nr. 2002/73/ESB); tilskipun 86/378/EC um jafna stöðu hvað varðar lífeyrisréttindi (sem var breytt með tilskipun 96/97/ESB); og tilskipun nr. 97/80/ESB um sönnunarbyrði.

Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins

Ákvörðun um [Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins](#) liggur nú fyrir. Hún mun hefja starfsemi í byrjun næsta árs og alls munu um 52,5 milljónum evra verða varið til reksturs hennar á tímabilinu 2007 til 2013. Stofnuninni hefur verið valinn staður í Vilnius í Litháen. EFTA ríkin hafa gefið til kynna að þau vilji verða þátttakendur í rekstri stofnunarinnar, en enn hefur ekki verið gengið frá því hvernig sú þátttaka gæti átt sér stað. Mikilvægt er að flýta því ferli eins og hægt er.

Vegvísir í jafnréttismálum

Á síðasta ári sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér svokallaðan vegvísi í jafnréttismálum ([Roadmap to equality between women and men](#)). Með honum eru sett fram 6 áherslusvið sem Evrópusambandið telur rétt að unnið sé sameiginlega í jafnréttismálum á tímabilinu frá 2006 til 2010. Markmiðið er að auka jafnrétti meðal kvenna og karla og jafna fjölskylduábyrgð.

Staða og horfur í jafnréttismálum og launamunur kynjanna

Í [nýlegri skýrslu](#) framkvæmdastjórnar ESB um jafnréttismál er bent á margt sem hefur áunnist í jafnréttismálum í ríkjum Evrópusambandsins á síðustu árum. Þátttaka kvenna á vinnumarkaði hafi aukist um 2,6 prósentustig á tímabilinu 2000 til 2005 og að konur hafi tekið $\frac{3}{4}$ af öllum nýjum störfum sem orðið hafa til í ríkjum Evrópusambandsins síðastliðin ár. Atvinnuþátttaka kvenna er að jafnaði rúm 56% í þessum ríkjum (um 80% á Íslandi) og haldi þessi þróun áfram munu markmið um 60% atvinnuþátttöku kvenna nást fyrir 2010, en sú stefna var mörkuð með Lissabon áætlun ESB árið 2000.

Betur má þó ef duga skal og mörg verkefni eru enn til staðar svo jafna megi hlut karla og kvenna. Konur eiga t.d. enn við meiri vanda að glíma þegar kemur að því að samþætta fjölskyldu og atvinnu. Þá er launamunur enn of mikill og á það er sérstaklega bent í [annarri skýrslu](#) sem gefin var út nýlega. Þar skorar framkvæmdastjórnin á aðildarríki bandalagsins að herða enn róðurinn í þeirri vinnu að minnka og útrýma launamun kynjanna. Þrátt fyrir fögur fyrirheit og vinnu sem lögð hefur verið í þessa baráttu kemur í ljós að launamunurinn er enn um 15% í ríkjum ESB og hefur lítið breyst síðasta áratuginn.

Tilskipun um jafnræði kynja í þjónustuviðskiptum

Enn er til umræðu meðal EES/EFTA ríkjanna athyglisverð tilskipun ESB um jafna stöðu kynjanna þegar kemur að viðskiptum með vöru og þjónustu, sbr. tilskipun nr. 2004/113/EC. Annars vegar felur tilskipunin í sér almenn ákvæði sem banna hverskonar mismunun byggða á kynferði, meðal annars bann við mismunandi kjörum sem rekja má til fjölskylduábyrgðar eða barnsfæðinga. Hvorki bein né óbein mismun er þannig leyfileg varðandi viðskipti með vöru og þjónustu. Hins vegar felur tilskipunin í sér sérstök ákvæði er snúa að viðskiptum með tryggingar og fjármálaþjónustu. Segir að ríkin skuli fyrir 21. desember 2007 tryggja að samningar sem gerðir eru um slík viðskipti og styðjast að einhverju leyti við kynbundnar breytur við útreikning iðgjalda og endurgreiðslna, feli ekki jafnframt í sér kynbundin mismun varðandi álagningu iðgjalda og útreikning bóta á einstaklingsgrundvelli.

VINNUMÁL

Ótilkynnt atvinnustarfsemi

Í [orðsendingu](#) sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendi frá sér nýlega eru aðildarríki bandalagsins hvött til að herða baráttu sína gegn ótilkynntri eða svartri atvinnustarfsemi. Nýleg könnun Eurobarometer leiðir í ljós að um 5% launþega í Evrópu taka við óskilgreindum fjármunum fyrir vinnu sína, hlutfallið er lægst í Bretlandi og á Írlandi, eða um 3%, en hæst er það um 10%. Könnunin sýnir að svört atvinnustarfsemi er hærri meðal námsmanna, atvinnulausra og sjálfstætt starfandi, og er algengast að hún fari fram í byggingarstarfsemi og heimilisþjónustu.

Meðal aðgerða sem framkvæmdastjórnin bendir á til að taka á þessu máli er að lækka atvinnutengda skatta og aukið samstarf aðildarríkja ESB.

„Flexicurity“ stefnumarkandi viðmið fyrir ESB

Eins og frá var greint í síðustu skýrslu sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér [grænbók um vinnulöggjöf](#). Markmiðið með grænbókinni var að hefja umræður með aðildarríkjum ESB og öðrum sem málið varðar um ágæti nógildandi löggjafar ESB á þessu sviði og frekari þörf fyrir breytingar á henni, meðal annars með hliðsjón af almennri þróun vinnumarkaðar í Evrópu síðustu árin. Megininntak í grænbókinni var hið svokallaða „flexicurity“, en það felur í sér markmið um sveigjanleika á vinnumarkaði um leið og félagslegt öryggi launamanna er tryggt.

Í júlí síðastliðinn [lagði framkvæmdastjórnin svo til](#) að ríki Evrópusambandsins sameinist um þau meginsjónarmið sem felast í hugtakinu „flexicurity“ og skemmst er frá að segja að á fundi vinnuáráðherra ESB ríkja þann 6. desember 2007 var tillaga þar að lútandi samþykkt samhljóða. Fundurinn samþykkti sérstakar [leiðbeinandi reglur](#) um „flexicurity“ sem aðildarríkjum ESB ber að taka mið af við stefnumörkun sína í vinnuárum.

Ný áætlun ESB um öryggi og hollustu á vinnustöðum

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur kynnt nýja fimm ára áætlun sem miðar að því að fækka vinnutengdum slysum og sjúkdómum og auka öryggi á evrópskum vinnustöðum.

Evrópusambandið hefur allt frá árinu 1978 unnið markvisst að því að draga úr heilsutjóni á vinnustöðum með ýmsum aðgerðum og áætlunum. Frá árinu 2000 til 2004 fækkaði alvarlegum vinnuslysum um 17% og slysum eða óhöppum sem leiddu til fjarveru frá vinnu lengur en þrjú daga fækkaði um 23% á sama tímabili. Engu að síður hefur komið í ljós að um 28% Evrópubúa telja nú að þeir búi við heilsutjón af völdum núverandi eða fyrrverandi vinnu sinnar, og um 35% telja að þeim kunni að stafa hætta af vinnu sinni.

Með hinni nýju áætlun er sett almennt markmið að tilvikum vinnustaðaslysa og heilsutjóns fækki um 25% á tímabilinu 2007–2012. Þess má geta að allar reglur ESB er gilda um hollustu og öryggi á vinnustöðum hafa verið teknar upp í EES-samninginn. Sjá nánar á [heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB](#).

Skýrsla ESB um vinnumarkaðsmál 2007

Evrópusambandið hefur sent frá sér sína árlegu skýrslu um stöðu vinnumarkaðsmála í ríkjum sambandsins. Meginniðurstaðan er sú að staða vinnumarkaðsmála hefur verið að styrkjast og árið 2006 jókst atvinnustig í öllum ríkjum Evrópusambandsins. Hagvöxtur var að jafnaði um 3% þetta ár, sem var mikill bati frá fyrra ári og er búist við áframhaldandi vexti. [Sjá nánar](#).

Vinnutímatilskipun enn til umræðu

Á fundi [félags- og vinnumálaráðherra Evrópusambandsins](#) í ráðherraráðinu síðastliðinn miðvikudag var þess freistað að ná samkomulagi um tillögur að tveimur tilskipunum á sviði vinnulöggjafar, annars vegar tilskipun um vinnutíma og hins vegar tilskipun um starfsmenn á vegum starfsmannaleiga.

Tillaga framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á tilskipun 2003/88/ESB um vinnutíma hefur verið til umfjöllunar í alllangan tíma í stofnunum sambandsins. Sérstaklega hefur verið deilt um að hve miklu leyti á að leyfa undanþágur frá meginreglu um 48 stunda vinnuviku. Í tillögunni eru einnig ákvæði um að skilgreina bakvaktir sem „óvirkan“ vinnutíma sem ekki telst með þegar 48 stunda vinnuvika er reiknuð.

Tillaga um að skilgreina betur réttarstöðu launamanna sem starfa á vegum starfsmannaleiga hefur einnig verið lengi í farvatninu, eða síðan árið 2002. Tillagan var liður í því að tryggja ákveðinn sveigjanleika varðandi ráðningarform en um leið að verja félagsleg réttindi starfsmanna. Meðal atriða sem deilt er um, er spurningin um jafnan rétt, mögulegar undanþágur og hámarks dvöl eða samningstíma.

Portúgal, sem nú gegnir formennsku í Evrópusambandinu, freistaði þess að ná sáttum um þessi tvö mál og þar sem þau tengjast með ákveðnum hætti var ákveðið að fjalla um þau sameiginlega. Skemmst er frá því að segja að ekki náðist sátt um afgreiðslu þessara mála á fundi ráðherraráðsins og því er óvíst um afdrif þeirra. Framkvæmdastjórnin hefur boðað að hún kunni að draga tillögurnar til baka, en vilji virðist vera meðal aðildarríkjanna að halda áfram sáttatilaunum.

Aðgerðaáætlun til að auka för launþega

Framkvæmdastjórn ESB kynnti þann 10. desember síðastliðinn [aðgerðaáætlun](#) til að örva flæði launamanna á milli landa EES svæðisins undir fyrirsögninni „Job mobility action plan to help

more people find better jobs“. Markmiðið er að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem kunna að vera í vegi fyrir flæði launþega á milli landa. Skipulagðar verða fimmtán aðgerðir sem skipta má upp í fjögur áherslusvið:

- Bæta gildandi löggjöf á þessu sviði og stjórnsýslulega meðferð hvað varðar félagsleg réttindi.
- Tryggja samræmda stefnumörkun og stuðning opinberra aðila.
- Efla Evrópsku atvinnumiðlunina EURES og þjónustu hennar – m.a. koma á fót nk. „one stop shop“.
- Auka vitund almenning um tækifæri sem felast í frelsi til að sækja vinnu í öðru EES landi.

Samráð um félagslega stöðu launamanna um borð í skipum

Er kominn tími til að afnema þá reglu að launamenn á farskipum séu undanþegnir almennri vinnulöggjöf Evrópusambandsins? Er þörf á að setja sérstakar Evrópureglur sem gilda eiga um félagsleg og atvinnuleg réttindi farmanna? Hvernig er best að auka hollustu og vinnuvernd launamanna sem starfa um borð í skipum?

Svo er spurt í [nýju átaki](#) sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hrint af stokkunum. Markmiðið er að skoða í samstarfi við aðila vinnumarkaðar og aðildarríki bandalagsins hvort löggjöf ESB á þessu sviði veitir nægilega vernd fyrir launamenn á far- og fiskiskipum. Fyrsti hluti þessa samráðs snýr að því að styrkja hina félagslegu vídd í stefnumörkun Evrópusambandsins í málefnum sjávar og siglinga (*Maritime Policy*) og gera þessa atvinnugrein meira aðlaðandi fyrir launþega án þess að draga úr samkeppnishæfni hennar.

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Samband íslenskra sveitarfélaga opnaði skrifstofu í Brussel á síðasta ári. Skrifstofan skapar sveitarfélögunum ný tækifæri til þátttöku í margvíslegu Evrópusamstarfi auk þess sem auðveldara verður að reka hagsmunabaráttu þeirra gagnvart nýrri löggjöf sem tekin er upp í EES samninginn.

Eitt af þeim málum sem sveitarfélögin hafa lagt áherslu á er að fundinn verði farvegur fyrir formlega aðkomu þeirra að rekstri EES samningsins. Benda sveitarfélögin á að það komi í þeirra hlut að framkvæma margvíslega löggjöf Evrópusambandsins sem ratar í EES samninginn, auk þess sem óbein áhrif samningsins á rekstur íslenskra sveitarfélaga eru margvísleg. Þessum sjónarmiðum hefur verið mætt af miklum skilningi af hálfu íslenskra stjórnvalda, en ekki hefur fengist niðurstaða í málið á vettvangi EFTA.

HEILBRIGÐISMÁL OG ALMANNATRYGGINGAR

Hér er gerð grein fyrir helstu málum sem eru ofarlega á baugi á sviði heilbrigðis- og almannatrygginga í EES samstarfinu. Ekki er farið ítarlega yfir hvert mál heldur drepið á helstu atriðum þeirra.

HEILBRIGÐISMÁL

Áætlanir á sviði heilbrigðismála

Ísland er í gegnum EES samninginn aðili að eftirfarandi áætlunum Evrópusambandsins sem veita stuðning við verkefni á sviði heilbrigðismála:

- **Heilbrigðisáætlunin.** Meginmarkmið hennar er að stuðla að auknu heilbrigðisöryggi almennings, auka almannaheilbrigði og lífsgæði, og almenna þekkingu um gildi heilbrigðismála. Íslenskir aðilar hafa verið virkir þátttakendur í verkefnum sem áætlunin styrkir og mikilvægt er að tryggja að svo verði áfram.
- **Áætlun um fíkniefnaforvarnir og upplýsingar.** Þrennskonar aðgerðir verða fjármagnaðar: Í fyrsta lagi sameiginleg verkefni sem framkvæmdastjórn ESB stendur að. Í öðru lagi er henni ætlað að styrkja einstök verkefni sem a.m.k. þrjú aðildarríki áætlunarinnar standa að. Að endingu er ætlunin að styðja ýmis viðfangsefni félagasamtaka og óopinberra aðila sem vinna í samræmi við markmið áætlunarinnar.
- Í sjöundu rammaáætluninni fyrir rannsóknir og vísindi, sem er langstærsta áætlunin sem rekin er af Evrópusambandinu, er sérstakur **kafli um heilbrigðismál**. Fjöldmörg tækifæri eru til samstarfs á þessu sviði en alls munu um 6.100 milljónir evra renna til heilbrigðisverkefna á tímabilinu 2007-2013.

Allar ofangreindar áætlanir ná yfir tímabilið frá 2007 til 2013. Þar sem hér er um nýtt upphaf að ræða fyrir allar áætlanirnar liggur það fyrir að kynna þau tækifæri sem Íslendingar hafa til samstarfs á grundvelli þessara áætlana á sviði heilbrigðismála.

Heilbrigðisstefna ESB

Í haust lagði framkvæmdastjórn ESB fram stefnumörkun fyrir sambandið á sviði heilbrigðismála. Með henni er í fyrsta skipti sett fram samræmd stefna fyrir Evrópusambandið á sviði heilbrigðismála, bæði innan bandalagsins og eins varðandi framlag þess til heilbrigðismála á heimsvísu. Meginstef stefnumörkunarinnar er samþætting heilbrigðissjónarmiða við önnur samfélagsleg viðfangsefni. Sjá nánar á [heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB](#).

Stefnumörkunin var til umræðu er heilbrigðisráðherrar í Evrópusambandinu komu saman á fundi í ráðherraráðinu þann 6. desember síðastliðinn. Þar var **samþykkt ályktun** þess efnis að vinna sameiginlega að framkvæmd stefnunnar, ákveða forgangs röðun og tryggja samræmi í ákvarðanatöku.

Embættismannanefnd um heilbrigðisþjónustu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur unnið að því að meta þróun á sviði heilbrigðisþjónustu einkum að því er varðar frelsi sjúklinga til þess að sækja heilbrigðisþjónustu til annarra landa. Um þessi áform er fjallað í stefnumarkandi áætlun ESB frá 2004 (*Follow-up to the high level reflection process on patient mobility and healthcare developments in the European Union*). Á vettvangi embættismannanefndar ESB, *High level group on health service and medical care*, eru þessi mál til umræðu og þar hafa verið samþykktar leiðbeinandi reglur um viðskipti milli ríkja með heilbrigðisþjónustu.

Ísland hefur ásamt Noregi átt áheyrnaraðild að störfum embættismannanefndarinnar og gefur það mikilvægt tækifæri til að fylgjast náið með framvindu umræðu á þessu sviði meðal ríkja Evrópusambandsins, og ekki síst að fylgjast með mótun reglusetningar á þessu sviði. [Sjá nánar](#).

Heilbrigðisþjónusta á innri markaði

Eins og kynnt var í síðustu skýrslu hefur farið fram mikil umræða innan ESB varðandi heilbrigðisþjónustu á innri markaði sambandsins. Ákvæði um heilbrigðisþjónustu voru upphaflega í tillögu að þjónustutílskipun fyrir sambandið, en ekki var pólitísk samstaða að fjalla um þetta viðfangsefni með þeim hætti og því var þjónustutílskipunin samþykkt án heilbrigðisákvæða fyrir um ári síðan. Framkvæmdastjórnin taldi hins vegar mikilvægt að halda málinu áfram og hóf á sama tíma samráðsferli um það álitamál hvort þörf væri á að setja sérstakar reglur um heilbrigðisþjónustu og þá hverjar. Um mitt síðasta sumar var niðurstaðan úr því samráðsferli kynnt og boðað að tillaga að sérstakri tílskipun væri í undirbúningi.

Búist hafði verið við því að framkvæmdastjórnin legði fram tillögu að tílskipun um þetta efni í desember síðastliðinn. Af því varð þó ekki en engu að síður er hennar að vænta fljótlega. Í umræðum sem farið hafa fram um það mál bendir allt til að slík tillaga muni annars vegar taka mið af þeim dómum sem Evrópudómstóllinn hefur fellt á þessu sviði og hins vegar mæta þörf fyrir að skýra þjónustuhugtakið í þessu sambandi og tengsl þess við innrimarkaðsreglur bandalagsins.

Ef marka má fréttir af undirbúningi þessa máls hjá framkvæmdastjórninni verður einstökum ríkjum áfram heimilt að fara fram á að sjúklingar fái fyrirfram samþykki til að öðlast rétt á endurgreiðslu vegna sjúkrahúsþjónustu sem veitt er utan heimalands. Sé biðtími hins vegar óeðlilega langur þannig að komi niður á ástandi sjúklings, getur hann sjálfur tekið ákvörðun um að sækja sér þjónustu annað og krefja endurgreiðslu í samræmi við reglur heimalands. Varðandi lækniþjónustu sem ekki kallar á sjúkrahússdvöl má búast við að meginreglan verði sú, að hana megi sækja í hvaða aðildarríki bandalagsins sem er og eiga þá rétt á endurgreiðslu vegna kostnaðar í samræmi við reglur í heimlandi.

Von á tillögu að tílskipun varðandi líffæraflutninga

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur staðið fyrir athugun á kostum þess að settar verði samræmdar Evrópureglur varðandi líffæragjöf, flutning og ígræðslu líffæra. Fyrr á árinu sendi hún frá sér formlega [orðsendingu](#) þar sem helstu viðfangsefni á þessu sviði eru skilgreind og jafnframt mörkuð stefna um frekari aðgerðir af hennar hálfu. Það felur meðal annars í sér leiðir til að tryggja gæði og öryggi slíkra aðgerða, aukið framboð á líffærum og áform um aukna skilvirkni og gegnsæi í líffæraflutningum í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Slík reglusetning myndi byggja á 152. grein stofnsáttmála ESB sem veitir framkvæmdastjórninni ákveðnar heimildir til aðgerða á sviði heilbrigðismála. Meðal annars byggðu nýlegar tílskipanir um blóð annars vegar og frumur og vefi hins vegar á þeirri heimild, sem allar hafa verið teknar upp í EES samninginn.

Mál þetta var til umræðu á fundi heilbrigðisráðherra ESB í ráðherraráðinu í desember og var framkvæmdastjórnin hvött til að halda áfram með málið ([sjá ályktun](#)). Því má búast við formlegum tillögum um þetta efni á allra næstu mánuðum.

Lýðheilsa

Fyrr á árinu sendi framkvæmdastjórnin frá sér [Hvítbók](#) um leiðir í baráttunni gegn offitu. Í hvítbókinni eru settar fram ýmsar tillögur um það hvernig Evrópusambandið getur lagt baráttunni gegn þessum heilbrigðisvanda og afleiðingum hans lið.

Meðal þess sem hvítbókin kallar eftir er nánara samráði og samstöðu hlutaðeigandi aðila vítt og breitt um Evrópu. Sett verður á fót sérstök embættismannanefnd skipuð fulltrúum allra aðildarríkja til þess að ræða þessi mál og skapa samstöðu um aðgerðir. Þá verða einkaaðilar og framleiðendur matvæla hvattir til virkari þátttöku í baráttunni gegn offitu og gripið verður til aðgerða til að tryggja það, svo sem með því að;

- móta strangari reglur um innihald auglýsinga um matvæli,
- hvetja til þess að innihald matvæla sé í samræmi við hollustumarkmið,
- auka getu íþróttafélaga til að koma boðskap á framfæri, sérstaklega til barna og ungmenna.

Þá er rétt að rifja upp að í lok ársins 2006 sendi framkvæmdastjórnin frá sér Hvítbók um þann vanda sem skaðleg áfengisneysla er fyrir íbúa Evrópu. Málið hefur verið rætt í stofnunun ESB og meðal aðildarríkja þess, en hvítbókin kristallar vandann og setur upp leiðir til að vinna á honum. Hún var m.a. til formlegrar umræðu í Evrópuþinginu nú á haustdögum. [Sjá nánar á heimasíðu þingsins.](#)

LYFJAMÁL

Ný lyfjalöggjöf

Unnið hefur verið að því frá árinu 2000 að endurskoða lyfjareglur ESB. Ný tilskipun var sett árið 2001 sem var ætlað að bæta ferli við markaðssetningu lyfja og auka um leið samkeppnishæfni evrópska lyfjaiðnaðarins á heimsvísu. Árið 2004 samþykkti Evrópusambandið tvær tilskipanir og eina reglugerð sem var ætlað að ná fram enn frekar framþróun lyfjamála á innri markaði ESB (sjá tilskipanir 2004/27/ESB og 2004/28/ESB). Breytingarnar hafa gengið undir nafninu **Lyfjapakkin**. Unnið hefur verið að því að meta upptöku tilskipananna í EES samninginn á vettvangi EFTA skrifstofunnar, sú vinna er nú langt komin og því mun það liggja fyrir innan tíðar að innleiða lyfjapakkin í íslenskan rétt.

Markmið breytinganna er að greiða betur fyrir markaðssetningu og viðskiptum með lyf á innri markaði Evrópusambandsins. Gerðar eru breytingar sem eiga að flýta fyrir útgáfu markaðsleyfa fyrir lyf í fleiri en einu ríki í senn. Í þeim tilgangi hefur verið settur á laggirnar sérstakur samráðshópur sem í eiga sæti fulltrúar einstakra ríkja og starfar hann á vettvangi Evrópsku lyfjamálastofnunarinnar. Þá eru sett inn ákvæði sem veita heimild til að beita markaðshafa lyfja sektum fari þeir ekki að gildandi reglum. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja betri eftirfylgni með því að reglunum sé framfylgt, og um leið tryggja öryggi sjúklinga.

Í þessum nýju reglum eru einnig mikilvæg ákvæði fyrir minni markaðssvæði fyrir lyf og þau tilvik þar sem nauðsynlegt lyf hefur ekki verið markassett í viðkomandi ríki (sjá grein 126a). Í þessu felst heimild fyrir einstök ríki að heimila notkun lyfs sem ekki hefur verið markaðssett í viðkomandi ríki enda liggi ríkir heilbrigðishagsmunir þar til grundvallar. Ýmis skilyrði og takmarkanir eru þó á beitingu þessa ákvæðis, m.a. að viðkomandi lyf hafi verið markaðssett í öðru EES ríki.

[Sjá nánar.](#)

Samráðsvettvangur á sviði lyfjamála ofl. – Pharmaceutical forum

Eins og rakið hefur verið í fyrri skýrslum er starfandi sérstakur lyfjavettvangur Evrópusambandsins (Pharmaceutical Forum). Þar koma saman lyfjamálaráðherrar evrópusambandsríkja, lyfjaframleiðendur og hagsmunaðilar. Verkefnið er eftirfarandi:

Addressing the fragmentation of the European pharmaceutical market, work will focus on R&D issues and regulatory matters at Member state level, such as the crucial issues related to pricing and relative effectiveness.

EFTA ríkin eiga kost á því að senda sameiginlega einn áheyrnarfulltrúa á þennan vettvang og hefur framkvæmdastjóri EFTA gegnt því hlutverki. Þá eiga EFTA ríkin kost á að senda fulltrúa til starfa með vinnuhópum lyfjavettvangsins, en Ísland situr fundi í vinnuhópi er fjallar um lyfjaverðlagsmála annars vegar og upplýsingagjöf til sjúklinga hins vegar.

Samkvæmt upphaflegri áætlun á þessi vettvangur að starfa til næsta sumars. Engar ákveðnar tillögur hafa verið settar fram af hálfu vettvangsins, en von er á hugmyndum um reglur er varða upplýsingar til sjúklinga. Vert er að vekja sérstaka athygli á nýlegri könnun sem gerð var í tengslum við vinnuhóp á sviði lyfjaverðs, „Analysis of differences and commonalities in pricing and reimbursement systems in Europe“. [Sjá nánar](#).

Ísland hefur vakið sérstaka athygli á þeim vanda sem minni markaðssvæði á evrópska efnahagssvæðinu eiga við að glíma þegar kemur að lyfjaverði og lyfjaframboði. Þetta álitamál er nú skoðað sérstaklega af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og taka fulltrúar Íslands þátt í þeim umræðum.

Þá hefur framkvæmdastjórnin boðað, í tengslum við [almennt átak til eflingar innri markaðar ESB](#), aðgerðir á sviði lyfjamarkaðsmála. Áfram verður unnið að því að bæta og einfalda eftirlit með lyfjum með öryggi neytenda í fyrirrúmi og áhersla er lögð á mikilvægi aðgengilegra upplýsinga um lyf og lyfjaþjónustu. Í stefnumörkuninni kemur fram að framkvæmdastjórnin hyggst fljótlega kynna pakka aðgerða á þessum sviðum, sem jafnframt á að stuðla að því að Evrópa geti áfram verið í fararbroddi varðandi framleiðslu og þróun lyfja.

Tillaga frá ESB um lækningatæki

Nýlega samþykkti ESB nýja tilskipun (nr. 2007/47/ESB) um breytingu á þremur tilskipunum sem í gildi eru varðandi markaðsleyfi fyrir og eftirlit með lækningatækjum. Markmiðið er að auka enn öryggi hvað þessi mál varðar með því að bæta upplýsingar lækningatæki öryggisgæði þeirra.

Umræddar þrjár tilskipanir, sem hafa verið teknar upp í EES samningin, eru:

- 90/385/EEC *Implantable Medical Devices*
- 93/42/EEC *Medical Device Directive*
- 98/79/EC *Vitro Diagnostic Device Directive*

Í fréttatilkynningu sem birt var þegar tillagan kom fram sagði að framboð gæða lækningatækja hafi mikla þýðingu fyrir heilbrigðismál og opinber útgjöld á því sviði. Um 10 þúsund tegundir lækningatækja falla undir þetta svið og fjölbreytileikinn er gífurlegur. Almennigur ætlast til þess að framleiðsla og notkun slíkra tækja sé undir stöngu gæðaeftirliti og miðar tillaga framkvæmdastjórnarinnar nú að því að auka enn á skilyrði í þeim efnun.

EFTA EES ríkin fjalla nú um upptöku reglugerðarinnar í EES samninginn. [Sjá nánar](#).

Samræmdar reglur um sérhæfð lyf

Fyrir liggur reglugerð sem setur nánari reglur um framleiðslu og markaðsleyfi á nýjum sérhæfðum lyfjum er byggja á genavísindum, frumum og vefjum (advanced therapies). Þessar nýju aðferðir geta haft áhrif við meðferð margskonar sjúkdóma og slysa sem erfið hafa verið viðureignar, svo sem Alzheimer, krabbamein, brunasár ofl.

Tillaga að reglugerðinni kom fram í nóvember 2005, en er tilgangur hennar að tryggja samræmdar reglur um viðskipti með vörur og lyf sem byggja vissum lífefnum, þ.e. genum, frumum og vefjum. Það var talið mikilvægt að tryggja frjáls viðskipti á þessu sviði sem fælu í senn í sér að heilbrigðishagsmunir væru tryggðir og að fyrirtæki á þessu sviði gætu athafnað sig á öllum innri markaði ESB/EES.

EFTA EES ríkin fjalla nú um upptöku hennar í EES samninginn. [Sjá nánar](#).

ALMANNATRYGGINGAR

Endurgerð reglugerðar um almannatryggingar

Unnið hefur verið að því að meta nýja reglugerð um almannatryggingar og réttindi þar að lútandi við för á milli landa á EES svæðinu (*Coordination of Social Security Systems – Regulation (EC) No 883/2004*). Reglugerðin er viðamikil, en megintilgangur hennar er að endurgera reglugerð nr. 1408/71 um þessi mál, sem hefur tekið ótal breytingum síðan hún var lögfest árið 1971. Með hinni nýju reglugerð er sköpuð betri yfirsýn yfir réttindi og skyldur í þessum efnum. Reglugerðin öðlast ekki gildi fyrr en reglugerð sem hrindir henni í framkvæmd hefur tekið gildi, tillaga að slíkri reglugerð er nú til umfjöllunar í stofnunum Evrópusambandsins.

Tillagan hefur verið [rædd í áföngum í ráðherraráðinu](#), nú síðast þann 5. desember síðastliðinn. Vinnuhópur EFTA á sviði almannatrygginga hefur fylgst náið með framvindu þessa máls og nú sendur yfir vinna þar sem eldri reglugerðir eru bornar saman við þær sem taka við

FJÁRMÁL

YFILIT YFIR STEFNU OG AÐGERDIR EVRÓPUSAMBANDSINS Í SKATTAMÁLUM

Skattastefna Evrópusambandsins (ESB) byggir á tveimur stoðum. Annars vegar beinum sköttum á hagnað fyrirtækja, tekjur einstaklinga, sparnað og fjármagn sem aðildarríkin ákveða og innheimta hvert fyrir sig. Hins vegar á óbeinum sköttum sem eru háðir ákveðinni samræmingu að hálfu ESB vegna þess að þeir geta haft áhrif á frjálsa flutninga og frelsi til að veita þjónustu á innri markaði.

Tekið skal fram að skattamál falla ekki undir Samninginn um evrópska efnahagssvæðið (EES) og skattastefnan tekur því ekki til Íslands. Þrátt fyrir það mega íslenskar skattareglur ekki fela í sér hindranir eða mismunun sem hindra framkvæmd EES-samningsins.

Tilskipanir ESB sem varða skattamál þurfa einróma samþykki allra aðildarríkjanna til að öðlast gildi. Framkvæmdastjórn ESB hefur þó lengi verið þeirrar skoðunar að fella eigi þessa kröfu niður að því leyti sem skattamál varða innri markaðinn, enda sé nánast útilokað að ná fram nauðsynlegri samræmingu með núverandi fyrirkomulagi.

Til að fjármagna útgjöld sín ákveður hvert ríki fyrir sig hvað skuli skattleggja og hversu mikið. Ríkin verða þó að gæta þess að skattlagningin samræmist markmiðum um innri markað og frjálsa fjármagnsflutninga. Tilgangurinn er að skattkerfi og hlutföll raski ekki virkni markaðsins, valdi bjögun á viðskiptum eða hindri fjárfestingar yfir landamæri og fjölgun starfa. Evrópudómstóllinn úrskurðar endanlega hvort skattareglur hindri frelsi á innri markaði.

Framkvæmdastjórnin leitast við að koma á ákveðnu samræmi í skattamálum aðildarríkjanna, sérstaklega þegar málin varða fleiri en eitt ríki. Án samræmingar væri hætta á að aðili með skattskylda starfsemi eða tekjur í fleiri en einu aðildarríki yrði skattlagður tvisvar, honum yrði mismunað, hann yrði fyrir óhófleglegum kostnaði við að uppfylla reglur fleiri en eins skattkerfis eða myndi misnota aðstöðu sína til að koma sér undan skatti.

Þótt beinir skattar séu ekki samræmdir milli ríkjanna eiga þau með sér samvinnu á þessu sviði, meðal annars um ráðstafanir til að hindra skattundanskot og tvöfalda skattlagningu. Einnig eru gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ríkin stundi skaðlega skattasamkeppni sín á milli þegar þau leitast við að laða til sín fjármagn og fyrirtæki.

Óbeinir skattar

Samkvæmt tilskipun ESB skulu vörur og þjónusta almennt bera að lágmarki 15% virðisaukaskatt. Almenna virðisaukaskattshlutfallið getur þó verið hærra í aðildarríkjunum, auk þess sem þau hafa svigrúm til að nota lægri hlutföll og veita ákveðnar undanþágur. Almenn takmarkast frávikin við staðbundnar vörur og þjónustu enda er það skilyrði sett að lækkun skattsins raski ekki samkeppni á viðkomandi markaðssvæði gagnvart vörum og þjónustu frá öðru aðildarríki. Dæmi um staðbundnar vörur og þjónustu eru máltíðir á veitingahúsum og daglegar nauðsynjar fólks svo sem matur og lyf.

Vörugjald á eldsneyti, drykkjarvörur og tóbak lýtur einnig samræmdum reglum þar sem mismunandi gjaldtaka gæti auðveldlega raskað samkeppni. Reglurnar veita þó svigrúm til fráviks af menningarlegum ástæðum til dæmis hvað varðar bjór og vín. Auk þess er viðurkennt að efnahagur ríkja er mismunandi og þau hafa því mismikla þörf á að leggja gjöld á vörur. Litið er svo á að ekki megi þvinga ríki sem stendur vel fjárhagslega til að hækka skatta. Þannig skýra til dæmis lág vörugjöld í Lúxemborg á olíuvörur lægra verð á þeim þar í landi en í löndunum í kring.

ESB hefur einnig sett reglur um samræmingu orkuskatta sem hvetja til orkusparnaðar án þess þó að raska samkeppni. Reglurnar gera ráð fyrir sveigjanleika svo taka megi tillit til sérstakra aðstæðna í hverju ríki.

Verð á bifreiðum er mismunandi eftir löndum meðal annars vegna mishárna skatta. Þrátt fyrir þetta geta reglur hindrað fólk í að kaupa bifreiðar í þeim ríkjum sem verðið er lægst. Framkvæmdastjórnin vinnur að því að fá ríkin til að breyta reglum sínum svo um raunverulegan innri markað verði að ræða á þessu sviði. Hún hefur lagt til að skattlagning bifreiða taki fyrst og fremst mið af því hversu mikið koltvíldi þeir losa.

Þeir sem svíkja undan skatti nýta sér gjarnan flækjur í skattkerfinu. Flókið kerfi eykur að auki kostnað við viðskipti og hindrar viðskipti yfir landamæri. Einföldun og barátta gegn misnotkun eru því meðal forgangsaðrið framkvæmdastjórnarinnar. Sömu leiðis er það forgangsaðrið að skattkerfi taki mið af þróun tækninnar. Þeir sem sömdu fyrstu reglur um virðisaukaskatt gátu til dæmis ekki séð fyrir þróun í upplýsingatækni og fjölmiðlun, svo sem að hægt yrði að kaupa hugbúnað á tölvur í vefverslunum og horfa á áskriftarsjónvarp yfir vefinn. Þessi nýja tækni leiddi til þess að reglum var breytt svo þær næðu til rekstrar á þessu sviði og að virðisaukaskattur yrði innheimtur af þjónustu sem flutt inn á ESB svæðið með slíkri tækni.

Fyrirtækjaskattar

ESB er með tvö markmið á sviði fyrirtækjaskatta. Annars vegar að koma í veg fyrir skaðlega skattasamkeppni milli aðildarríkjanna og hins vegar stuðla að frjálsum fjármagnsflutningum. Aðildarríkjunum er óheimilt samkvæmt reglum ESB að bjóða skattviltanir til að hafa áhrif á fjárfestingarákvarðanir fyrirtækja og eru á kostnað annarra aðildarríkja. Reglurnar stuðla að því að skattlagning fyrirtækja sé nokkurn veginn sú sama alls staðar innan ESB. Greiðslur á sköttum, þóknunum og hagnaði yfir landamæri milli móður- og dótturfyrirtækja hafa smám saman verið undanþegnar staðgreiðsluskatti í því ríki sem greiðslan fer fram. Í aðalatriðum eru sömu aðferðir notaðar alls staðar innan ESB við að skattleggja fyrirtækjahópa og innbyrðis viðskipti eininga innan fyrirtækjasamstæðna yfir landamæri með notkun reglna um milliverðlagningu (Transfer prices). Um þessar mundir fara fram umræður um að taka upp samræmdan skattstofn fyrirtækja. Hugmyndin gengur út á að nota eina aðferð við að ákvarða álagningarstofn fyrirtækja og koma þannig í veg fyrir ósanngjarna skattasamkeppni milli aðildarríkjanna þótt þau ákveði áfram hvert um sig skattprósentuna.

Skattlagning sparnaðar og lífeyris

Aðildarríkin ákveða hvert um sig skattlagningu launþega þótt ESB geti þurft að láta þau mál til sín taka til að koma í veg fyrir bæði jákvæða og neikvæða mismunun gagnvart fólki sem vinnur eða fjárfestir í öðru ríki en það býr í.

Framkvæmdastjórn ESB grípur til aðgerða sem tryggja að fólk sé ekki hindrað í að starfa í öðru aðildarríki vegna vandamála í sambandi við flutning lífeyrisréttinda og skattlagningu þeirra. Íbúar ESB eiga að geta varðveitt sparnað sinn þar sem þeir telja að þeir fái besta ávöxtun og skattleggur búseturíkið tekjurnar. Ætlast er til að einstaklingar telji fram tekjur og eignir sínar erlendis. Til að koma í veg fyrir misbrest á þessu sviði hafa ESB ríkin og nokkur önnur Evrópuríki skipst frá 1. júlí 2005 á upplýsingum um sparnað fólks sem ekki er búsett í ríkinu þar sem það hefur tekjur. Austurríki, Belgía, Lúxemborg og nokkur önnur Evrópuríki leggja þó staðgreiðsluskatt á fjármagnstekjur þessa fólks og millifæra stóran hluta skatttekjanna til heimaríkis viðkomandi.

Yfirliti yfir stefnu og reglur ESB á sviði skattamála.

<http://europa.eu/scadplus/leg/en/s10000.htm>

Fulltrúi fjármálaráðuneytisins hefur tekið saman ýtarlegt yfirlit um skattastefnu ESB, sem hægt er að nálgast í sendiráðinu.

IÐNAÐARMÁL

Nokkuð margir málaflokkar falla undir ábyrgð iðnaðarráðuneytis á Evrópuvettvangi, orkumálin eru þó sá málaflokkur sem hafa skipað stærstan sess í umræðunni allt þetta ár og er skýrsla þessa árshluta því fyrst og fremst helguð orkumálum.

Orkustefna Evrópusambandsins

Þann 10. janúar 2007 kynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögur að nýrri stefnu í orkumálum, sem voru teknar til umfjöllunar á leiðtogafundi þess 8.-9. mars 2007. Er það í fyrsta skipti sem sett hefur verið fram heildstæð stefna í orkumálum, þar sem koma fram helstu markmið orku- og umhverfismála sem unnið verður að á næstu árum. Megintilgangurinn með slíkri heildstæðri orkustefnu var að vekja almenning og stjórnvöld aðildarríkjanna til vitundar um mikilvægi málsins og ábyrgð þeirra sjálfra, en jafnframt að skapa sátt um stefnu í þessum efnunum.

Í stefnunni voru samþykkt markmið fyrir Evrópusambandið fram til ársins 2020 miðað við stöðuna 1990, að:

- Minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 20%. ESB er tilbúið að fara í 30% ef önnur þróuð ríki heims taka þátt.
- Auka skilvirkni orkugjafa (*Energy efficiency*) um 20%
- Koma aðildarríkjum ESB í fremstu röð hvað varðar notkun endurnýjanlegra orkugjafa - a.m.k. 20% orkunotkunar ESB verði fengin frá endurnýjanlegum orkugjöfum.
- Auka hlutdeild lífræns eldsneytis (*biofuel*) í eldsneyti ökutækja í 10%.

Þann 10. júlí 2007 samþykkti Evrópuþingið ályktun um framtíðarhorfur á gas- og rafmagnsmarkaðinn. Í ályktuninni var lýst yfir stuðning við orkustefnuna þar sem m.a. kom fram að aðskilnaður eignarhalds væri vænlegasta leiðin til að stuðla að fjárfestingu, jöfnum aðgangi fyrir nýja markaðsaðila og gagnsæi á markaðnum. Í ályktun Evrópuþingsins kom þó fram að aðrar aðgerðir væru jafnframt nauðsynlegar auk þess sem ólíkar aðstæður á gas- og rafmagnsmörkuðum gætu kallað á ólíka nálgun.

Þriðji orkupakkinn

Hinn 19. september 2007, voru birtar tillögur framkvæmdastjórnarinnar að svo kölluðum þriðja löggjafarpakka Evrópusambandsins um afnám hafta í orkumálum. Er þar að finna tillögur að nýrri og breyttri löggjöf í orkumálum sem er ætlað að tryggja að val neytenda um hvern hann á viðskipti við sé raunverulegt og skilvirkt.

Tillögurnar eiga að koma í framkvæmd megin markmiðum orkustefnunnar, samkeppni, sjálfbærni og öruggt orkuframboð. Er þannig raunverulegt val neytenda, sanngjarnt verð, hrein orka og öryggi orkuafhendingar sett á oddinn.

Í tillögunum er að finna kröfu um algjöra sundurgreiningu (*e. Undbundling*) á eignarhaldi þ.e. að eignarhald flutningsvirkja annars vegar og fyrirtækja í framleiðslu og/eða dreifingu hins vegar verði greint að. Tillaga um sundurgreiningu eignarhalds orkufyrirtækja kom fram í ársbyrjun í orkustefnunni, þar sem núverandi krafa um lagalegan aðskilnað er ekki talin hafa skilað árangri. Er þetta leið sem mörg ríki Evrópusambandsins hafa farið og telja einu réttu leiðina. Á móti standa stór ríki, s.s. Þýskaland og Frakkland sem telja of langt gengið þar sem markmiðið um bætt og skilvirkari samkeppni megi ná fram með öðrum leiðum. Af þeim sökum var í þriðja orkupakkanum að finna annan valkost svokallaðan sjálfstæðan kerfisstjóra

(e. Independent System Operators) sem gerir fyrirtæki kleift að eiga áfram flutningsvirki og stunda framleiðslu og dreifingu. Sjálfstæðum kerfisstjóra, verði þó falið að fara með alla starfsemi flutningsvirkisins, þó að eignarhaldið verði áfram hjá orkufyrirtækinu. Sú leið mun jafnframt tryggja sjálfstæði flutningsvirkisins eins og um fulla sundurgreiningu væri að ræða. Er gert ráð fyrir að reglurnar taki bæði til fyrirtækja í einkaeigu og opinberri eigu. Þá er gert ráð fyrir að reglurnar muni taka til fyrirtækja innan og utan Evrópusambandsins, þ.e. að fyrirtæki frá þriðja ríki verður að uppfylla sömu kröfu um sjálfstæði og fyrirtæki innan svæðisins.

Framkvæmdastjórnin kom jafnframt fram með nýjar tillögur er lúta að eftirlitsstjórnvöldum, þar sem staða og sjálfstæði þeirra er styrkt nokkuð. Auk þess sem lagt er til að sett verði á stofn sérstök stofnun til að auka samvinnu eftirlitsaðila á sviði orkumála, sem hafi ráðgefandi hlutverk gagnvart framkvæmdastjórninni, setji niður umgjörð um samstarf eftirlitsstjórnvalda, hafi eftirlit með samstarfi flutningsvirkja auk þess sem hún hafi ákvarðanatöku í tilteknum málum.

Tillagan að þriðja orkupakkanum var lögð fram á ráðsfundi orkuráðherra 3. desember 2007 til kynningar, en umræða um tillöguna fór ekki fram, þar sem aðildarríkin deila enn um tillögunnar, m.a. um þann hluta sem snýr að aðskilnaði á eignarhaldi. Gert er ráð fyrir að tillagan verði tekin til umfjöllunar í byrjun árs 2008.

Nánari upplýsingar um þriðja orkupakkann er að finna á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar á slóðinni: http://ec.europa.eu/energy/electricity/package_2007/index_en.htm

Strategic European Technology Plan, SET-PLAN,

Þann 22. nóvember 2007 kom framkvæmdastjórnin fram með áætlun um orkurannsóknir fyrir Evrópu. Meginmarkmið áætlunarinnar er að hraða þróun og innleiðingu nýrrar tækni. Evrópusambandinu er ljóst að nýjungar í orkutækni eru nauðsynlegar til þess að markmiðum um minnkun útlosunar gróðurhúsalofttegunda verði náð. Tillagan er hluti af orkustefnunni en grundvöllur þess að markmiðum hennar verði náð er að þróun verði í endurnýjanlegri orku, orkunýtingu, tækninýjunum og þróun á þessu sviði.

Með SET-PLAN áætlunin er leitast við að ná fram nýrri sameiginlegri stefnumörkun, betri framkvæmd, aukningu í fjármagni og nýrri nálgun gagnvart alþjóðlegri samvinnu. Er ætlunin m.a. að nota betur og auka fjármagn og mannafla til að flýta fyrir þróun og notkun á tækni með lágu kolefnisinnihaldi í framtíðinni. Í dag er talið að ekki sé veitt nægum fjármunum í rannsóknir, þær séu of dreifaðar og ósamræmdar. Eigi Evrópu að takast að þróa nýja kynslóð endurnýjanlegra orkugjafa, s.s. vindorku, sólarorku eða annarrar kynslóðar lífmassa, sé nauðsynlegt að bregðast við.

Tækninýjungar á sviði orkumála eru mikilvægar í baráttu gegn loftlagsbreytingum og til þess að tryggja orkuframboð. Þannig er ljóst að ef markmið ESB um að dregið verði úr útlosun gróðurhúsalofttegunda um 60-80% fyrir 2050, verður að þróa nýja tækni.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar:

http://ec.europa.eu/energy/res/setplan/communication_2007_en.htm

Viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda,

Í lok október var tekinn upp í EES-samninginn tilskipun 2003/87/EB um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Tilskipunin tekur í dag til tiltekinnar starfsemi, t.d. orku og jarðefnaíðnaðar og ákveðinna lofttegunda, CO₂. Þar sem eingöngu um 1% af

útblæstri á Íslandi fellur undir gildissvið tilskipunarinnar var samið um undanþágu fyrir Íslands hönd þar til losun fer yfir 25 þúsund tonn. Meðan Ísland er ekki hluti af kerfinu þá þurfa íslenskir aðilar sem vilja eiga viðskipti í kerfinu að stofna reikning í öðrum ríkjum. Einn hluti af viðskiptakerfinu lýtur að möguleika fyrirtækja að öðlast einingar í viðskiptakerfinu, svo kallaðar Clean Development Mechanism, með þátttöku í verkefnum í þróunarríkjum sem miða að því að dregið sé úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Getur þessi möguleiki komið til skoðunar við þátttöku íslenskra orkufyrirtækja í uppbyggingu á jarðvarmavirkjunum í þróunarríkjum.

Framkvæmdastjórnin hefur þegar kynnt tillögu að útvíkkun tilskipunarinnar þannig að flugsamgöngur verði felldar undir viðskiptakerfið árið 2012. Þá hefur jafnframt komið fram að í skoðun sé að útvíkka gildissvið tilskipunarinnar til fleiri lofttegunda og atvinnugreina og hefur ál, verið nefnt í því sambandi. Bodað hefur verið að breytingar á tilskipuninni vegna tímabilsins eftir 2013 verði kynntar þann 23. janúar 2008.

Noregur og Liechtenstein stefna að þátttöku í kerfinu frá fyrsta degi, 1. janúar 2008. Áhugavert er að áhugi Liechtenstein á þátttöku tengist áhuga fjárfesta sem meta að þar sé um möguleg viðskiptatækifæri að ræða.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar:

<http://ec.europa.eu/environment/climat/emission.htm>

Endurnýjanleg orka

Í orkustefnu Evrópusambandsins er að finna markmið um að 20% orkugjafa Evrópusambandsins verði fengnir frá endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2020 auk þess sem gert er ráð fyrir að á sama tíma verði hlutdeild lífræns eldsneytis í samgöngum 10%.

Útfærslur á markmiðum orkustefnunnar er varðar endurnýjanlega orku verða birtar 23. janúar nk. í tengslum við sérstaka viku Evrópusambandsins um sjálfbæra orku, sem Ísland verður m.a. þátttakandi í með ráðstefnu um jarðvarma.

Er þess að vænta að tillögur framkvæmdastjórnarinnar um endurnýjanlega orku muni fela í sér útlistun á því hvernig markmiði um að 20% af orkunotkun verði fengin frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Í dag stafa 8,5% orkugjafa Evrópusambandsins frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Í tilskipuninni verður að finna tillögur um leiðir til að ná fram þeim 11.5% sem upp á vanta.

Nú þegar er fylgst náið með stefnumörkun á sviði endurnýjanlegrar orku innan Evrópusambandsins enda varða slíkar tillögur Íslands sértaklega. Gera má ráð fyrir að Evrópusambandið muni líta svo á að tilskipunin hafi áhrif á EES-samninginn.

Carbon Capture and Storage (CCS)

Þann 23. janúar 2008 mun framkvæmdastjórnin jafnframt kynna drög að tilskipun um lagalega umgjörð fyrir starfsemi *Carbon Capture and Storage*, CCS. Samtímis verður jafnframt birt orðsending framkvæmdastjórnarinnar um CCS tilraunaverkefni.

Með CCS tækninni, er CO₂ sem losnar út við orkuframleiðslu frá jarðefnaeldsneyti (e. fossil fuels) beislað, flutt og geymt neðanjarðar. Tæknin er dýr og hafa margir áhyggjur af öryggi slíkrar neðanjarðargeymslu.

Fram hefur komið að í tilskipuninni verði litið svo á að gróðurhúsalofttegundir sem CCS tækninni verður beitt um muni ekki verða taldar útlosaðar skv. viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Tilskipunin mun fyrst og fremst leggja áherslu á öryggisatriði tækninnar auk þess sem hún mun fjarlægja lagalegar hömlur á almenna notkun þess úrræðis.

Fyrr í vetur voru umræður um að orkufyrirtækin fengju einingar fyrir CO₂ sem geymt er með CCS tækninni, sem þau gætu átt viðskipti með í viðskiptakerfinu. Virðist framkvæmdastjórnin hafa horfið frá þeirri hugmynd, orkufyrirtækjum til nokkurra vonbrigða. Fram hefur komið hjá talsmanni framkvæmdastjórnarinnar um orkumál að janúar pakkinn muni staðfesta CCS sem lögmæta “emission-mitigation” tækni viðurkennda á grundvelli viðskiptakerfisins. Jafnframt að hugsanlega þurfi að koma fram með viðbótar hvata þar sem tæknin sé ekki efnahagslega hagkvæm í dag. Hefur verið nefnt að slíkur hvati gæti verið í formi ESB sjóða eða rýmkunar ríkisstyrkjareglna.

CIP – Competitiveness and Innovation Programme.

Samkeppnis- og þróunaráætlunin, CIP, er ný rammaáætlun sem starfrækt verður árin 2007-2013. Ísland er ásamt EES/EFTA ríkjunum þátttakandi í áætluninni.

Rammaáætlunin skiptist í þrjár undiráætlanir, sem áður hafa verið reknar sjálfstætt undir öðrum heitum:

- a) Nýsköpunaráætlun (*e. Entrepreneurship and Innovation Programme – EIP*)
- b) Upplýsingatækniáætlun (*e. ICT policy support Programme – ICT*)
- c) Orkusnýtingaráætlun (*e. Intelligent Energy-Europe Programme – IEE*)

Áætlunin var tekinn upp í EES-samninginn 30. júní sl. og var gildistakan afturvirk til 1. janúar. Framan af vetri voru einhverjir hnökur á þátttöku Íslands í áætluninni, en reynt hefur verið að leysa úr þeim á vettvangi EFTA. Kostnaður EES/EFTA ríkjanna vegna áætlunarinnar er um 85 milljónir evra og er hlutur Íslands þar af um 4 milljónir evra eða 362 milljónir íslenskra króna. Mikilvægt að vel sé staðið að þátttöku Íslands í áætluninni og að þau tækifæri sem hún býður upp á verði nýtt. Iðnaðarráðuneytið er ábyrgðaraðili fyrir áætlunina á Íslandi en umsjónarmenn einstakra hluta eru sem hér segir:

1. EIP - Hanna Dóra Másdóttir, sérfræðingur í iðnaðarráðuneytinu (hanna.dora.masdottir@idn.stjr.is)
2. ICT - Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri forsætisráðuneyti, (guðbjorg.sigurdardottir@for.stjr.is) og Sigurður Guðmundsson, Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands (sigurgud@hi.is)
2. IEE - Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkusetrinu Akureyri (sig@os.is)

Nánari upplýsingar um áætlunina má finna hér: http://ec.europa.eu/cip/index_en.htm

VIÐSKIPTAMÁL

Innri markaðurinn

Þann 20. nóvember 2007 birti framkvæmdastjórnin orðsendingu til Evrópuþingsins, Ráðsins, Efnahags- og félagsmálanefndar Evrópuþingsins og Svæðanefndarinnar, um stöðu innri markaðarins á 21. öldinni og mikilvægustu stefnumarkandi mál framtíðarinnar.

Í vinnuskjalinu er að finna samantekinn pakka af aðgerðum sem ætlað er stuðla að nútímavæðingu innri markaðarins íbúum svæðisins til hagsbóta. Mikilvægustu stefnumarkandi málin sem sett voru fram eru m.a. að:

1. aðstoða neytendur við að ná fram samningsbundnum rétti og geta notið úrlausnaúrræði milli landa.
2. stuðla að betri upplýsingagjöf neytendum og minni fyrirtækjum til handa
3. bregðast við veikleikum á þeim sviðum þar sem innri markaðurinn getur náð meiri árangri
4. leggja til löggjöf um minni fyrirtæki (*e. Small Business Act*)

Með tillögunum er lögð mikil áhersla á neytendur og minni fyrirtæki.

Neytendur

Framkvæmdastjórnin vill að neytendur njóti ríkari réttar og upplýsinga. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að árið 2008 verði kynnt framtaksverkefni er varðar samningarétt og hópúrlausnir (*e. collective redress*). Þá mun framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur er lúta að meiri samræmingu reglan er varða fjármálaþjónustu fyrir almenning, bæta fjármálalæsi neytenda og auðvelda flutning á milli bankareikninga án þess að þurfa að greiða þóknun vegna lokunar reiknings.

Þá er gert ráð fyrir að horft verði til heildarframmistöðu ríkja, þ.e. í stað þess að áhersla verði eingöngu á töf á innleiðingu og samningsbrotamál þá veðri jafnframt horft til stígatöflu (*e. consumer scoreboard*) sem mæli frammistöðu markaða fyrir neytendur.

Löggjöf fyrir lítil fyrirtæki (*e. Small business Act*)

Framkvæmdastjórnin mun leggja til löggjöf fyrir lítil fyrirtæki árið 2008. Markmið slíkrar löggjafar er að draga úr skrifinnsku, auka aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að áætlunum ESB, auka þátttöku í samningum um opinber innkaup, draga úr hindrunum er lúta að starfsemi yfir landamæri, m.a. með nýrri löggjöf um lítil evrópsk félög (*e. European Small Company Statute*).

Nánari upplýsingar má finna á vef framkvæmdastjórnarinnar:

http://ec.europa.eu/citizens_agenda/index_en.htm

FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

Grænbók um fjármálaþjónustu fyrir almenning.

Í maí kom framkvæmdastjórnin fram með grænbók um fjármálaþjónustu fyrir almenning. Var tilgangurinn með grænbókinni að setja fram framtíðarsýn framkvæmdastjórnarinnar fyrir fjármálaþjónustu fyrir almenning, en undir það falla t.d. bankareikningar, lán, veðlán, fjárfestingar og váttryggingar sem boðnar eru einstaklingum. Grænbókinni var ætlað að draga fram þau vandamál sem eru til staðar, setja fram almenn markmið fyrir framtíðina og draga fram þau svið þar sem frekari skoðunar er þörf. Skoðunin var hluti af skoðun á virkni innri markaðarins.

Í september voru birtar samanteknar niðurstöður af innkomnum athugasemdum. Það var svo í fylgiskjali með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um stöðu innri markaðarins sem

framkvæmdastjórnin kom fram með markmið og nýjar tillögur á sviði fjármálaþjónustu (*e. Commission Staff Working Document – Initiatives In The Area Of Retail Financial Services*). Meðal þeirra sviða sem lagðar eru til aðgerðir á eru að:

1. Auðvelda neytendum að flytja viðskipti sín á milli banka.

Í tengslum við það hefur bankaiðnaðinum verið falið að þróa innri reglur, fyrir mitt ár 2008 sem auðveldi viðskiptavinum að flytja viðskipti milli banka, m.a. er lýtur að samvinnu bankanna um flutning greiðslubeiðna og einnig að afnema mismunun sem byggist á þjóðerni eða búsetu við opnun bankareikninga milli landa. Framkvæmastjórnin mun leggja til viðmiðunarreglur sem byggjast á góðum viðskiptaháttum. Verði bankaiðnaðurinn ekki við slíkri beiðni mun framkvæmdastjórnin íhuga lagasetningu.

2. Tengsl fjármálaþjónustu (*e. product tying*).

Framkvæmdastjórnin telur að þegar kaup á tiltekinni fjármálaþjónustu eru ekki heimil nema kaup annarrar tegundar séu jafnframt keypt sé skýr hindrun á val neytenda og bindi neytendur við tiltekinn þjónustuveitanda. Slík veiki samkeppni og skilvirkni markaðarins. Framkvæmdastjórnin er að skoða þennan þátt.

3. Upplýsingar um skuldastöðu (*e. credit data*).

Slíkar upplýsingar eru mikilvægur þáttur á samkeppnishæfum markaði. Markmið framkvæmdastjórnarinnar er að tryggja auðvelda notkun slíkra upplýsinga sem er öllum til hagsbóta og verður sérfræðihópur settur upp 2008 til að aðstoða framkvæmdastjórnina.

4. Ökutækjatrýggingar.

Í upphafi árs 2008 er stefnt að því að útbúa kynningarefni fyrir neytendur um grundvallarreglur ökutækjatrýgginga. Stefnt er að könnun á því hvað hafi áhrif á verðmyndun ökutækjatrýgginga.

Í vinnuskjalinu var einnig fjallað um veðlánastarfsemi og menntun neytenda, sem vikið er að hér á eftir.

Nánari upplýsingar má finna á síðu framkvæmastjórnarinnar:

http://ec.europa.eu/internal_market/finservices-retail/policy_en.htm#green_paper

Menntun og þekking neytenda

Þetta er mikilvægt málefni sem varðar bæði fjármálamarkaðinn og stefnu í neytendamálum. Í umsagnarferli um grænbók um fjármálaþjónustu viku margir aðilar að mikilvægi þessa atriðis og þörf á úrbótum. Þann 18. desember kom framkvæmastjórnin fram með orðsendingu um menntun fyrir almenning í fjármálum. Framkvæmdastjórnin hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að auka hæfni borgaranna til að skilja og taka þátt í viðskiptum með fjármálagerninga og fjármálaþjónustu. Menntun í fjármálum hefur í för með sér mikinn hag fyrir neytendur og þjóðfélagið í heild. Framkvæmdastjórnin leggur til almenn markmið til að leiðbeina þeim sem stuðla að menntun í fjármálum og leggur til hagkvæm verkefni.

http://ec.europa.eu/internal_market/finservices-retail/capability/index_en.htm

Veðlánastarfsemi (e. Mortgage Credit)

Í júlí 2005 var lögð fram grænbók um fyrirkomulag veðlánastarfsemi (e. *Green Paper on Mortgage Credit in the EU*). Samráðsferlinu lauk í lok nóvember 2005 og sendi Ísland m.a. inn athugasemdir við grænbókina, sem lutu að stöðu veðlána á íslenskum markaði.

Í apríl 2006 setti framkvæmdastjórnin upp tvær sérfræðinganefndir sem áttu annars vegar að rannsaka fjármögnun fasteignaveðlána og hins vegar neytendavernd. Þetta voru þau tvö svið sem þóttu þurfa nánari skoðun samkvæmt ábendingum í athugasemdum við grænbókina. Niðurstöður þessara sérfræðinganefnda voru birtar í upphafi árs 2007 og var kallað eftir athugasemdum við niðurstöðu nefndanna fram til 15. febrúar.

Þann 18. desember kynnti framkvæmdastjórnin hvítbók um veðlánastarfsemi, en hennar hafði verið beðið frá því um mitt ár. Í hvítbókinni eru lagðar fram tillögur sem ætlað er að bæta hagkvæmni og samkeppnishæfni markaða innan núverandi löggjafar, neytendum, lánastofnunum og fjárfestum til hagsbóta. Framkvæmdastjórnin leggur ekki til lagatillögur að þess sinni. Þau úrræði sem sett eru fram í hvítbókinni til að ná þeim markmiðum lúta m.a. að aðgerðum til að stuðla að framboði veðlána milli aðildarríkja og fjármögnun veðlána, auka fjölbreytileika veðlána, bæta sjálfstraust og hæfni neytenda auk þess að tryggja möguleika neytenda á að flytja viðskipti sín. Framkvæmdastjórnin telur þörf á frekari skoðun á nauðsyn löggjafar m.a. er lýtur að uppgreiðslu veðlána, er varðar gæði og framsetningu upplýsinga, að tryggt sé að lánaveitingar séu ábyrgar, s.s. með framkvæmd greiðslumats. Gert er ráð fyrir að frekari vinna sem boðuð er í hvítbókinni fari fram á þessu ári.

Frekari upplýsingar um hvítbókina má finna á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar:
http://ec.europa.eu/internal_market/finservices-retail/home-loans/integration_en.htm

Fjármálastöðugleiki

Fundur fjármálaráðherra Evrópusambandsins 8. og 9. október 2007 var helgaður miklum sviptingum á fjármálamörkuðum. Var á fundinum samþykkt vinnuáætlun þar sem ráðið fól framkvæmdastjórninni að vinna að ýmsum atriðum á árinu 2008, m.a. breytingu á tilskipun um eigin fé fjármálafyrirtækja, innstæðutryggingum og fleiru.

Gjaldþol váttryggingafélaga.

Þann 10. júlí sl. lagði framkvæmdastjórnin fram drög að tilskipun á váttryggingasviði er varðar gjaldþol váttryggingafélaga og er henni ætlað að bæta neytendavernd, nútímavæða eftirlit, efla samrunna markaðarins og auka alþjóðlega samkeppnishæfni evrópskra váttryggjenda. Tilskipunin gengur undir nafninu Solvency II og mun koma í staðinn fyrir 14 tilskipanir á váttryggingasviðinu og er hinu nýja kerfi ætlað að koma til framkvæmda árið 2012.

Markmið Evrópuregla um gjaldþol er að tryggja að váttryggingafélög hafi fjárhagslegan styrk og að þau hafi jafnframt styrk til að ganga í gegnum erfiðleika. Þannig eru hagsmunir váttryggingatakar varðir og stöðugleiki fjármálakerfisins í heild.

Í hinu nýja kerfi er sú krafa gerð til váttryggjenda að taka tilliti til allra áhættuþátta sem standa að rekstrinum og takast á við þær hættur með skilvirkari hætti. Auk þess er gert ráð fyrir að váttryggingafélög í hópi (e. insurance groups) muni lúta eftirliti hópeftirlitsaðila (e. group supervisor) sem hafi betri möguleika á að hafa eftirlit með hópnunum í heild.

Tillagan byggist á Lamfalussy kerfinu og er svokölluð *Level 1* tilskipun og fjallar fyrst og fremst um grundvallaratriði og pólitískar ákvarðanir er lúta að gerð kerfisins. Hinar tæknilegu- og nákvæmari reglur fylgja á eftir á *level 2*, en gert er ráð fyrir að það stig verði tilbúið a.m.k. 18 mánuðum áður en váttryggjendur eiga að byrja að nota hinar nýju reglur.

http://ec.europa.eu/internal_market/insurance/solvency/index_en.htm#sol2

NEYTENDAMÁL

Eitt erfiðasta neytendamálið, tillaga að tilskipun um neytendalán (e. Consumer Credit) hefur verið til umfjöllunar frá árinu 2002. Pólitísk sátt náðist um tillöguna á ráðsfundi ráðherra samkeppnishæfnismála 21.-22. maí 2007. Tilskipuninni er ætlað að tryggja að neytendur séu betur upplýstari þegar þeir taka neytendalán, t.d. vegna sumarleyfa eða bifreiðakaupa. Tilskipuninni er ætlað að sameina innri markað fyrir neytendalán og mun hún gera markaði gangsaerri fyrir neytendur og viðskiptalífið. Með tilskipuninni eru m.a. samræmdar reglur um upplýsingagjöf, rétt til að falla frá kaupum, rétt til uppgreiðslu lána og um árlega hlutfallstölu kostnaðar.

Eftir erfiðar samningaviðræður milli Evrópuþingsins og ráðsins náðist loks samkomulag um tillögunar á fundi Evrópuþingsins 16. janúar 2008.

Það atriði sem deilur hafa staðið um er heimild til uppgreiðslu lána og hvort og hvenær heimilt sé að innheimta þóknun við uppgreiðslu. Samkvæmt samkomulaginu má þóknun ekki vera meira en 1% af fjárhæð skuldarinnar, ef skuldari greiðir þegar innan við ár er til gjalddaga lækkar þóknun í 0,5%. Aðildarríki hafa hins vegar möguleika á að gera undanþágur í tilteknum tilfellum.

Gert er ráð fyrir að ráðið samþykkti breytingarnar sem Þingið lagði til á fyrstu mánuðum 2008.

GREIÐSLUMIÐLUN (e. *Payment Services Directive*)

Tilskipun 2007/64/EC um greiðslumiðlun (e. *Payment Services Directive, PSD*) er hluti af viðleitni til að styrkja innri markaðinn með því að búa til nútímalegt og samræmt kerfi fyrir greiðslur innan ESB. Er tilskipuninni ætlað að skapa sambærilegar reglur fyrir greiðslur innan ESB þannig að unnt verði að fara með allar greiðslur yfir landamæri eins og innlendar greiðslur. Með greiðslum er átt við greiðslur með greiðslukortum, debetkortum, rafrænum bankamillifærslum, beingreiðslum eða með öðrum hætti. Í 96 greinum tilskipunarinnar eru um fulla samræmingu að ræða sem kallar á samvinnu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar. Verður af þeim sökum settur upp sérstakur vinnuhópur aðildarríkjanna sem stýrt verður af framkvæmdastjórninni. Þá hefur verið settur upp opinn spurningavefur um tilskipunina, þar sem hægt er að leggja fram spurningar og er gert ráð fyrir að öllum spurningum verði svarað innan þriggja mánaða.

Tilskipunin var samþykkt formlega á ráðsfundi 15. október sl. og var birt 5. desember sl. Gildistaka tilskipunarinnar er 1. nóvember 2009.

http://ec.europa.eu/internal_market/payments/framework/index_en.htm

SINGLE EURO PAYMENT AREA, SEPA

Tillögur um hið svo kallaða Single Euro Payment Area, SEPA, er fram komið að frumkvæði evrópska bankaiðnaðarins og er ætla að auðvelda alla rafrænar greiðslur á evru svæðinu. Frumkvæðið er stutt dyggilega af framkvæmdastjórninni og Seðlabanka Evrópu. Lagalegur grundvöllur þess að SEPA geti orðið að veruleika er afgreiðsla Ráðsins og Evrópuþingsins á tilskipun um Payment Services, PSD.

Hvað er SEPA?

Uptaka evrunnar gerði íbúum Evrópusambandsins kleift að borga með reiðufé hvar sem er á evrusvæðinu með jafn auðveldum hætti og í heimaríki. Þetta á ekki við um rafrænar greiðslur t.d. greiðslur með debetkort. Millifærslur milli landa geta tekið langan tíma auk þess sem fjárhæðin skilar sér oft ekki að fullu, vegna kostnaðar sem bankar innheimta.

SEPA er ætlað að breyta þessum atriðum. Er kerfinu ætlað að gera rafrænar greiðslur jafn auðveldar og greiðslur með reiðufé. Markmiðið er að unnt verði að framkvæma millifærslur milli landa með einföldum og öruggum hætti. Auk þess sem neytendur geti notað debetkort til greiðslu utan heimaríkis með sama hætti og í heimaríki.

SEPA er einnig ætlað að hafa í för með sér betri bankaþjónustu, gangsæja verðlagningu, tryggja að greiðslur berist hratt og örugglega auk þess fjármálafyrirtæki taki ábyrgð fari eitthvað úrskeiðis.

Á árinu 2008 fara fyrstu samhæfðu SEPA kerfin, millifærslur og greiðslukortaviðskipti, af stað. Gert er ráð fyrir að SEPA verði viðskiptavinum til hagsbóta hvar sem er innan EES svæðisins auk Sviss þrátt fyrir að viðkomandi ríki noti ekki evru. Við flutning fjármuna fær viðskiptavinur notið þeirrar auknu þjónustu og reglna um upplýsingar sem SEPA kerfið felur í sér hvort heldur sem fjármunir eru fluttir á milli evru ríkja eða milli ríkis sem notar ekki evru til evru ríkis. Þó geta gjaldeyrissskiptin leitt til þess að þjónustan gangi ekki jafn hratt og ef flutningur er á milli evru ríkja. Íslenskir bankar hafa tekið þátt í verkefningu, en þar sem engin séríslensk greiðslukort eru gefin út á Íslandi, hefur ekki þurft að aðlaga íslensk greiðslukort SEPA stöðlum, þeir eru einfaldlega teknir upp af útgefendum kortanna.

LANDBÚNAÐARMÁL

Hin almenna landbúnaðarstefna ESB

Umbótaferill í hinni almennu landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins – CAP -, fyrir tímabilið 2004 til 2013, sem var samþykktur um mitt ár 2003, hefur haft veruleg áhrif á framleiðslu og rekstrarforsendur í landbúnaði ESB ríkjanna. Opinber stuðningur er að verulegu leyti orðinn óháður framleiðslumagni en látinn af hendi sem beingreiðslur til bænda. Nokkur munur er þó á því að hve miklu leyti aftenging milli framleiðslumagns og greiðslna hefur orðið þar sem heimild var gefin hverju landi en innan skilgreindrar takmörkunar, að ákveða hjá sér niðurfellingu framleiðslutengingar greiðslnanna. Það var gert til að gera mögulegt að hvetja framleiðslu á afurðum sem ella hefði verið hætta á að féllu úr framleiðslu vegna erfiðra framleiðsluskilyrða. Dæmi um það er fjárhagsstuðningur veittur á hvern nautgrip til að viðhalda framleiðslu á nautakjöti. Þá hafa þessar breytingar haft veruleg áhrif á

umhverfisvernd og nýtingu landgæða, heilbrigði matvæla og dýravernd við að heimildir eru til að gera beingreiðslurnar skilyrtar þessum þáttum. Við breytinguna var byggðastuðningur tekinn upp sem önnur stoð hinnar almennu landbúnaðarstefnu og áætlanir gerðar um að til þeirrar stoðar verði fært tiltekið hlutfall landbúnaðarstyrkja á tímabilinu.

Þessar umbætur hafa leitt til opunar á markaði fyrir landbúnaðarafurðir innan sambandsins og aukins innflutnings og útflutnings landbúnaðarafurða. Tilgangur þeirra var, auk þeirra markmiða sem að framan greinir, að gera Evrópusambandinu kleift að mæta sjáanlegum kröfum og breytingum í frjálsræðisátt í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi með landbúnaðarvörur sem mun leiða af endurskoðun samninga um Alþjóðlegu viðskiptastofnunina – WTO - . Á grundvelli þessara breytinga hefur ESB lagt fram tilboð í samningunum – Doha Round – um afnám útflutningsbóta frá 2013, niðurskurð tolla(ígilda) að meðaltali um 39 % frá heimild ESB fyrir tollum á innfluttar landbúnaðarafurðir og um að lækka markaðstruflandi stuðning við landbúnað innan svæðisins um 70 %. Stuðningur án markaðstruflandi áhrifa s.s. beingreiðslur til bænda óháðar framleiðslu er þar fyrir utan.

Yfir stendur úttekt og endurskoðun á virkni hinna nýju ákvæða sem komu til framkvæmda frá og með árinu 2004. Niðurstöður voru birtar í nóvember 2007 og er áformað að tillögur að breytingum komi fram í maí 2008 og að ákvarðanir um þær verði teknar fyrir árslok 2008. Í úttektinni er m.a. rætt um breytingar til einföldunar á fyrirkomulagi og framkvæmd á greiðslu framlaga til landbúnaðarins sem hefur þótt mjög flókin, dregið verði úr þeim markaðs- og framleiðslustuðningi við landbúnaðarafurðir sem enn finnast, enn ríkari áhersla lögð á umhverfisvernd og að sett verði hámarksfjárhæð á styrki til einstakra jarða.

Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir - endurskoðun

Endurskoðun á framkvæmd 19. gr. EES samningsins um endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir er lokið með samkomulagi og nýr samningur kom til framkvæmda á fyrri hluta ársins. Hann felur í sér gagnkvæmar niðurfellingar á tollum afskorinna blóma og plantna skv. nánari afmörkunum auk þess sem þær tímabundnu heimildir til tollfrjáls innflutnings á agúrkum, tómötum, papriku og káli verða nú samningsbundnar til frambúðar sem sérstakar heimildir fyrir Evrópusambandslöndin. Ísland fær aukinn tollfrjálsan kvóta fyrir lambakjöt til ESB og auk þess nýjan kvóta í smjöri, skyri og pylsum. Á móti fær ESB ámóta magn í kvótum af nautgripakjöti, svínakjöti, kjúklingakjöti, rjúpum, pylsum, sérupprunamerktum afurðum, ostum kartöflum.

Samkv. ákvæðum EES samningsins er gert ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir gerist reglulega, sem er undirstrikað í þessu samkomulagi.

Bókun 3 - endurskoðun

Framkvæmdastjórnin óskaði eftir umræðu við EES löndin um endurskoðun á bókun 3 í lok ársins 2006. Noregur taldi á fundi sem haldinn var í vinnuhópi um bókunina að samningurinn þjónaði vel hagsmunum ríkjanna og þyrfti ekki endurskoðunar við að svo komnu máli. Ísland var reiðubúið til að taka erindi ESB til skoðunar og ákveðið að fara í tvíhliða endurskoðun milli Íslands og ESB. Niðurstaða þeirrar vinnu liggur enn ekki fyrir.

MATVÆLAMÁL

Breytingar á Viðauka I og II við EES samninginn

Þann 26. október 2007 var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með stjórnskipulegum fyrirvara, löggjöf Evrópusambandsins um meginreglur á sviði matvælaöryggis eins og lengi hefur verið stefnt að. Meginstoð matvælastefnunnar er að finna í reglugerð EB nr.178/2002, um almennar meginreglur og kröfur um matvæli og um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Reglugerðin fjallar einnig um hollustuhætti í matvælaíðnaði og eftirlit með fóðri og matvælum og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla auk annarra atriða.

Markmið matvælastefnunnar er viðtæk heilsuvernd. Lagður er grunnur að því að tryggja heilbrigði matvæla og veita hagsmunum neytenda viðtæka vernd með tilliti til matvæla og taka mið af fjölbreyttu framboði matvæla. Með reglugerðum er verið að samræma reglur um matvæli í aðildarríkjunum og tryggja frjálsan flutning öruggra og heilnæmra matvæla. Löggjöfin nær til allra stiga við framleiðslu matvæla; frá framleiðslu matvæla og fóðurs til sölu og afhendingar matvæla til neytanda (frá haga til maga) því sérhver hlekkur getur haft áhrif á öryggi matvæla.

Uptaka framangreindrar löggjafar ESB kallaði á endurskoðun á undanþágu Íslands varðandi þann kafla EES samningsins sem varðar dýraafurðir þ.e.a.s. Viðauka I og II. Eru því samhliða teknar inn í samninginn fjölmargar gerðir EB hvað það varðar. Undanþágur sem Ísland hafði skv. þessum viðaukum skulu þó gilda áfram um löggjöf er varðar lifandi dýr önnur en lifandi fisk, nema í nokkrum tilfellum þar sem innleiddar verða gerðir er varða lifandi dýr, sem hafa fyrst og fremst mögulega áhrif á dýraafurðir og öryggi þeirra. Enn fremur var samið um að tilteknar undanþágur frá þeim gerðum sem verða yfirteknar. Þannig mun Ísland áfram viðhalda banni á innflutningi á kjöt- og beinamjöli, áfram verður leyfilegt að fóðra jörturdýr með íslensku fiskimjöli og reglur ESB um sauðfjárriðu eru aðeins að litlu leyti teknar yfir.

Samið var um að Ísland hefði átján mánuði auk stjórnskipulegs fyrirvara til að innleiða löggjöfina sem varðar landbúnaðarafurðir og aðlaga matvælaframleiðsluna að henni. Á þeim tíma mun Ísland útfæra sérstaka aðgerðaráætlun vegna salmonella í nautakjöti, svínakjöti, alifuglakjöti og eggjum til að viðhalda heimild til að rannsaka ofangreind matvæli m.t.t. salmonellamengunar við innflutning til Íslands og eiga möguleika á að stöðva hann standist hann ekki skoðun.

Löggjöfin sem er verið að innleiða, byggir á þeim grunni að gera lagaumhverfið samræmdara, gegnsærra og heillegra með virku eftirliti í öllu ferlinu ásamt því að efla vísindalegar leiðbeiningar við ákvarðanatöku stjórnvalda og setningu laga. Megin reglugerðir um framkvæmd matvælastefnunnar sem koma til innleiðingar við þessar breytingar eru:

- Reglugerð EB nr. 178/2002 um “almenn ákvæði og reglur í matvælalöggjöfinni og um Matvælaöryggisstofnun Evrópu og reglur varðandi öryggi matvæla”.
- Reglugerð EB nr. 1774/2002 um “heilbrigðisreglur varðandi úrgang frá framleiðslu dýraafurða, sem ekki er til neyslu”
- Reglugerð EB nr. 999/2001 um “reglur til að fyrirbyggja, hafa eftirlit með og útrýma vissum riðusjúkdómum (*BSE/TSE - bovine/transmissible spongiform*)

encephalopatie)” er enn fremur hluti af öryggisreglum um framleiðslu matvæla sem spratt upp úr því fári sem kúariða olli á kjötmörkuðum ESB og víðar.

Við innleiðingu reglugerðar EB nr. 178/2002 taka gildi reglur EB um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit (heilbrigðisreglugerðir) og um eftirlit með framkvæmd matvælaöggjafarinnar. Við innleiðingu reglugerðar 1774/2002 er yfirtekin löggjöf ESB varðandi úrgang frá framleiðslu dýraafurða, sem m.a. nær yfir framleiðslu á fiskimjöli. Þetta mun hafa umtalsverðan kostnað í för með sér fyrir Ísland vegna krafna um rekjanleika og að smitnæmur úrgangur verði brenndur.

Landbúnaðarráðuneytið, umhverfissráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið hafa farið yfir drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og samþykkt hana fyrir sitt leyti. Ljóst er að innleiðing áður nefndra reglugerða kallar á viðamiklar lagabreytingar á Íslandi og er vinna við þær þegar hafin á vegum hlutaðeigandi ráðuneyta.

Reglugerð EB nr. 178/2002 um matvæli og Matvælastofnun Evrópu.

Helstu meginreglur matvælaöggjafarinnar eru;

- Áhættugreining sem og áhættumat sem skal byggja á fyrirliggjandi vísindalegum heimildum og framkvæma á sjálfstæðan og gagnsæjan átt, áhættustjórnun sem tekur mið af álitserðum Matvælaöryggistofnunar og áhættukynning.
- Varúðarreglan þar sem metin eru áhrif heilsuspilandi efna og heimilt er að grípa til bráðabirgðarástafana í áhættustjórnun.
- Upplýsingar til neytenda sem skyldar stjórnvöld til að upplýsa almenning um áhættu fyrir menn og dýr vegna matvæla eða fôðurs og gera viðeigandi ráðstafanir og tilgreina skal eins nákvæmlega og unnt er mögulega áhættu. Þagnarskylda og fyrirvarar um takmarkaðan aðgang að gögnum munu ríkja samkvæmt reglugerðunum.
- Ábyrgð framleiðandans er aukin og skal hann tryggja að kröfum sé fullnægt og sannprófa með innra eftirliti að svo sé. Opinbert eftirlit mun taka mið af ábyrgð framleiðanda.
- Rekjanleiki matvæla er skilyrði samkvæmt matvælapakkanum og allur ferill matvæla og fôðurs skal vera mögulegur. Þannig verður hægt að afturkalla vörur á markvissari og öruggari hátt en áður.

. Uptaka reglugerðar EB nr. 178/2002 í íslenskan rétt kallar á verulegar breytingar á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

Heilbrigðisreglur um hollustuhætti og framkvæmd og eftirlit matvælaöggjafarinnar.

Um er að ræða tvær reglugerðir um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og tvær reglugerðir um opinbert eftirlit með matvælum og fôðri, ásamt síðari breytingum. Með þessum reglugerðum er löggjöf ESB um þetta efni samræmd og einfölduð, því þessar reglugerðir koma í stað sautján eldri tilskipana, sem felldar eru úr gildi. Löggjöfin tekur til allrar matvælaframleiðslu, þ.m.t. fisks og fiskafurða og nær yfir matvælakeðjuna í heild frá frumframleiðslu til tilbúinna matvæla. Lögð er áhersla á að neytendum séu tryggð örugg matvæli, að matvælaframleiðendur og dreifingaraðilar beri ábyrgð á framleiðslu sinni, eftirlit opinberra aðila byggji á áhættumati, rekjanleiki matvæla og fôðurs sé tryggður og að öll stjórnsýsla sé gegnsæ.

- Reglugerð EB nr. 852/2004 um hollustuhætti í matvælaíðnaði

- Reglugerð EB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu
- Reglugerð EB nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis
- Reglugerð EB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar

ÖNNUR LÖGGJÖF Í UNDIRBÚNINGI

Reglugerð um næringar- og heilsufullyrðingar um matvæli

Ísland undirbýr innleiðingu á reglugerð ESB nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar um matvæli. Reglugerðin er ekki komin inn í EES-samninginn.

Reglugerðin fjallar um notkun næringar- og heilsufullyrðinga við merkingu, auglýsingar og kynningu matvæla. Í viðauka reglugerðarinnar kemur fram hvaða næringar- og heilsufullyrðingar er leyfilegt að nota. Framkvæmdastjórn ESB mun birta lista yfir leyfðar almennar heilsufullyrðingar en hagsmunaaðilar þurfa að sækja um leyfi til notkunar á fullyrðingum er snerta heilsu og þroska barna og um að neysla á vörum vinni gegn áhættuþáttum sjúkdóma. Auk þess verður hægt að sækja um viðbætur við lista framkvæmdarstjórnarinnar.

Verið er að vinna að framkvæmd reglugerðarinnar innan Evrópusambandsins en ekki hefur verið gefinn út listi fyrir undanþágur eins og heimilt er skv. 4 gr. reglugerðarinnar. Slíkar undanþágur verða matsatriði hvernar þjóðar ekki síst þegar um er að ræða framleiðslu á sk. hefðbundnum matvælum einstakra þjóða.

Þessi reglugerð samræmir fyrri reglugerðir og Ísland hefur lagað sínar reglur vel að henni.

Reglugerð um íblöndun bætiefna í matvæli

Ísland undirbýr einnig innleiðingu á reglugerð ESB nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína, steinefna og annarra efna í matvæli.

Reglugerðin fjallar um íblöndun bætiefna í matvæli. Henni fylgja viðaukar um þau vítamín og steinefni og form þeirra sem heimilt er að blanda í matvæli. Reglugerðin tilgreinir ekki hámarks íblöndun hvers bætiefnis en unnið er að viðauka um þau hámarks. Framkvæmdastjórnin skal gera tillögur þess efnis í síðasta lagi þann 19.01.2009. Þangað til gilda þau lágmark og hámark bætiefna sem hvert aðildaríki hefur sett sér. Samkvæmt 15. gr. reglugerðarinnar er aðildaríkjum heimilt að krefjast af framleiðendum og innflytjendum að þeir tilkynni um markaðsetningu vöru sem inniheldur eitthvert þeirra efna sem reglugerðin tekur til. Reglugerðinni kallar á breytingar á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

Breyting á undanþágu Íslands

Samkvæmt nýrri löggjöf verður m.a. opinbert fóðureftirlit víðtækara en áður, því nú skal hafa eftirlit hjá öllum sem framleiða, flytja eða höndla með fóður. Þetta þýðir meðal annars að

bændur og flutningsfyrirtæki á fóðri falla undir fóðureftirlit opinberra aðila, en það er breyting frá því sem nú er.

Innleiðing og yfirtaka matvælaöryggis ESB mun hafa lítil áhrif varðandi byggingar og búnað mjólkurstöðva, sláturhúsa og kjötpökkunarstöðva, því allar mjólkurstöðvar nema tvær, langflest sauðfjársláturhús og mörg stórgripasláturhús hafa nú þegar útflutningsleyfi á ESB markað og hafa því þurft að uppfylla ákvæði þessarar löggjafar. Áhrif löggjafarinnar verða hins vegar meiri fyrir opinbert eftirlit og verða þau t.d. mikil fyrir heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, því íslensk stjórnvöld hafa ekki talið þörf á að leita að trikínium í svínunum og hestum (nema vegna útflutnings), sullaveiki og berklum í nautgripum, en það þarf að gera eftir innleiðingu löggjafarinnar. Það mun hafa í för með sér meiri viðveru kjötskoðunarlækna eða menntaðs aðstoðarfólks og þar með meiri kostnað. Auka þarf heilbrigðisskoðun í alifuglasláturhúsum og bæta verulega menntun aðstoðarfólks við heilbrigðisskoðun í sauðfjársláturhúsum. Í viðbót við núverandi eftirlit með salmonellu í alifugla- og svínakjöti þarf að koma á eftirliti með salmonellu í nautakjöti og eggjum, svo unnt verði að fá viðbótartryggingar vegna salmonellusmits í innfluttum vörum. Auka þarf auk þess eftirlit með aðskotaeftirliti í alifuglakjöti og eggjum en allt þetta mun leiða til aukins kostnaðar.

Þá þarf Ísland að gera áætlun til fleiri ára (*multi annual*) fyrir allt opinbert eftirlit með fóðri og matvælum sem er nýmæli hér á landi og mun hafa í för með sér aukinn kostnað. Áætlun þessi skal vera samræmd fyrir allt eftirlit í fæðukeðjunni frá frumframleiðslu (a.m.k. fóður) til tilbúinna matvæla.

Nauðsynlegt er að nefna að samkvæmt löggjöfinni má ekki vera hætt á hagsmunaaðgreiðingum eftirlitsaðila og eftirlitsþola. Margir héraðsdýralæknar sinna í dag bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu og því getur þurft að breyta lögum um dýralækna, þannig að opinberir eftirlitsdýralæknar sinni aðeins eftirliti og ekki dýralæknaþjónustu. Vilji hið opinbera áfram tryggja öllum dýraeigendum almenna dýralækningaþjónustu þarf þá að gera það með öðrum hætti en nú er gert og þá getur orðið nauðsynlegt að grípa til annarra ráðstafana, með tilheyrandi kostnaði, t.d. í dreifðum byggðum.

Þjálfun og kynningarnámskeið

Til að ná hinum fjölmörgu markmiðum sem sett hafa verið um matvælaöryggi tók framkvæmdastjórnin ákvörðun á sl. ári um skipulega þjálfun til eflingar matvælaöryggis (*Better Training for Safer Food*), sem efnislega nær til framleiðslu og vinnslu afurða dýra – sjávardýra sem landdýra - og plantna. Þessi ákvörðun er tekin á grundvelli 51. gr. reglugerðar 882/2004 um opinbert eftirlit. Þjálfunin er í formi námskeiða sem framkvæmdastjórnin ákveður. Þau eru ætluð fyrir fólk frá viðurkenndum aðilum til að annast matvælaeftirlit til að það sé meðvitað um nýjustu ákvarðanir sem gilda um matvælaöryggi ásamt því að tryggja sambærilega framkvæmd í aðildarlöndunum á matvælaöryggislegum. Ísland hefur fullan rétt til þátttöku og hefur nýtt sér hann þar sem talið hefur verið nauðsynlegt.

MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Nýjar áætlanir

Nýjar áætlanir ESB á sviði menntamála, myndmiðlunar, menningarmála og æskulýðsmála tóku gildi í ársbyrjun 2007 og endanlegir samningar um þátttöku EES/EFTA ríkjanna í þeim voru gerðir um miðjan júní sl., talsvert seinna en gert hafði verið ráð fyrir. Í skýrslu fyrir fyrri hluta árs 2007 var greint frá töfum á innleiðingu áætlanna í EES-samninginn en þær höfðu ekki áhrif á þátttöku íslenskra fulltrúa á stjórnarnefndarfundum eða undirbúningsfundum fyrir áætlarnar. Orðalag í auglýsingum og skýringum fyrir mennta- og æskulýðsáætlarnar, ásamt töfum á innleiðingunni, urðu hins vegar til þess að í nokkrum tilvikum er talið að umsækjendum, sem sóttu um styrki til að taka þátt í ESB-verkefnum, sem áttu sér stað á Íslandi fyrstu 6-8 mánuði ársins, hafi verið synjað í heimalöndum sínum af þessum sökum.

Nýtt fyrirkomulag við stuðning ESB við rekstur upplýsingaskrifstofa varð til þess að framkvæmd æskulýðsáætlunarinnar á Íslandi raskaðist nokkuð. Nýja fyrirkomulagið felur m.a. í sér að þátttökuríki áætlunarinnar bera fulla ábyrgð á rekstri þessara skrifstofa. Útlit er fyrir að þátttaka í verkefnum á árinu 2007 verði minni en í meðalári, bæði íslenskra aðila og frá öðrum þátttökuríkjum og telst það vera eðlilegt þegar svo stendur á.

Tilskipun um sjónvarp án landamæra

Tilskipun um breytingar á tilskipuninni um sjónvarp án landamæra hefur verið til umfjöllunar í stofnunum ESB í a.m.k. tvö ár en nú hefur náðst samkomulag um hana milli framkvæmdastjórnar, ráðs og þings. Tilskipunin hefur gildi fyrir EES/EFTA ríkin og efnisákvæði hennar verða að vera komin í lög eða reglugerðir innan tveggja ára frá gildistöku, sem þýðir fyrir árslok 2009.

Tilmæli

Gert er ráð fyrir að eftirtalin tilmæli verði felld undir EES- samninginn fyrir árslok 2007 eða í ársbyrjun 2008.

- a) *Recommendation of the European Parliament and of the Council, 2006/961/EC, European Quality Charter for Mobility*, sem er eins konar gæðaskrá fyrir nám erlendis. Þar er m.a. kveðið á um hvernig undirbúningi skuli best háttað, móttöku og aðbúnað stúdenta í gestalandi o.fl.
- b) *Recommendation of the European Parliament and of the Council, 2006/962/EC, Key competence for citizens*, sem er skilgreining á hvað felist í grundvallarfærni og – þekkingu borgaranna. Tilgreind eru átta atriði og snúa þau m.a. að tungumálakunnáttu, stærðfræði- og tækniþekkingu, félagsþroska, frumkvæði og menningarmálum.
- c) *Commission Recommendation 2005/865/EC on Film heritage and the competitiveness of related industrial activities*. Þar er m.a. hvatt til þess að gömlu efni sé komið í stafrænt form og fundnar leiðir til að nýta þennan menningararf með betri hætti en áður auk þess sem lögð er áhersla á samkeppnishæfni evrópsks kvikmyndaiðnaðar.
- d) *Commission Recommendation 2006/585/EC on the digitisation and online accessibility of cultural material and digital preservation*. Í tilmælunum er vísað til stefnu Evrópusambandsins um upplýsingasamfélagið (*i2010 initiative*), þar sem upplýsingatæknin verði einn burðarása í sókn til efnahagslegra framfara, atvinnusköpunar og lífsgæða. Hvatt er til þess að þátttökuríkin starfi saman að eftirtöldum verkefnum: a) Endurskoðun á stefnu hvers þátttökuríkis um stafvæðingu menningarefnis og varðveislu þess á rafrænu formi, b) Stafrænu evrópsku safni (*European digital libraries*), sem veitir aðgang að menningarefni á rafrænu formi án

tillits til tungumála eða hvar efnið er staðsett, c) Bæta aðstæður fyrir stafvæðingu og aðgengi almennings að menningarefni á rafrænu formi, d) Efla samræmingu og samstarf milli þátttökuríkja í framgreindum eignum.

Á grunni framangreindra tilmæla um stafvæðingu menningararfsins ákvað framkvæmdastjórn ESB að setja á laggirnar sérfræðingahóp, *Member States' Expert Group on Digitisation and Digital Preservation*, og er undirbúningur að þátttöku í starfi hópsins þegar hafinn. Um er að ræða svokallað “opið samráð” þátttökuríkja um aðferðir í stefnumótun, aðferðir við skráningar, samþættingu verkefna o.fl.

Orðsendingar

Frá framkvæmdastjórn ESB hafa á árinu borist eftirtaldar orðsendingar (*Communications*):

- a) *Communcation from the Commission to the Council and the European parliament, 2007/392/EC, Improving the Quality of Teacher Education.*
- b) *Communication from the Commission, 2007/61/EC, A coherent framework of indicators and benchmarks for monitoring progress towards the Lisbon objectives in education and training.*
- c) *Communcation from the Commission to the Council, 2007/184/EC, Framework for the European survey on language competences.*
- d) *Communcation from the Commission to the Council, the European parliament and Social Committee and the Committee of the Regions, 2007/242/EC, on a European agenda for culture in a globalizing world.*

Síðast talda orðsendingin er um menningarmál og er það í fyrsta sinn sem það er gert. Þess er vænst að Íslandi ásamt öðrum EES/EFTA ríkjum verði boðin þátttaka í opnu samráði um menningarmál, sem boðað er í orðsendingunni.

Skýrsla um þátttöku Íslands í áætlunum ESB

Lokið var við gerð skýrslunnar „*Skýrsla til menntamálaráðherra um þátttöku Íslands í áætlunum Evrópusambandsins á sviði rannsókn- og þróunar, menntamála, menningarmála, æskulýðsmála og myndmiðlunar 2006*” og hún afhent menntamálaráðherra. Skýrslan verður birt á heimasíðu menntamálaráðuneytisins. Í henni eru upplýsingar um öll verkefni á vegum ESB og sem falla undir verksvið menntamálaráðuneytis, upplýsingar um fulltrúa í nefndum og stjórnnum, tölulegar upplýsingar er gefa vísbendingar um árangur o.fl. Þetta er í fyrsta sinn sem samantekt af þessu tagi er gerð og er stefnt að því að það verði gert árlega.

Fundir

Skipulögð var heimsókn menntamálaráðherra til Brussel í nóvember og er þetta í fyrsta sinn sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir kemur til Brussel sem ráðherra. Hún átti fundi með framkvæmdastjórnunum Ján Figel (mennta,- menningar- og æskulýðsmál) og Janez Potocnik (rannsóknir og vísindi) auk þess að funda með fulltrúum EFTA og ESA. Þá átti ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytis og föruneysi fund með Fabio Colasanti, yfirmanni stjórnardeildar sem fer með málefni fjölmiðla og upplýsingasamfélagsins.

Á fundinum með Ján Figel var einkum rætt um menntamál og framhald verkáætlunarinnar “Education and Training 2010”. Þá bar menntamálaráðherra fram ósk um að Íslandi gæfist færi á að taka þátt í opnu samráði um menningarmál og spurðist einnig fyrir um afstöðu framkvæmdastjórnarinnar til þátttöku EFTA/EES ríkja í óformlegum ráðherrafundum. Ekki

var hægt að skilja orð framkvæmdastjórnans öðruvísi en svo að framkvæmdastjórnin hefði ekkert á móti því, það væri hins vegar á valdi þess ríkis, sem héldi slíka fundi, að ákveða það.

Á fundinum með Fabio Colasanti og samstarfsmönnum hans var rætt um framkvæmd nýju tilskipunarinnar um sjónvarpsmál og kom í ljós að framkvæmdastjórnin lítur svo á að útfærsla á “opnum” ákvæðum ráðist einkum af hagsmunum hvers ríkis um sig og erfitt verði fyrir hana að hafa þar bein áhrif. Þá var rætt um mismunandi skilgreiningar aðildarríkja EES á hugtakinu “fjölmíðlun í almannabágu” og virtist vera sameiginlegur skilningur fundarmanna að erfitt væri að finna samnefnari í þeim efnum. Þá kynntu íslensku fulltrúarnir ný útvarpslög á Íslandi og rætt var um mismunandi leiðir til innheimtu afnotagjalda.

Á fundi menntamálaráðherra með fulltrúum ESA bar helst til tíðinda að ráðherrann taldi það vera umhugsunarefni með hvaða hætti ESA skilgreindi “fjölmíðlun í almannabágu” í ljósi ummæla fulltrúa ESB fyrr sama dag. Taldi hann að sami sveigjanleiki ætti að vera fyrir hendi hjá ESA og hjá ESB hvað það mál varðar, svo fremi það stangaðist ekki á við reglur innri markaðarins.

Mennta- og menningarmálafulltrúi sendiráðsins tók þátt í Cultural Forum í Lissabon fyrir hönd menntamálaráðuneytis. Samkoman er samráðsvettvangur ESB um menningarmál og kemur í kjölfarið á orðsendingu ESB um þau málefni, sem greint er frá hér að ofan. Í kjölfar almennra funda var haldinn óformlegur ráðherrafundur aðildarríkja ESB og var EES/EFTA ríkjum ekki boðið til hans og mun það einsdæmi.

Framkvæmd áætlana

Nokkrar niðurstöður um framkvæmd áætlana ESB, á sviðum sem heyra undir menntamálaráðuneyti, eru birtar í framgreindri skýrslu til menntamálaráðherra. Ber þar hæst að áætla má að um 7000 manns hafi komið að ESB verkefnum árið 2006, þar af um 4700 nemendur grunn- og framhaldsskóla. Staðfest er um þátttöku 5600 manns en annað er varlega áætlað af starfsmönnum upplýsingaskrifstofa áætlana á Íslandi. Erlendir þátttakendur voru a.m.k. um 1000 og fjöldi verkefna undir íslenskri stjórn var rúmlega 200. Ekki liggur fyrir hve Íslendingar tóku þátt í mörgum verkefnum undir erlendri stjórn en gera má ráð fyrir að þau séu ekki færri en 50. Samtals var veitt um 970 millj.kr. til Íslands árið 2006 frá ESB en úr ríkissjóði var veitt um 565 millj.kr. í aðildargjöld og rekstur upplýsingaskrifstofa.

Annað

Sendiráðið í Brussel skipuleggur reglulega kynningar á framkvæmd EES-samningsins fyrir hópa frá Íslandi og hefur mennta- og menningarmálafulltrúi sendiráðsins flutt erindi á þessum fundum um samstarf Íslands og Evrópusambandsins á sviðum er heyra undir menntamálaráðuneyti. Fjórir slíkir fundir hafa verið haldnir síðari hluta árs 2007.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Sjötta rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2002-2006

Sjöttu rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun lauk um áramótin 2006/2007 og þann 1. janúar 2007 hóf sjöunda rammaáætlun ESB göngu sína. Sjötta rammaáætlunin var þriðja rammaáætlunin sem Ísland tók fullan þátt í frá upphafi. Fulltrúar frá Íslandi sóttu reglulega stjórnarfundum einstakra undiráætlana í Brussel.

Á Íslandi annaðist Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS) upplýsingagjöf og aðstoð við háskóla, rannsóknastofnanir, fyrirtæki og einstaklinga með kynningarfundum, námskeiðum, rekstri heimasíðu, tölvupóstsendingum og fundum. Um mitt ár 2007 lágu fyrir upplýsingar um styrkveitingar sambandsins úr sjöttu rammaáætluninni. Alls veitti Evrópusambandið um 1.6 billjónum evra til rannsókn- og tækniþróunarverkefna á tímabilinu 2003-2006. Þessar 1.6 billjónir evra runnu til tæplega 70 þúsund þátttakenda í aðildar- og samstarfslöndunum sambandsins.

Árangur íslenskra stofnana og fyrirtækja verður að teljast nokkuð góður. Alls sendu íslenskir aðilar rúmlega 300 umsóknir í áætlunina. Gerðir voru 103 samningar við tæplega 40 stofnanir og fyrirtæki um þátttöku í 71 rannsókn- og þróunarverkefni. Þessi fyrirtæki og stofnanir fengu í sinn hlut tæpar 22 milljónir evra en samanlagðir styrkir frá Evrópusambandinu til verkefna með íslenskri þátttöku námu rúmlega 358 milljónum evra.

Af þeim fjölda styrkja sem runnu til íslenskra aðila komu 33 styrkir, eða um 26%, í hlut fyrirtækja en 34 styrkir samsvarandi 27%, fóru til háskóla. Einnig fengu rannsóknastofnanir 32 styrki en 7 styrkir runnu til spítala (5%). Þá fengu aðrir aðilar samtals 24 styrki úr áætluninni. Árangur íslenskra vísindamanna var misjafn eftir fræðasviðum og viðfangsefnum. Af einstökum fræðasviðum kom mest fé (um 30%) í hlut fyrirtækja og stofnana á sviði erfða- og líftækni, þar af fékk eitt verkefni Íslenskrar erfðagreiningar 3,7 milljónir evra í styrk.

Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013

Sjöunda rammaáætlun ESB hóf göngu sína þann 1. janúar 2007. Ein af þeim breytingum sem gerðar voru á rammaáætluninni um áramótin var lenging hennar úr fjórum árum í sjö. Aðrar áhugaverðar breytingar sem urðu á rammaáætluninni var aukin áhersla á grunnrannsóknir, aukið samstarf við iðnaðinn og fyrirheit framkvæmdastjórnarinnar um einfaldari stjórnýslu. Þá mun framkvæmdastjórnin halda áfram þeirri viðleitni sinni að koma á sjálfviljugu samstarfi milli rannsóknasjóða í aðildarlöndunum (ERA-NET verkefni).

Strax á síðasta ári lýstu EFTA/EES löndin yfir áhuga á þátttöku í 7. rammaáætluninni en formlegar viðræður við ESB um þátttökuna hófust ekki fyrr en eftir að sambandið hafði samþykkt og auglýst áætlunina. Á meðan samningaviðræður ESB og EES/EFTA landanna um framlög í þróunarsjóði vegna stækkunar sambandsins stóðu yfir, lágu samningaviðræður um aðild EES/EFTA landanna að 7. rammaáætluninni niðri. Þegar þeim viðræðum lauk frestaði ESB enn og aftur að fjalla um umsókn okkar um þátttöku vegna hugmynda EFTA-nefndar ráðherraráðsins um endurskoðun á framlögum EES/EFTA landanna til áætlunarinnar. Á tímabili leit því út fyrir að Ísland, Noregur og Liechtenstein myndu missa af fyrstu umsóknarfrestunum í áætluninni en á síðustu stundu tókst að koma í veg fyrir þann skaða sem það hefði valdið íslenskum umsækjendum. Gengið var frá þátttöku EES/EFTA landanna 16. júní 2007.

Í desember 2007 höfðu íslenskir aðilar sent inn 106 umsóknir og gert 25 samninga um verkefnastyrki úr áætluninni að upphæð 7 milljónir evra. Árangurshlutfall íslenskra umsækjenda er því 23,6% sem er fjórði besti árangur þátttökulanda áætlunarinnar. Flest verkefni og hæstu styrkirnir renna til heilbrigðis- og umhverfisrannsókna.

Sjá nánar: www.rannis.is/7ra

Grænbók um evrópska rannsóknasvæðið

Árið 2000 setti Evrópusambandið sér það markmið að gera Evrópu að einu rannsóknasvæði (ERA), með framúrskarandi rannsóknaraðstöðu sem laða myndi til sín bestu vísindamenn

heims og fjárfestingu frá atvinnulífinu, svo og að framlög til rannsókna og þróunar verði 3% af þjóðarframleiðslu. Nú þegar 7 ár eru liðin frá markmiðssetningu Evrópusambandsins hefur Evrópusambandið gefið út Grænbók er nefnist *The European Research Area: New Perspectives*. Í henni er árangurinn fram til þessa metinn, bent á þætti sem ekki hafa tekist sem skyldi og eftt til opinnar umræðu við rannsóknauhverfið sem og almenning um næstu skref.

Um 800 athugasemdir og ábendingar bárust frá háskólum, rannsóknastofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum hvaðanæva að frá Evrópu. Enn er unnið að ítarlegri greiningu á þeim svörum sem bárust en bráðabirgðaniðurstöður sýna að víðtækur stuðningur er við hugtakið ERA og þau forgangsatríði sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setur fram í Grænbókinni. Þau helstu eru: fjölgun rannsóknafólks, efling rannsóknainnviða, framúrskarandi rannsóknastofnanir, samnýting rannsóknaniðurstaðna, alþjóðleg samvinna og aukin samvinna rannsóknasjóða þvert á landamæri.

Sjá nánar: http://ec.europa.eu/research/era/index_en.html

The Committee for Scientific and Technical Research (CREST)

Ísland á aðild að *The Committee for Scientific and Technical Research (CREST)*, sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráðið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um málefni rannsókna og tækniþróunar. Frá árinu 2003 hefur CREST haldið úti samráðssviðum þar sem unnið er samkvæmt vinnulagi opins samráðs (*Open Method of Coordination - OMC*), þar sem þátttökulöndin vinna að sameiginlegum stefnumótandi tillögum til aðildarlandanna annars vegar og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar.

Ísland tók þátt í þremur slíkum samráðssviðum á árinu 2007:

- Alþjóðavæðing rannsókna og þróunar (*Internationalization of R&D*)
- Rannsóknir í þjónustu (*R&D in Services*)
- Samspil stefnumála á rannsóknir og þróun (*Policy Mix*).

Í lok ársins mun hver samráðsvettvangur skila niðurstöðum sínum og tillögum í formi skýrslna til **CREST** sem tekur ákvörðun um hvort það gerir þær að sínum. Skýrslurnar verða birtar opinberlega í lok ársins 2007. Á sama tíma mun **CREST** ákveða næstu samráðssvið **CREST**.

Sjá nánar: http://ec.europa.eu/invest-in-research/coordination/coordination02_en.htm#

Fundir

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir átti fund í Brussel þann 20. nóvember sl. með Janez Potocnik framkvæmdastjóra Evrópusambandsins á sviði rannsókna og tækniþróunar.

Á fundinum var rætt um árangur Íslands í fyrri rammaáætlunum Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun og breytingar á þátttökunni sem og áætluninni frá því að Ísland gerðist aðili árið 1994. Einnig var rætt um árangur Íslands á fyrstu mánuðum 7. rannsóknáætlunar ESB (sjá nánar um þátttöku Íslands hér að ofan). Grænbók framkvæmdastjórnar ESB, *The European Research Area: New Perspectives*, var rædd og

greindi menntamálaráðherra frá afstöðu Íslands til tiltekinna málaflokka sem Grænbókin tekur til. Menntamálaráðherra minnti á mikilvægi þess að stjórnsýsla framkvæmdastjórnarinnar afgreiddi mál styrkþega áætlunarinnar eins og hratt og kostur væri og að huga yrði að hagsmunum smærri þátttakenda í rannsóknáætluninni.

Þá átti menntamálaráðherra fund með Kåre Bryn framkvæmdastjóra EFTA og Bergdís Ellertsdóttur aðstoðarframkvæmdastjóra um framkvæmd EES samningsins hvað varðar samstarf EFTA ríkjanna og Evrópusambandsins á sviði rannsókn- og tækniþróunar.

Annað

Sendiráðið í Brussel skipuleggur reglulega kynningar á framkvæmd EES-samningsins fyrir hópa frá Íslandi og hafa vísindafulltrúar menntamálaráðuneytisins í sendiráðinu flutt erindi á þessum fundum um samstarf Íslands og Evrópusambandsins á sviðum er heyra undir menntamálaráðuneyti. Fjórir slíkir fundir hafa verið haldnir síðari hluta árs 2007.

SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL

Portúgalir gegndu formennsku í ráðherraráði ESB síðari hluta ársins 2007. Er varðar mál er snertir samgöngur þá hélt umfjöllunin áfram í formennskutíð þeirra um grænbók málefna sjávar og siglinga áfram og voru birtar nokkrar orðsendingar og tillögur um efnið sem komu fram við úrvinnslu umsagna um grænbókina. Þá héldu þeir áfram umfjölluninni um þriðja siglingapakkan auk þess sem unnið var að málefnum flugsins. Fyrirferðarmest hjá þeim er varðar samgöngur var þó vinna við að koma áætlun um Galileo af stað en um tíma leit út fyrir að verkefnið væri í andarslitrunum.

Hér á eftir er fjallað um málefnið sem voru efst á baugi seinni hluta ársins 2007. Í mörgum tilfellum er um framhaldsumfjöllun að ræða og má í þeim tilfellum finna frekari upplýsingar í skýrslu fyrri hluta árs 2007.

FLUGMÁL

Almennt

Stýrihópur háttsettra embættismanna, sem sagt var frá í síðustu skýrslu, skilaði í júlí tillögum til Barrots framkvæmdastjóra um hvernig bæta mætti regluverkið í flugi og skipuleggja betur verkaskiptingu stofnana flugmála. Í skýrslunni eru settar fram tillögur í 10 liðum og er m.a. lagt til að

- ESB leiði þróun reglna í flugi,
- EASA taki yfir þróun öryggisreglna í flugumferðarstjórnun,
- tekið verði upp betra vinnulag við þróun reglna í flugi,
- meiri áhersla verði lögð á umhverfismál í flugi,
- skilvirkni flugs aukið,
- aukið samráð við hagsmunaaðila,
- ríki leggi sig fram við að ná markmiðum SES.

Framkvæmdastjórnin er jákvæð gagnvart tillögum skýrslunnar og mun væntanlega fjallað um hana í orðsendingu sem gefin verður út í byrjun 2008. Þá hefur hún auglýst ráðstefnu 22. janúar 2008 sem ætlað er að fjalla um skýrsluna og næstu skref.

Slóð fyrir vinnu ESB um einföldum regluverks í flugi:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/hlg/index_en.htm

Lofthæðarsamningar

Í síðustu skýrslu er sagt frá nýjum samningi sk. *Open Skies* samningi sem tókst á milli ESB og Bandaríkjanna og var áritaður á leiðtogafundi í Washington 30. apríl sl. Miðað er við að samningurinn komi til framkvæmda frá og með 1. mars 2008. Íslensk stjórnvöld sendu bréf í júní sl. til Barrot framkvæmdastjóra samgöngumála og óskuðu eftir aðild Íslands að samningnum.

Ráðherraráðsfundur samgönguráðherra sem haldinn var 1. og 2. október samþykkti að veita framkvæmdastjórninni umboð til þess að hefja viðræður um víðtækan loftferðasamning við Kanada í stíl við "Open Skies" samninginn við Bandaríkin. Miðað er við að viðræðurnar taki til markaðsaðgangs sem og til samræmingar regluverks sem gilda um flugstarfsemi ríkjanna. Þá samþykkti ráðherraráðsfundur samgönguráðherra í lok nóvember að hefja viðræður við Jórdaníu um loftferðasamning að s.k. "*Euro-Mediterranean Aviation Agreement*". Gert er ráð fyrir að hann taki að auki til samræmingar á regluverki, samvinnu á sviði flugverndar og þá staðla sem skulu gilda varðandi umhverfismál.

Ráðherrafundurinn í lok nóvember samþykkti einnig að hefja viðræður við alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, um samstarf á sviði flugverndar. Alþjóðaflugmálastofnunin setti á laggirnar eftirlitskerfi með flugvernd í kjölfar atburðanna 11. september sem fylgisti með framkvæmd flugverndarreglna skv. sautján viðauka sáttmála stofnunarinnar í öllum 188 aðildarríkjum sínum. Markmið viðræðanna er fá eftirlit á vegum framkvæmdastjórnarinnar viðurkennt, að það uppfylli kröfur viðauka 17 og að losa aðildarríki ESB undan þeim tvíverknaði sem fylgir úttekt ICAO annars vegar og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að loftferðasamningum:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/international/index_en.htm

Í síðustu skýrslu var sagt frá samningi ESB við rússnesk yfirvöld varðandi gjöld vegna flugs yfir Síberíu. Samningurinn hefur ekki tekið gildi þar sem rússnesk yfirvöld hafa ekki lokið umfjöllun innan eigin stjórnkerfis.

Slóð fyrir samninga framkvæmdastjórnarinnar við Rússland:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/international/pillars/common_aviation_area/russia_en.htm

Sameiginlegt Evrópskt loftrými – Single European Sky

Áfram er unnið að markmiðum SEL (Sameiginlegu Evrópsku Loftrými). Birtar hafa verið nokkrar reglugerðir sem ætlað er að samræma kröfur og framkvæmd flugumferðarstjórnar ríkjanna. Væntanleg er orðsending frá framkvæmdastjórninni um framvindu verkefnisins á næstu vikum en því þykir ekki skila nægilega hratt áfram. Einnig er unnið að þróun SESAR flugstjórnarkerfisins og er miðað við að skila kerfislýsingu um mitt ár 2008. Unnið er að því

að koma samvinnufélagi um SESAR í rekstur í kjölfar reglugerðar þess efnis sem birt var í lok febrúar sl. Miðað er við að SESAR samvinnufélagið haldi utan um þróun flugstjórnarkerfisins sem verði í samræmi við framangreinda kerfislýsingu.

Vísað er til umfjöllunar síðustu skýrslu um SEL varðandi nánari upplýsingar.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að sameiginlegu evrópsku loftrými:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/traffic_management/index_en.htm

Endurskoðun þriðja pakkans í flugi

Frumvarp að reglugerð um sk. þriðja pakkann í flugi var til umfjöllunar ráðherraráðsins á síðari hluta ársins. Ráðherraráðið náði ekki að ljúka texta frumvarpsins með breytingum sínum en miðað er við að ganga frá því fljótlega og senda til annarrar umræðu þingsins. Fjallað er um málið í síðustu skýrslu sendiráðsins.

Hér að neðan er slóð á málið: (COM(2006) 396) final)

Flugvallapakinn

Í síðustu skýrslu var sagt frá sk. flugvallapakka sem samanstendur af tillögu að tilskipun um gjaldtöku á flugvöllum, tilkynningu um afkastagetu flugvalla í Evrópu og skýrslu um framkvæmd reglugerðar um flugafgreiðslu. Komið hefur fram sú túlkun framkvæmdastjórnarinnar að frumvarpið að tilskipun um gjaldtöku á flugvöllum komi ekki í veg fyrir að hópur flugvalla sé rekinn saman í einu kerfi og tekjur millifærðar og notaðar til uppbyggingar og reksturs kerfisins í heild. Pakkinn hefur verið til meðferðar hjá Evrópuþinginu og ráðinu og hefur frumvarpið að tilskipun tekið nokkrum breytingum í meðferð þingsins og ráðsins. M.a. eru þessar stofnanir sammála um að breyta gildissviði frumvarpsins þannig að það nái einungis til flugvalla þar sem um fara a.m.k. 5 milljónir farþega á ári. Verði frumvarpið samþykkt með þeirri breytingu kemur enginn flugvöllur á Íslandi til með að falla undir það.

FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL

ASC (*Air Safety Committee*) nefndinni hefur verið skipt til þess að fjalla um þrjá efnisþætti er varðar öryggismál með þátttöku viðkomandi sérfræðinga aðildarríkjanna. Efnisþættirnir eru: Svartlistun flugfélaga, SAFA (brautarskoðun erlendra flugvéla) skoðanir og flugöryggisstaðlar (EU-Ops).

Umsjón SAFA skoðana var áður samvinnuverkefni á vegum samstarfs flugmálastjórna í Evrópu (ECAC) en var fært á árinu til EASA (Flugmálastjórnar Evrópusambandsins). Sömu leiðis er unnið að því að færa þróun flugöryggisstaðla (EU-Ops) frá JAA (*Joint Aviation Authority*) til EASA. Nefndirnar komu allar saman á síðari hluta ársins og í september og nóvember birti framkvæmdastjórnin nýja lista yfir flugfélög sem óheimilt er að fljúga til Evrópu.

Frumvarp að reglugerð um flugvernd sem ætlað er að koma í stað grunnreglugerðarinnar 2320/2002 og vikið var að í síðustu skýrslu, er í sáttaferli á milli Evrópuþingsins og ráðsins og er enn ekki séð fyrir endann á því. ESB hefur birt nýja reglugerð sem breytir gildandi

reglugerð og leyfir með tilteknum skilyrðum flugfarþegum frá þriðju ríkum að taka með sér vökva í gegnum “transit”. Unnið er að því að yfirfæra reglugerðina á EES svæðið.

Slóðir fyrir vefsíður framkvæmdastjórnarinnar um flugöryggismál og flugverndarmál:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/safety/index_en.htm

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/security/index_en.htm

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM

Vísað er til umfjöllunar síðustu skýrslu varðandi þetta efni. Í haust var ákveðið að taka yfir tilskipun ESB um viðskiptakerfi með gróðurhúsalofttegundir. Verði frumvarpið um að fella flug undir viðskiptakerfið samþykkt mun það að öllum líkindum taka gildi á Íslandi. Málið er á forræði umhverfisskrifstofu ESB en ráðherraráð samgöngumála hefur fjallað um það a.m.k. tvívegis við hádegisverð fundar ráðsins nú síðast í lok nóvember. Bæði samgöngunefnd og umhverfisnefnd þingsins tóku málið til meðferðar og vildi umhverfisnefndin herða ákvæði frumvarpsins á meðan samgöngunefndin vildi slaka á kröfum þess. Niðurstaðan var að breyta tillögum framkvæmdastjórnarinnar þannig að heildarkvótar til úthlutunar yrðu 90% af meðallosun árána 2004-2006 í stað 100%. Þá yrðu 25% heimildanna boðin upp í stað allt að 10%. Frumvarpið með breytingum þingsins kom til umfjöllunar hjá ráðherraráði umhverfisráðherra 20. desember sl. Umhverfisráðherrar ESB fjölluðu um tillöguna á fundi skömmu fyrir jóla. Þeir náðu þeir samkomulagi um breyttar tillögur frá niðurstöðum Evrópuþingsins sem innihalda m.a. eftirfarandi breytingar:

- flug innan ESB sem og til og frá ESB falli undir kerfið frá árinu 2012
- losunarheimildir nemi samtals 100% af meðaltali viðmiðunaráranna 2004-2006.
- 3% af samtals heimilda til úthlutunar verði teknar til hliðar og ráðstafað til flugfélaga sem eru að koma inn á markaðinn og til lítilla flugfélaga í örum vexti sem nemur a.m.k.18% á milli ára.
- 10% heimilda verði boðnar upp og því beint til aðildarríkjanna að andvirðinu verði varið til aðgerða til að berjast gegn losun gróðurhúsalofttegunda auk þess að standa straum af rekstri kerfisins.
- Undanskilið ákvæðum kerfisins verði m.a.:
 - flug sem rekið er samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu verði undanskilið að því er varðar tiltekin svæði eða í þeim tilvikum þar sem árlegt sætaframboð er undir 30 þúsund sætum. Í samþykkt ráðherraráðsins er til afmörkunar stuðst við reglugerð ráðsins nr. 2408/92 sem fjallar m.a. um skyldu til opinberrar þjónustu og við 299(2) greinar sáttmála Evrópusambandsins sem tiltekur ákveðin svæði.
 - lestaðar flugvélar undir 5.700 kg.
 - flug s.s. í hernaðarskyni, vegna löggæslu, vegna leitar og björgunar, kennsluflug, prófunarflugs og flug með þjóðhöfðingja og ráðherra ríkisstjórna þriðja ríkis í opinberum erindagjörðum.
 - flug önnur en að framan getur allt að 243 flugum innan hvers ársþriðjungs (þetta á einkum við um flug frá þróunarríkjum ef tíðni er lág).

Íslensk stjórnvöld hafa lýst yfir áhyggjum sínum yfir mögulegum áhrifum frumvarpsins fyrir íslenska hagsmuni. Íslendingar hafa ekki aðra valkosti en flug til samskipta út fyrir Ísland ólíkt flestum öðrum þjóðum sem geta valið á milli járnbrauta, bifreiða eða jafnvel ferju.

Þessu hefur verið komið á framfæri við þann þingmann sem er skýrslugjafi (rapporteur) málsins í þinginu ásamt viðkomandi aðila í ráðherraráðinu. Þá hefur málið verið kynnt fyrir samgönguráðherrum Norðurlandanna ásamt hátt settum embættismönnum í sendinefndum Norðurlandanna og baltnesku ríkjanna auk þeirra sem sjá um samgöngu- og umhverfismál. Flestir hafa skilning á málstað Íslendinga en frumvarpið er á forræði umhverfisráðherra og umhverfsskrifstofu ESB.

Íslensk stjórnvöld horfa til tillögu þingsins um að tekið yrði tillit til sérstöðu ystu svæða bandalagsins sem hugsanlega leið til þess að mæta sjónarmiðum Íslands. Svo virðist sem að ofangreint ákvæði eftir umfjöllun ráðherraráðsins um undanþágu flugs sem rekið er samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu sé útfærsla á þessari tillögu þingsins. Það er nú útfært þannig að flug til þessara svæða er að fullu undanþegið svo framarlega að það sé rekið á grunni skyldu um opinbera þjónustu auk þess sem sett er þak við sætaframboð sem nemur 30.000 sætum eða ákveðinna svæða sem skilgreind eru í Rómarsamningnum. Það er því ljóst að þessi undanþága og útfærsla hennar sem umhverfisráðherrar samþykktu felur í sér að einvörðungu verður unnt að undanskilja afmarkaðar flugleiðir innanlands á grunni skyldu til opinberrar þjónustu hér á landi eða m.ö.o. áætlunarflug sem er styrkt af ríkinu s.s. til Gjögurs. Ekki verður séð að millilandaflug frá Íslandi falli að öðru leyti undir ofangreindar skilgreiningar og virðast umhverfisráðherrar vilja ganga skemur en þingið við að koma til móts við aðstæður ystu svæða bandalagsins.

Umhverfisráðherrar Möltu og Kypur lögðu fram breytingatillögu við tillögu formennskuríkisins um að tekið yrði tillit til séraðstæðna jaðarsvæða en henni var hafnað. Í staðinn var samþykkt málsgrein í endurskoðunarákvæði tillagnanna sem segir að framkvæmdastjórnin skuli skila skýrslu fyrir 1. júní 2015 þar sem m.a. fram komi mat á áhrifum kerfisins á flugsamgöngur við eyjar og jaðarsvæði sambandsins. Leggja þarf mat á hvort þessi málamiðlun komi að einhverju leyti til móts við sjónarmið íslenskra stjórnvalda. Leggja þarf mat á að hvað miklu leyti eða hvort þessi málamiðlun komi til móts við sjónarmið íslenskra stjórnvalda.

Nú er málið í þeim farvegi að þingið og ráðið vinna að því að komast að pólitísku samkomulagi um efni tilskipunarinnar og er stefnt að því að hún verði samþykkt á seinni hluta þessa árs í formennskutíð Frakka. Fram hefur komið frá þingmönnum að þeim þykir niðurstaða umhverfisráðherra of veikar er varðar meginatriði tillögunnar. Því er líklegt að takist samkomulag á milli þingsins og ráðsins þá verði ákvæði endanlegrar gerðar almennt harðari en umhverfisráðherrar leggja til.

Vefslóðir fyrir umhverfismál flugsamgangna:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/environment/index_en.htm

http://ec.europa.eu/environment/climat/aviation_en.htm

(<http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/07/st16/st16855.en07.pdf>)

SIGLINGAMÁL

Grænbók um málefni siglinga og sjávar

Skilað var umsögn til framkvæmdastjórnar ESB varðandi grænbók um málefni sjávar og siglinga (*Maritime Policy*) í júní sl. Umsögnin var unnin undir verkstjórn

utanríkisráðuneytisins og komu að henni þau ráðuneyti sem málið varðar þ.á.m. samgönguráðuneytið. Umsögn Íslands hlaut góðar viðtökur hjá framkvæmdastjórninni sem hefur vísað til hennar bæði á opinberum og óopinberum vettvangi. Í október sl. birti framkvæmdastjórnin sk. bláskjal (*blue paper*) þar sem línur voru lagðar um framhaldið. Í því er að finna margar tillögur og eru margar þeirra í samræmi við það sem lagt var til í umsögn íslenskra stjórnvalda.

Portúgalir buðu til ráðstefnu í október til þess að fjalla um tillögur framkvæmdastjórnarinnar og framhald málsins. Boð barst til íslenskra stjórnvalda og mætti Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra á ráðstefnuna. Hún vakti m.a. athygli á aukningu á umferð olíuskipa frá Barentshafi og hvatti til fjölþjóðlegs samstarfs um eftirlit og viðbrögð við mögulegum slysum sem gætu haft mjög alvarleg áhrif á viðkvæmt lífríki hafsins á norðurslóðum.

Unnið er að framhaldi málsins á vettvangi ESB en málið snýr að miklu leyti að vettvangi ýmissa alþjóðastofnana sem einstök ríki ESB eiga aðild að. Þá kemur það einnig að samvinnu héraða og einstakra ríkja sem eiga saman landamæri við strönd. Því vinnur ráðherraráðið að því að setja upp ráðgjafarnefnd háttsettra embættismanna til þess að verða því til ráðgjafar um stefnuna í málefnum hafsins. Á hinn bóginn mun framkvæmdastjórnin halda áfram að birta frumvörp að lögum og reglum á því sviði sem hún hefur til þessa starfað þ.á.m. á sviði siglinga. Lögð verður rík áhersla á að taka tillit til heildarmyndarinnar við slíka tillögugerð auk þess sem leitað verður hagkvæmni t.d. með því að samræma hin mörgu og ólíku vaktkerfi sem hafa verið sett upp af ýmsum ástæðum s.s. vöktun skipaumferðar, vöktun flutnings á hættulegum farmi, fiskveiðieftirlit, tolleftirlit og eftirlit vegna skipaverndar.

Framkvæmdastjórnin birti auk blábókarinnar nokkrar gerðir sem snúa að siglingum sem þátt í umfjöllun sinni um málefni sjávar og siglinga. Þessar gerðir eru helstar:

Orðsending um endurmat á regluverki fyrir fleiri og betri störf við siglingar í ESB.

Communication reassessing the regulatory framework for more and better seafaring jobs in the EU (COM(2007) 591)

Orðsending um stefnu í orkumálum og siglingum og betra samræmi þar á milli.

- Communication on energy policy and maritime policy: ensuring a better fit (SEC(2007) 1283)

Orðsending um stefnu í málefnum flutningahafna

Commission Communication on a European Ports policy (COM(2007) 616)

Vefslóð fyrir málefni grænbókarinnar:

<http://ec.europa.eu/maritimeaffairs>

Priðji siglingapakinn

Þriðji siglingamálapakinn var til áfram til meðferðar hjá ráðherraráðinu á tímabilinu. Það hafði komist að niðurstöðu varðandi þrjár gerðir af sjó í formennskutíð Þjóðverja en mikill ágreiningur er um þær sem eftir standa. Ráðherraráð samgönguráðherra tók tvær þeirra sem eftir standa til afgreiðslu á nóvemberfundinum sínum þ.e. frumvarp að reglugerð um ábyrgðartryggingu farþega og frumvarp að tilskipun um skoðunar-, og flokkunarfélög. Samkomulag tókst um gerðirnar að teknu tilliti til breytinga á þeim.

Frumvarp að reglugerð byggir á sk. Aðenusamþykkt IMO (Alþjóðasiglingamálastofnunin) og var ágreiningur um ákvæði frumvarpsins þess efnis að víkka gildissviðið frá samþykkt IMO til strandsiglinga og siglinga á ám og skipaskurðum. Í samkomulagi ráðsins er gert ráð fyrir að gildissviðið nái einungis til strandsiglinga sem fara lengra út en 20 mílur frá ströndinni. Umræður ráðsins varðandi frumvarp að tilskipun um skoðunarfélög snérust að mestu um formið. Ákveðið var að skipta tilskipuninni upp og setja þvingunarúrræði í frumvarp að reglugerð en halda öðrum ákvæðum eftir í frumvarpinu að tilskipun. Þetta fyrirkomulag þykir falla betur að lagavenjum sambandsins. Ráðið á enn eftir að fjalla um tvær gerðir siglingapakkans, þær sem mesti ágreiningurinn er um. Það kemur til kasta Slóvena að finna fleti á samkomulagi varðandi þær. Að því loknu fer pakkinn í heild sinni til annarrar umræðu þingsins.

FLUTNINGAMÁL

Skipulagning flutningakeðjunnar (Freight transport logistics)

Eins og vikið var að í síðustu skýrslu þá vinnur framkvæmdastjórnin að áætlun um að styrkja flutningakeðjuna og gera hana skilvirkari einkum með því að taka sjóflutninga inn sem hlekk í hana. Birtar voru nokkrar gerðir á haustmánuðum m.a. sem liður í umfjöllun um málefni sjávar og siglinga. Hér að neðan eru gefnar upp slóðir á þessar gerðir. Einnig leitar framkvæmdastjórnin eftir umsögn hagsmunaaðila og almennings um tiltekna þætti og hefur sett spurningalista á vefinn sem er aðgengilegt og einfalt að fylla út. Tveir spurningalistar liggja frammi á vefnum og eru slóðirnar á þá hér að neðan. Hægt er að skila inn umsögnum fram til 20. janúar nk.

- Samráð um hraðbraut siglinga
 - Consultation on motorways of the seas ([SEC\(2007\) 1367](#))
- Samráð um vídd sjóflutninga án þröskulda í þágu sterkari innri markaðar ESB fyrir sjóflutning.
 - Consultation on a maritime transport space without barriers reinforcing the internal market for intra-European maritime transport ([SEC\(2007\) 1351](#))
- Eftirfarandi er slóð á aðgerðaráætlun framkvæmdastjórnarinnar við að bæta flutningakeðjuna:
 - *Freight Transport Logistic action plan* ([COM\(2007\) 607](#))
- Orðsending varðandi fyrirætlanir í flutningamálum
 - *Communication on the EUs freight transport agenda*
 - *Boosting the efficiency, integration and sustainability of freight transport in Europe* ([COM\(2007\) 606](#))

Að lokum er hér slóð á forsíðu verkefnisins:

http://ec.europa.eu/transport/logistics/index_en.htm

VEGA- OG UMFERÐARMÁL

Grænbók um samgöngur í borgum

Framkvæmdastjórnin birti í september sl. Grænbók um borgarsamgöngur ásamt fylgiritum sem vikið var að í síðustu skýrslu. Markmiðið er að opna almenna umræðu um lykilatriði samgangna í borgum svo sem hvernig megi stuðla að auknum hreyfanleika, vistvænni

samgöngum í borgum, skilvirkari (smarter) samgöngum og samgöngum sem eru aðgengilegar, verndaðar og öruggar fyrir alla borgara. Í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar segir að hún virði sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga í þessu máli en vilji leggja sitt að mörkum til að finna hagkvæmar lausnir við þeim vanda sem við blasir

Grænbókin liggur frammi og er óskað eftir að hagsmunaaðilar og áhugasamir gefi umsögn um efni hennar.

Sjá: http://ec.europa.eu/transport/clean/green_paper_urban_transport/preparation_en.htm

Önnur umferðar- og vegamál

Þegar tilskipun um gjaldtöku af vegum var til umfjöllunar í Evrópuþinginu í maí á sl. ári fól þingið framkvæmdastjórninni að útbúa líkan fyrir mat á ytri kostnaði við samgöngur. Í samþykkt þingsins segir að framkvæmdastjórnin skuli fara yfir ytri kostnað sem stafar m.a. af hávaða, umferðahnútum og heilsutapi og leggja fram eigi síðar en 10. júní 2008 líkan sem nái utan um þessa þætti á heilstæðan og gangsaegan hátt og nýta megi við gjaldtöku af samgöngum í framtíðinni. Einnig skuli leggja fram áætlun um að taka upp í skrefum slíka gjaldtöku fyrir alla samgöngumáta. Framkvæmdastjórnin brást við þessu ákvæði með því að ráðast í gerð skýrslu um áhrif slíkrar gjaldtöku sem nú liggur frammi og rann umsagnarfræsturinn út í árslok 2007. Í framhaldi af því og með hliðsjón af innsendum athugasemdum er miðað við að ráðast í gerð sjálfs líkansins sem miðað er við að skila í júní sem áður sagði.

Eftirfarandi er slóð á umrædda skýrslu og eyðublað fyrir umsagnir:

http://ec.europa.eu/transport/white_paper/consultations/index_en.htm

FJARSKIPTAMÁL

Endurskoðun fjarskiptapakans

Þann 13. nóvember sl. birti framkvæmdastjórnin tillögur sínar í kjölfar endurskoðunar fjarskiptapakans. Eftirfarandi er slóð á tillögur framkvæmdastjórnarinnar og fylgiskjöl:

http://ec.europa.eu/information_society/newsroom/cf/itemdetail.cfm?item_id=3701

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar eru settar fram í 3 frumvörpum, þ.e. frumvarpi að tilskipun til breytinga á tilskipunum 2002/21/EC um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun), 2002/19 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) og nr. 2002/20 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun); frumvarpi að tilskipun um breytingu á tilskipun nr. 2002/22 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu); og í frumvarpi að reglugerð um nýja markaðseftirlitsstofnun framkvæmdastjórnarinnar.

Það er einnig niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar við endurskoðun fjarskiptapakans að ekki sé lengur sama þörfin á sértækum samkeppnisreglum og áður. Því fylgir með þessum pakka tillaga að tilmælum um skilgreinda markaði sem felur það í sér að þeim verði fækkað úr átján í sjö. Það er í samræmi við áform framkvæmdastjórnarinnar um að draga úr sértækum afskiptum á smásölumarkaði sem verða við það eingöngu viðfangsefni samkeppnisyfirvalda.

Í pakkanum er m.a. ákvæði sem ætlað er að styrkja vernd neytenda og öryggi persónuupplýsinga t.d. með því að tryggja aukið gagnsæi gjalda, auðvelda neytendum að

skipta um símafyrirtæki og kveða á um skyldu netþjónustu fyrirtækja um að upplýsa neytendur þegar öryggisvarnir hafa brugðist. Þá er tillögunum ætlað að styðja við stefnu framkvæmdastjórnarinnar um að tíðniúthlutanir verði án kvaða um hvað þjónustu eða tækni skuli nota. Þá eru ákvæði sem ætlað er að gæta höfundarréttar efnis í fjarskiptum betur.

Flestar tillögur frumvarpanna þykja til bóta en helst ríkir ágreiningur um tillögu að nýrri eftirlitsstofnun ESB á fjarskiptasviði. Sjónarmið framkvæmdastjórnarinnar eru að langt sé í land að markaðir aðildarríkjanna á fjarskiptasviði virki sem einn markaður. Það verði hlutverk stofnunarinnar að samræma framkvæmd og eftirfylgni reglna á sviði fjarskipta ásamt öðrum verkefnum svo sem að stuðla að öryggi neta. Miðað er við að stofnunin komi í stað ERG samtakanna og að fulltrúar allra eftirlitsstofnana aðildarríkjanna eigi sæti í stjórn stofnunarinnar og eru útgefin álit hennar háð samþykki stjórnar. Mörg aðildarríkja ESB sjá hins vegar ekki þörfina fyrir slíka stofnun og segja það markmið í sjálfu sér að leggja niður sérmarkaðsreglur á fjarskiptasviði í fyllingu tímans. Hægt sé að koma þessu fyrir á einfaldari hátt á meðan ríkjandi ástand varir.

Þá ríkir ágreiningur um tillögu framkvæmdastjórnarinnar um að veita fjarskiptaefirlitsstofnunum vald til þess að krefja fyrirtæki um fjárhagslega aðgreiningu (functional separation) sem bjóða hvorutveggja fjarskiptaþjónustu og ofanáliggjandi þjónustu s.s. net eða útvarpsþjónustu af einhverju tagi. Gamalgróin fjarskiptafyrirtæki eru þessu mótfallin og segja að muni draga úr fjárfestingu í greininni. Á hinn bóginn eru ný fyrirtæki þessu fylgjandi og telja að þetta muni bæta sinn hag.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar fara nú til meðferðar Evrópuþingsins og ráðsins og verður eflaust hart tekist á um þessi atriði og e.t.v. fleira sem lagt er til.

PÓSTMÁL

Í síðustu skýrslu var sagt frá niðurstöðu þingsins varðandi frumvarp að tilskipun um póstburð. Ráðherraráðið fjallaði um tilskipunina á fundi sínum í byrjun október. Niðurstaða ráðsins var í stórum dráttum samhljóða niðurstöðu Evrópuþingsins utan orðalagsbreytinga og ákvæðis um viðauka og aðstoð framkvæmdastjórnarinnar um að reikna grunnkostnað (net cost). Frumvarpið fer nú til annarrar umræðu þingsins og er reiknað með að það ljúki umfjöllun sinni í lok janúar. Geri þingið óverulegar breytingar á frumvarpinu gæti meðferð þess klárast og það samþykkt á fyrri hluta ársins 2008.

Slóð fyrir póstmál: http://ec.europa.eu/internal_market/post/index_en.htm

ALMENN SAMGÖNGUMÁL

Galileo

Í síðustu skýrslu var greint ýtarlega frá Galileo verkefninu sem kom mjög við sögu á seinni hluta ársins. Í stuttu máli náðist í ráðherraráðinu samkomulag um áframhald og fjármögnun verkefnisins. Í samkomulaginu var einnig ákveðið í hvaða ríkjum lykilrekstrarstöðvar kerfisins yrðu staðsettar. Í stað einkaframkvæmdar er nú ráðgert að fjármagna það að fullu úr sjóðum ESB. Miðað er við að skipta verkefninu í 6 hluta sem verða boðnir út og er Geimvísindastofnun Evrópu falið að halda utan um útboð kerfisins. Settar verða reglur um hvernig skuli standa að útboði m.a. ákvæði sem segir að sama fyrirtækjasamsteypan geti ekki

unnið að fleiri en tveimur hlutum verkefnisins. Þá verður lögstjóðanda skylt að ráða undirverktaka sem svarar vinnu við a.m.k. 40% viðkomandi verkhluta.

Slóð fyrir Galileo verkefnið: http://ec.europa.eu/dgs/energy_transport/galileo/index_en.htm

SJÁVARÚTVEGSMÁL

HELSTU STEFNUMÁL ESB Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS ÁRIÐ 2007

Viðskipti með aflaheimildir

Í febrúar gaf framkvæmdastjórnin út orðsendingu um fiskveiðistjórnunaraðferðir byggðar á úthlutuðum réttindum.³ (*Rights-Based Management (RBM) tools in fisheries*). Með þessari orðsendingu var ætlunin að skapa umræður um efnið. Viðskipti með fiskveiðiheimildir voru meðal annars rædd við endurskoðun fiskveiðistefnu Evrópusambandsins 2002 (CFP).

Markaður fyrir viðskipti með fiskveiðiheimildir er til í einu eða öðru formi í flestum aðildarríkjum ESB. Í sumum ríkjum er heimilt að selja eða leigja ákveðinn hluta daga eða aflamarks frá sér. Í öðrum ríkjum er nauðsynlegt að kaupa skip til að ná sér í meiri veiðiheimildir. Það er mjög mismunandi eftir aðildarríkjum hversu gagnsæ og opin kerfin eru. Jafnvel þó svo landsréttur mæli ekki fyrir um viðskipti með veiðiheimildir er slíkur markaður til í raun. Kostnaður við að öðlast veiðiheimildir er jafnan töluverður og hefur mikil áhrif á þróun sjávarútvegsins.

Framkvæmdastjórnin vill hvetja til meiri umræðu um viðskipti með aflaheimildir og vill finna leiðir til að auka gagnsæi og skapa lagalegan grundvöll fyrir þessi viðskipti. Það muni hafa jákvæð áhrif á atvinnugreinina í heild sinni.

Brottkast

Að sögn Joe Borg framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála ESB er löngu kominn tími til þess að sambandið marki nýja og skilvirka stefnu til að bregðast við brottkasti afla og megi í þeim eignum m.a. líta til Íslands, Kanada, Noregs og Nýja Sjálands til fyrirmyndar. Til að ýta úr vör umræðum um mögulegar leiðir í þessum eignum, sendi framkvæmdastjórnin frá sér orðsendingu⁴ í mars sl. auk þess sem sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar sóttu Ísland og Noreg heim til að kynna sér stefnu landanna í þessum málum.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um málið kemur fram að til þessa hafi fyrst og fremst verið leitast við að draga úr brottkasti innan ESB með því að líta til veiðarfæra. Hugmyndin núna er að setja í þrepum bann við brottkasti í öllum fiskveiðum og að setja reglur um leyfilegan meðafla. Með þessu móti mundi atvinnugreinin sjálf sjá sér hag í því að leita leiða til að ná þessum markmiðum og finna lausnir sem henta hverjum og einum. Ætlunin er að kynna hugsanlegar bindandi aðgerðir í byrjun árs 2008.

³ COM (2007) 73, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0073en01.pdf

⁴ COM (2007) 136, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0136en01.pdf

Stefna ESB í málefnum hafsins (Maritime Policy)

Stefnumörkun ESB í málefnum hafsins var hleypt úr vör með útgáfu grænbókar í júní 2006. Markmið ESB er að móta heildstæða stefnu í málefnum sjávar og siglinga í náinni samvinnu við hagsmunaaðila, sem sporni gegn minnkandi líffræðilegum fjölbreytileika sjávar vegna mengunar, loftslagsbreytinga og ofveiði og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins. Nálgun grænbókarinnar tekur mið af markmiðum Lissabon áætlunarinnar um að efla hagvöxt og skapa atvinnutækifæri en í sátt við ólík sjónarmið varðandi vernd og nýtingu sjávar. Stefnumótunin er yfirgripsmikil og fjallar um málefni hafsins á breiðum grunni og nær yfir málefni margra ráðuneyta sem á einhvern hátt hafa beinan eða óbeinan snertiflöt við hafið. Þannig er t.d. fjallað um umhverfismál, nýtingu auðlinda, siglingamál, ferðamál við ströndina, hafnamál, byggðamál strandbyggða, vernd fyrir ógnum og ólögumætum aðgerðum frá hafinu, vöktun siglinga og lífríkis, rannsóknir og þróun, þróun upplýsingakerfa, og fyrirtækjanet í tengdum iðnaði og þjónustu.

Opnu samráði um stefnumótunina um málefni hafsins lauk í júní sl. og sendi Ísland inn athugasemdir sem var vel tekið og hefur Joe Borg lýst yfir ánægju sinni með þátttöku Íslands í samráðsferlinu.

Þann 10. október gaf framkvæmdastjórnin út orðsendingu um samræmda stefnu ESB í málefnum hafsins, svonefnda blábók⁵. Jafnframt var gefin út aðgerðaáætlun⁶ og mat á áhrifum samræmdrar stefnu⁷. Í framhaldi af þessu var í lok október haldinn ráðherrafundur til að ræða tillögur um samræmda stefnumótun Evrópusambandsins í málefnum hafsins og sótti umhverfisráðherra fundinn. Á fundinum fagnaði Ísland áformum ESB um að herða aðgerðir í baráttu við sjóræningjaveiðar og sagði að gera þyrfti skipum sem stunduðu slíkar veiðar ómögulegt að selja afla sinn. Styrkja þyrfti lagalegan grunn fyrir aðgerðir gegn slíkum skipum á úthafinu, í þeim tilvikum þegar fánaríki sinntu ekki skyldum sínum við að taka á sjóræningjaveiðum. Ísland vildi einnig vinna með ESB innan alþjóðastofnana og svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana að því að auðkenna og vernda viðkvæm vistkerfi á úthafinu fyrir skaðlegum veiðum. Setja þyrfti alþjóðlegar reglur sem bönnuðu niðurgreiðslur í sjávarútvegi sem væru skaðlegar umhverfinu.

Ráðherraráðið staðfesti loks heildstæða stefnu sambandsins í málefnum hafsins á fundi sínum 17. desember sl.

Frekari upplýsingar um stefnu Evrópusambandsins í málefnum hafsins er að finna á síðunni: <http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/>

Ólöglegar fiskveiðar (Illegal, Unregulated or Unreported fisheries - IUU)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í október sl. fram tillögu að reglugerð⁸ og gaf út orðsendingu⁹ um aðgerðir sambandsins gegn ólöglegum fiskveiðum og voru hugmyndir framkvæmdastjórnarinnar kynntar og ræddar á ráðherra fundi í Lissabon í lok október, en sjávarútvegsráðherra sótti þann fund. Byggja hugmyndirnar á þeim aðgerðum sem þegar hafa verið samþykktar á ýmsum svæðisbundnum vettvangi og miða að því að nýta á breiðari

⁵ COM (2007) 575, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0575en01.pdf

⁶ SEC (2007) 1278, http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/ActionPaper/action_plan_en.pdf

⁷ SEC (2007) 1280, http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/summary/sec_2007_1280_en.pdf

⁸ COM (2007) 602, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0602en01.pdf

⁹ COM (2007) 601, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0601en01.pdf

grundvelli þau tæki sem þegar hafa skilað árangri sem sértækar aðgerðir. Þannig stendur m.a. til að beita víðar viðskiptaaðgerðum sem undanfarin ár hefur verið beint að ríkjum sem ekki hafa uppfyllt skyldur sínar sem fánaríki í túnfiskveiðum. Áhersla er lögð á að hindra að afurðir ólöglegra veiða komist á markaði innan ESB, án þess að hafa neikvæð áhrif á verslun með löglegar afurðir.

Umtalsverður árangur hefur náðst í Norður-Atlantshafi. Samstarf þjóðanna þar, bæði sín á milli og við fjarlægari þjóðir, hefur m.a. orðið til þess að í ár hafa engin ólögleg skip stundað karfaveiðar á Reykjaneshrygg. Er það í fyrsta skipti í fjölda ára sem engin slík skip taka þátt í karfaveiðunum. Innan Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) hefur verið unnið mikið starf, sérstaklega varðandi samstarf um eftirlit á hafi, bann við því að skip sem staðfest er að hafi stundað eða stutt við ólöglegar veiðar komi til hafna í aðildarríkjunum og aukið eftirlit með löndun frystra afurða úr erlendum skipum.

Vernd viðkvæmra hafsvæða

Framkvæmdastjórnin gaf út orðsendingu¹⁰ þann 17. október sl. um tillögur til að bregðast við veiðiaðferðum á úthafinu sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið og vernd viðkvæmra vistkerfa hafsins. Jafnframt kynnti framkvæmdastjórnin drög að reglugerð¹¹ sama efnis. Í meginráttum fela þessar tillögur í sér að Evrópusambandið mun vinna að vernd viðkvæmra vistkerfa hafsins, innan viðeigandi fiskveiðistjórnunarstofnunar. Megináhersla er lögð á að auðkenna svæðin og banna notkun botnveiðafæra á þeim svæðum. Þá er einnig lagt til að skipum Evrópusambandsins verði óheimilt að stunda fiskveiðar á svæðum sem liggja utan svæða sem stjórnað er af svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum án þess að hafa fengið til þess sérstakt leyfi sem er svæðisbundið og jafnframt verður þeim óheimilt að stunda veiðar með botnveiðafærum á meira dýpi en 1000m. Með þessum tillögum sínum er framkvæmdastjórn ESB að halda áfram á sömu braut og mörkuð var á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna með ályktun nr. 61/105, 8. desember 2006¹²

Rammatilskipun um umhverfisstefnu hafsins (Marine Strategy directive)

Rammatilskipunin er niðurstaða vinnu sem verið hefur í gangi allt frá árinu 2002 og var loks samþykkt í þinginu 11. desember 2007¹³ Þessi tilskipun varðar umhverfismál hafsins og er í raun umhverfishluti stefnu ESB í málefnum hafsins sem rætt var um hér að framan. Markmið stefnunnar er að ná góðum árangri í vernd hafsvæða ESB fyrir árið 2021 og að vernda þær auðlindir sem haftengdar atvinnugreinar byggja á.

TVÍHLIÐA SAMSKIPTI ÍSLANDS OG ESB Á ÁRINU 2007

Fundur háttsettra embættismanna ESB og Íslands um sjávarútvegsmál.

Framkvæmdastjóri aðalskrifstofu Evrópusambandsins á sviði sjávarútvegsmála, hr. Fokion Fotiatis hitti fulltrúa sjávarútvegsráðuneytis og utanríkisráðuneytis á fundi í Reykjavík í september og var þar rætt samstarf Evrópusambandsins og Íslands á sviði sjávarútvegsmála.

¹⁰ COM (2007) 604, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0604en01.pdf

¹¹ COM (2007) 605, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0605en01.pdf

¹² UNGA Resolution 61/105,

<http://daccessdds.un.org/doc/UNDOC/GEN/N06/500/73/PDF/N0650073.pdf?OpenElement>

¹³ <http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?Type=TA&Reference=P6-TA-2007-0595&language=EN#BKMD-19>

Fulltrúar ESB vildu kynna sér fiskveiðistjórnunarkerfi þeirra ríkja sem hafa náð góðum árangri í stjórnun auðlindarinnar og sýndu þeir íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu mikinn áhuga. Sérstaka athygli vakti gott eftirlitskerfi á Íslandi, en eftirlit með fiskveiðum hefur verið vandamál hjá ýmsum Evrópuþjóðum. Menn voru sammála um að góð samvinna í baráttunni við sjóræningjaveiðar hafi borið árangur og töldu rétt að halda þeirri samvinnu áfram. Þá var rætt um tvíhliða fiskveiðisamning ESB við Ísland frá árinu 1993. ESB lýsti ánægju sinni með samninginn, sem kveður á um gagnkvæm skipti á aflaheimildum. Ísland ræddi einnig tollamál og þá grundvallarafstöðu Íslands að afnema skuli alla tolla á fiski

Tvíhliða samningur Íslands og ESB um fiskveiðar.

Tæknilegur fundur var haldinn á Íslandi í september um framkvæmd tvíhliða samnings aðilanna um fiskveiðar og lífríki hafsins. Á fundinum var einkum rætt um þann mikla meðafla í þorski sem hefur verið í karfaveiðum skipa ESB og hvaða leiðir unnt væri að fara til að minnka meðaflann, en skip ESB hafa ekkert aflamark í þorski. Ákveðið var að breyta fyrirkomulagi við tilkynningar þegar svæðum væri lokað. Aðilar töldu jafnframt rétt að velta á milli sín hugmyndum um lausn á meðaflavandamálinu í tæka tíð fyrir næstu viðræður um framkvæmd samningsins.

Venju samkvæmt ættu næstu tvíhliða viðræður um framkvæmd samningsins á árinu 2008 að eiga sér stað í lok árs 2007, en þær eru nú fyrirhugaðar í byrjun árs 2008. Loðnuleit við Ísland hefur ekki borið árangur ennþá og því var talið rétt að fresta viðræðunum þar til í byrjun árs 2008.

UMHVERFI SMÁL

INSPIRE – Tilskipun 2007/2/EB um stofnun innra skipulags um staðbundnar upplýsingar í Evrópu.

Fram kemur í aðfararorðum tilskipunarinnar að til að unnt sé að setja fram og framkvæma umhverfisstefnu Evrópusambandsins þurfi landfræðilegar upplýsingar að vera fyrir hendi. Því hefur Evrópusambandið meðal annars unnið að því nokkur undanfarin ár að móta stefnu og gera tillögu að löggjöf um innra skipulag landupplýsinga í allri Evrópu. Þingið og ráðið samþykktu í janúar 2007 nýja tilskipun um stofnun innra skipulags fyrir staðbundnar upplýsingar í Evrópu- INSPIRE (*Infrastructure for Spatial Information in Europe*). Tilskipunin byggir á hinum ýmsu gögnum og upplýsingakerfum sem til eru hjá aðildarríkjunum og að þessi gögn geti unnið betur saman en hvert fyrir sig og myndað hluta af innra skipulagi (*infrastructure*) fyrir landfræðilegar upplýsingar í Evrópusambandinu.

Lykilmarkmið INSPIRE er að frekari og betri landfræðilegar upplýsingar verði aðgengilegar og beinist áhersla aðallega að upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi til að fylgjast með og bæta ástand umhverfisins, og eru þar með taldir þættir vatns, jarðvegs og náttúrulegs landslags. INSPIRE er ekki ætlað að tryggja að fram fari öflun nýrra gagna en þess í stað er tilskipuninni ætlað að nýta sem best tækifæri til að nota gögn sem þegar eru fyrir hendi með því að láta skrá þau, taka í notkun þjónustu sem stefnir að því að gera staðbundin gögn aðgengilegri og gagnvirkari fyrir fleiri aðila og með því að fást við hindranir sem koma í veg fyrir að staðbundin gögn séu nýtt.

Í umhverfisráðuneytinu er nú til athugunar hvort efni tilskipunarinnar fellur að öllu leyti eða að hluta undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Enn fremur er til athugunar hvort og þá að hvaða leyti innleiðing tilskipunarinnar myndi kalla á breytingar á íslenskum lögum og hvaða kostnað það myndi hafa í för með sér. Þau gögn sem INSPIRE nær til, falla undir svið nokkurra ráðuneyta og því hafa þau verið send til umsagnar annarra ráðuneyta, bæði til að unnt sé að greina hvort tilskipunin fellur að öllu leyti undir EES-samninginn og einnig hvort gera þarf breytingar á lögum ef tilskipunin verður innleidd. Þá hefur gerðin einnig verið send Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar. Ennfremur þarf að greina þann kostnað sem innleiðingin hefur í för með sér.

Þær breytinga sem hugsanlega þarf að færa í lög eru að stofnanir sem hafa yfir að ráða landfræðilegum gögnum sem falla undir tilskipunina geri þau með skipulegum og stöðluðum hætti aðgengileg almennungi án tæknilegra eða pólitískra hindrana. Þær stofnanir sem hugsanlega þarf að breyta lögum um eru eftirtaldar (greining LMÍ):

1. Landmælingar Íslands (samræming og innleiðing tilskipunar og vegna grunngagna um mælingar, grunnkort og lýsigögn)
2. Umhverfisstofnun (vegna gagna um vöktun umhverfis og heilbrigðiseftirlits)
3. Náttúrufræðistofnun Íslands (vegna lykilgagna um náttúru Íslands)
4. Skipulagsstofnun ríkisins (vegna skipulagsgagna)
5. Fasteignamat ríkisins (vegna gagna um fasteignir, lóðir og lönd)
6. Veðurstofa Íslands (gögn um veðurfar og náttúruvá)
7. Landlæknisembættið (gögn um heilbrigðismál og farsóttir)
8. Orkustofnun (gögn um vatnafar, jökla og orkumál)
9. Landhelgisgæsla Íslands (sjómælingar og sjókort)
10. Vegagerð ríkisins (samgöngumál)
11. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri (gögn um gróðurfar og landbúnað)
12. Skógrækt ríkisins (gögn um kjarr og skóga á Íslandi)
13. Landgræðsla ríkisins (gögn um uppblástur og uppgræðslu)
14. Flugmálstjórn (upplýsingar um flugöryggi og flugvelli)

Framangreindur listi er ekki tæmandi og hugsanlega er það lagatæknilegt mál hvernig framangreindum ákvæðum um miðlun og aðgengi að landfræðilegum gögnum er komið inn í lög.

Skoda þarf hvort setja beri sérstök lög um INSPIRE eða hvort hentugra sé að breyta lögum um landmælingar og grunnkortagerð og upplýsingalögum þar sem tekið yrði á aðgengi almennings að opinberum upplýsingum (hér landfræðilegum upplýsingum)

Umhverfisábyrgð - tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð

Markmið tilskipunarinnar er að kveða á um ramma umhverfisábyrgðar á grunni greiðslureglunnar (mengunarbótareglunnar) til að koma í veg fyrir og bæta fyrir tjón á umhverfinu. Ákvæði tilskipunarinnar varða mengunartjón frá starfsemi sem verður frá fyrirtækjum sem skilgreind eru á viðauka við tilskipunina.

Tilskipuninni er ætlað að færa ábyrgð á umhverfistjónum til mengunarvalds og gera honum skylt að greiða slíkt tjón. Tilskipuninni er einnig ætlað að vera fyrirbyggjandi þar sem hún muni ýta enn frekar á fyrirtæki að bæta mengunarvarnir. Mengunarvaldi ber einungis að

greiða fyrir tjón sem verður á umhverfinu en ekki á eignum eða lífi og limum. Tilskipunin tekur til tjóns á landi, vatni og líffræðilegum fjölbreytileika.

EFTA löndin óskuðu eftir aðlögun að tilskipuninni á þeim grunni að hluti tilskipunarinnar falli ekki undir EES-samninginn þ.e. sá þáttur hennar er varðar líffræðilegan fjölbreytileika. Var það afstaða EFTA ríkjanna að svipuð aðlögun gæti átt við og varðandi vatnatilskipun ESB.

Nýlega hefur komið fram á fundi, sú afstaða framkvæmdastjórnarinnar að tilskipunin falli ekki undir samninginn. Gert er ráð fyrir að sú afstaða verð rædd á fundi framkvæmdastjórnarinnar og EFTA í byrjun árs 2008.

Gerðin kallar á lagabreytingu og þarf að setja ný lög um umhverfisábyrgð. Gert er ráð fyrir að vinna frumvarp í nefnd hagsmunaaðila. Ljóst er að umtalsverður kostnaður fylgir innleiðingu gerðarinnar, m.a. þurfa fyrirtæki að kaupa fram tryggingar.

RYK - Þaktilskipun

Núverandi þaktilskipun er byggð á Gautaborgarbókun LRTAP samnings UN-ECE (mengun sem berst loftleiðis milli landa). Hún setur þak á losun landa fyrir nokkra efnaflokk. Þeir eru SO₂, NO_x, VOC, og NH₃. Af þessum tengjast allir nema VOC (rokgjörn lífræn efni) súrri ákomu. VOC og NO_x tengjast ósonmengun við yfirborð jarðar. Samkvæmt núverandi tilskipun er ekkert þak fyrir Ísland þar eð Ísland er ekki aðili að Gautaborgarbókun LRTAP samningsins. Ísland útbjó greinargerð þar sem sýnt er fram á að súr ákoma og þá sérstaklega SO₂ (brennisteinn) er ekki vandamál hérlendis og því þyrfti ekki að setja inn mörk fyrir Ísland jafnvel þó að tilskipunin væri tekin upp í samninginn. Í greinargerðinni er ekkert fjallað um ósonmálin. Í stefnumörkun kemur fram að tveir þættir vega langþyngst þegar metin er áhætta af loftmengun í Evrópu. Þeir eru fínt svifryk (PM_{2,5}) og mengun tengd ósoni og NO_x. Með hliðsjón að þessu þarf að huga að öllum leiðum til að draga úr losun þessara efnaflokk. Endurskoðun þaktilskipunarinnar er unninn í því ljósi.

Varðandi fínt ryk þá er talið að allt fínt ryk sé slæmt og ekki hægt að setja neitt þröskuldsgildi fyrir rykið. Það þarf því að minnka alls staðar og Ísland þarf því að setja sér mörk um það eins og önnur lönd. Fínt ryk kemst í andrúmsloftið á tvennan hátt. Annars vegar með beinni losun ryks og hins vegar myndast ryk í andrúmslofti úr gastegundum. Ryk sem þannig háttar til myndast meðal annars úr SO₂, NO_x, og NH₃. Nú er talið að draga þurfi frekar úr losun þessara efna ekki aðeins út af súrri ákomu heldur einnig til að minnka rykmengun og vernda heilsu fólks. Því getur verið erfitt fyrir Ísland að halda því fram að það þurfi ekki að setja mörk fyrir Ísland við endurskoðun þaktilskipunarinnar og Gautaborgarbókunar LRTAP samnings UN-ECE. Ísland þarf því að fara að vinna að því að setja sér ramma um losun þessara efna (SO₂, NO_x, VOC, og NH₃, auk svifryks) út í andrúmsloft og vera undirbúið til umræðu um þessi atriði þegar þau koma upp og jafnframt tilgreint hvort og þá hvaða mörk eigi að setja fyrir Ísland.

Hlutfall milli PM_{2,5} og PM₁₀ hér á Íslandi er þekkt. Spurning er hvort að uppruni og samsetnings ryks hér á Íslandi sé svipað og erlendis og hvort eðlilegt sé að nota sömu mörk (sama þak) og í Evrópu. Ísland þarf að fara í að skoða samsetningu á fínu ryki. Einnig þarf að skoða hvað fyrirbyggjandi gögn geta sagt til um núverandi ástand.

Þar sem hér er fyrst og fremst um heilsufarsvandamál að ræða þarf að hafa samráð við heilbrigðisyfirvöld um málið.

Endurskoðun svokallaðrar þaktilskipunar stendur nú yfir með hliðsjón af stefnumörkun ESB um loftgæði. Lögð er nú áhersla á áhrif loftgæða á heilsu almenning og þá sérstaklega m.t.t. fins ryks (PM_{2,5}). Málið er því í ríkari mæli orðið heilbrigðismál en umhverfismál enda veldur ryk sem þetta hvorki gróðurhúsaáhrifum né eyðir ósonlaginu. Endurskoðun tilskipunarinnar beinist því að því að skoða þak á losun loftmengandi efna út frá myndun fins ryks í andrúmslofti auk beinnar losunar á finu ryki. Þá er einnig verið að skoða að taka inn í tilskipunina losun á metangasi. Tillaga Framkvæmdastjórnarinnar að endurskoðaðri tilskipun átti að liggja fyrir sl. sumar en er ekki komin fram ennþá.

Ljóst er að breyta þarf reglugerðum á Íslandi til að innleiða gerðina og mun hún hafa verulegan kostnað í för með sér, m.a. hvað varðar mælingar og vöktun.

Endurskoðun reglugerðar (EC) No 2037/2000 um ósoneyðandi efni.

Á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er unnið að endurskoðun reglugerðar (EC) No 2037/2000, um ósoneyðandi efni (*substances that deplete the ozone layer*). Unnið er að verkefninu út frá Montrealbókuninni frá 1988, um verndun ósonlagsins, og því ferli sem siglt hefur í kjölfarið hjá UNEP en verulegra breytinga er að vænta varðandi útfösun ósoneyðandi efna s.s. styttingu á tímafrestum.

Um er að ræða viðamikið verkefni og var ráðið til þess sérfræðifyrirtæki "Milieu" og er verið að leggja lokahönd á tillögur um breytingar á reglugerðinni sem stendur. Í þessu tilviki er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvaða reglugerðir ESB tengjast málinu beint eða óbeint. Þar má nefna reglugerð 842/2006/EC um flúorgróðurhúsalofttegundir, en þær hafa hvort tveggja í senn áhrif á ósonlagið og valda gróðurhúsaáhrifum. Einnig tengist málið nýrri tilskipun um efni og efnavörur (REACH) og Efnastofnun Evrópu, sem verður væntanlega tekinn inn í EES samninginn á næstunni og í framhaldi af því leidd í lög á Íslandi á yfirstandandi þingi.

Reglugerðir um úrgang og umbúðir koma og hér til umfjöllunar en ekki er að fullu ljóst hvaða reglugerðir snerta þessi mál með óbeinum hætti. Fram hefur komið að notuð eru mismunandi orð og hugtök um sömu hlutina í einstökum reglugerðum, s.s. um hvað telst vera markaðssetning, hvað teljast vörur og tæki. Einnig er ekki alveg ljóst hvenær þessi efni teljast úrgangur og hvenær um endurnotkun er að ræða. Einnig þarf að kveða skýrt á um að með útfösun sé ekki aðeins átt við að notkun sé hætt heldur og framleiðslu. Setja þarf reglur um hvenær hafna beri útflutningi til ríkja þar sem engar reglur gilda á þessum vettvangi. Nauðsynlegt er að setja skýrari og markvissari reglur um eftirlit og viðurlög og samræma þau sem mest reglum Citessamningsins um dýr í útrýmingarhættu, sbr. lög nr.85/2000, um alþjóðlega verslun með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu. Þá er og nauðsynlegt að krefjast merkinga á slíkum efnum og hefur OECD þegar lagt til við aðildaríki innan þess að það verði gert. Hvað varðar úrvinnslu (endurnotkun, endurnýtingu og eyðingu) þarf að samræma reglurnar REACH tilskipuninni og það sama á við um þjálfun starfsmanna og upplýsingaskyldu. Skiptar skoðanir eru um það hvort á þessum vettvangi sé æskilegt að koma á framleiðendaábyrgð í úrvinnsluferlinu eins og er almennt stefna Evrópusambandsins. Ekki eru um það deilt að endurnotkun eigi að vera forgangsmál og þar eigi ekki að setja nein hlutfallsleg markmið.

Engin skilgreining er til á því í reglum Evrópusambandsins hvað átt sé við með "ósoneyðandi efnum" (*ozone depleted substances*) og úr því þarf að bæta og líta til REACH í því sambandi. Nauðsynlegt er að hægt verði að grípa til aðgerða þegar út af er brugðið, s.s. með upptöku efna, en það er algjörlega undir því komið að innflutningsríki krefjist aðflutningsvottorða. Einnig þarf að auðvelda skýrslugjöf og fækka skýrsluformum verulega. Kveða þarf á um viðurlög þegar fyrirtæki sinna ekki skýrsluskilum. Þá er vöktun og upplýsingagjöf til almennings mikilvæg.

Ætlunin er við endurskoðun reglugerðarinnar að taka á ofangreindum þáttum og er stefnt að því að Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leggi fram tillögur að breyttri reglugerð ásamt mati á áhrifum á löggjöf og kostnað næsta sumar og að ráðið og þingið afgreiði málið fyrir næstu áramót. Ný reglugerð mundi, ef það gengur eftir, öðlast gildi 1. janúar 2010. Íslensk stjórnvöld hafa fylgst með málinu m.a. með því að sækja fundi í sérstakri endurskoðunarnefnd og munu strax og tillögur framkvæmdstjórnarinnar liggja fyrir meta áhrif þeirra á íslenskan rétt og kostnað við breytingarnar. Einnig er hafið samráð við atvinnulífið vegna hagsmuna þess s.s. vegna hraðari útfösunar tiltekinna efna en kveðið er á um í gildandi reglum.

Áherslur slóvensku formennskunnar í umhverfismálum

Slóvenía mun leggja áherslu á tvö meginverkefni en landið fer með formennsku í Evrópusambandinu á fyrri helming ársins 2008; annars vegar loftslagsbreytingar (*climate change*) og hins vegar líffræðilega fjölbreytni (*biodiversity*).

Loftslagsbreytingar:

- Eftirfylgni Baliráðstefnunnar í des. 2007 (post Kyoto)
- Loftslags- og orkupakkinn (*Climate and Energy Package*) m.a. vegna flutninga á sjó (ETS - shipping)
- Bioeldsneyti, önnur kynslóð, tengt umhverfistækni (*envoronmental technic*)
- Viðskipti með gróðurhúsalofttegundir (ETS)
- Endurnýjanleg orka (*Renewables*)
- Varðveisla og geymsla CO₂ (*Capture and Storage of CO₂*)
- CO₂ frá bifreiðum og flutningabílum.
- Skipting byrðarinnar (*Burden Sharing*)

Líffræðileg fjölbreytni:

- Undirbúningur fundar (Cop 9) í Bonn í maí í tengslum við Samning SP um líffræðilegan fjölbreytileika frá Rio 1992 þar sem sérstaklega verður lögð áhersla á varðveislu vistkerfisins m.a. í hafinu.

Eftirfylgni mála sem eru í farvegi:

- Gæði eldsneytis - skilgreiningar á sjálfbærni vantar í tilskipunina.
- Tilskipun um verndun jarðvegs.
- Viðskipti með gróðurhúsalofttegundir og flugið.
- Tilskipun um úrgang.
- Tilskipun um kvikasilfur (mercury).
- Tilskipun um forgangslista yfir efni í vatni.